


Bliki

TÍMARIT UM FUGLA

26

FEBRÚAR 2005





Bliki er gefinn út af Náttúrufræðistofnun Íslands í samvinnu við Flækingsfuglanefnd, Fuglavernd, Líf-fræðistofnun háskólans og áhugamenn um fugla. Birtar eru greinar og skýrslur um íslenska fugla ásamt smærri pistlum um ýmislegt sem að fuglum lýtur.

Ritnefnd: Guðmundur A. Guðmundsson (ritstjóri), Arnþór Garðarsson, Daníel Bergmann, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson og Kristinn H. Skarphéðinsson.

Afgreiðsla: Náttúrufræðistofnun Íslands, Hlemmi 3, pósthólf 5320, 125 Reykjavík. – Sími: 590 0500. – Bréfasími: 590 0595. – Netfang: bliki@ni.is.

Áskrift: Ritið kemur út a.m.k. einu sinni á ári. Þeir sem þess óska geta látið skrá sig á útsendingarlista og fá þá ritið við útgáfu. Hvert hefti er verðlagt sérstaklega og innheimt með gíróseðli (reikningur í Íslandsbanka nr. 0517-14-600367, kt. 480269-5869). Hægt er að leggja greiðslu beint inn á ofangreindan reikning, en gæta verður þess að nafn áskrifanda, kennitala og númer heftis komi fram.

Greinar, sem óskast birtar, skulu sendar ritstjóra *Bliki* á Náttúrufræðistofnun. Höfundar fá 25 sérprent af greinum sínum endurgjaldslaut.

Veffang: <http://ni.is/bliki.htm>

© 2005 Bliki – ISSN 0256-4181

Ábyrgðarmaður: Guðmundur A. Guðmundsson.
Umbrot: Gunnlaugur Pétursson / Bliki
Litgreining: Daníel Bergmann / Bliki
Prentun og bókband: Prentsmiðjan Gutenberg

Forsíðumynd – Front cover:
Tildra *Arenaria interpres* á Álfthanasi.
Maí 2004.
Ljós. Daníel Bergmann.

Bliki is published by the Icelandic Institute of Natural History in cooperation with the Icelandic Rarities Committee, BirdLife-Iceland, the Institute of Biology (University of Iceland), and birdwatchers. The primary aim is to act as a forum for previously unpublished material on Icelandic birds, in the form of longer or shorter papers and reports. The main text is in Icelandic, but summaries and figure- and table texts in English are provided, except for some shorter notes.

Editorial board: Guðmundur A. Guðmundsson (editor), Arnþór Garðarsson, Daníel Bergmann, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson and Kristinn H. Skarphéðinsson.

Circulation: Icelandic Institute of Natural History, PO Box 5320, IS-125 Reykjavík, Iceland. – Phone: +354-590 0500. – Fax: +354-590 0595. – E-mail: bliki@ni.is.

Subscription: *Bliki* appears at least once each year. Each issue is priced and charged for separately, hence there is no annual subscription. Those wishing to receive future issues of the magazine, will be put on the mailing list. Payment is by an invoice for each issue, payable by international money transfer to account: IBAN IS62 0517 1460 0367 4802 6958 69, SWIFT (BIC): ISBAISRE. Please state your name and the issue number, as well as our address: Bliki, PO Box 5320, IS-125 Reykjavík, Iceland. Offers of exchange of bird journals, will be considered.

Articles and contributions should be sent to the editor. Authors of major articles receive 25 reprints, free of charge.

Note to foreign readers: The Icelandic letters Ðð, Þþ, Ææ, Öö and vowels with an acute accent (Áá, Éé, Íí, Óó, Úú, Ýý) are used in all Icelandic and foreign texts. In the reference lists "HEIMILDIR" Icelandic authors are listed by their Christian name, as is customary in Iceland.

Mynd innan á kápu – Photo inside back cover:
Heiðagæsir *Anser brachyrhynchus* í Þjórsárverum.
Júní 2004.
Ljós. Daníel Bergmann.

Varpstaðaval álfra

Hreiðurstæði álfra Cygnus cygnus voru borin saman við punkta sem valdir voru af handahófi. Álfarhreiður voru að jafnaði neðar í landinu, nær öðrum álfarhreiðrum, nær stöðuvötnum, fjær mannabústöðum og umhverfis þau voru færri framræsluskurðir en kringum punkta sem valdir voru af handahófi. Flokkunarlíkan flokkaði um 90% allra punkta rétt í báðum flokkum sem sýnir að hreiðurstæðaval álfra er skýrt og afmarkað frá því sem búast mætti við fyrir tilviljun.

Inngangur

Varpstaðaval fugla er málamiðlun. Best er ef hreiður og álegufugl eru örugg fyrir afræningjum, næg fæða er nærri og nærviðri (míkróklíma) við hreiður er hentugt (t.d. Forstmeier & Weiss 2004). Slíkur hreiðurstæður er sjaldan aðgengilegur og því þurfa fuglar að vega og meta kostnað og ávinning sem felst í að verpa á mismunandi stöðum. Jafnvægi slíkrar málamiðlunar er mismunandi eftir hópum fugla. Stórvaxnir fuglar gera aðrar kröfur en litlir fuglar og lífsferilsþættir, eins og hvort ungar eru hreiðurkærir eða hreiðurfælnir skipta máli. Stórvaxnir fuglar eiga t.d. erfitt með að fela sig og

hreiðrið vel og því getur skipt meira máli fyrir þá að verpa á óaðgengilegum stöðum t.d. utarlega á greinum stórra trjáa (t.d. hegrar) eða úti í eyjum (t.d. haförn *Haliaeetus albicilla*). Flug er kostnaðarsamt fyrir fugla og því getur verið nauðsynlegt að finna hreiðrinu stað nálægt fæðulindum ef ungar eru hreiðurkærir. Ef ungar eru hins vegar hreiðurfælnir er enn nauðsynlegra að verpa nærri fæðunni því að ungarnir þurfa að geta gengið í hana sjálfir á þeim tíma sem tekur þá að klára þann litla forða sem þeir höfðu með úr egginu. Smærri fuglar eru í meiri hættu af afráni, bæði á innihaldi



1. mynd. Álfapar með unga á Suðurlandi. – Daníel Bergmann.

1. tafla. Samanburður á staðsetningum álfarhreiðra (n=34) og slembihreiðra (n=36). Vegalengdir mældar í km í beina loftlínu. Taflan sýnir meðaltöl $\pm$ staðalskekkju og niðurstöður t-prófa. – *Comparison of positions of Whooper Swan nests (n=34) and random points (n=36). Distances are measured in a straight line in km. The table shows means ($\pm$ SE) and results of t-tests.*

	Hreiður Nests	Slembihreiður Random points	t	p
Fjarlægð í næsta álfarhreiður				
– Distance to nearest swan nest	1,3 $\pm$ 0,16	2,0 $\pm$ 0.18	-2,67	0,01
Fjarlægð í straumvatn				
– Distance to running water	1,0 $\pm$ 0,19	1,3 $\pm$ 0.20	-1,13	0,26
Fjarlægð í stöðuvatn				
– Distance to still water	0,3 $\pm$ 0,09	1,2 $\pm$ 0.11	-6,00	< 0,001
Fjarlægð í mannabústað				
– Distance to human settlement	1,3 $\pm$ 0,08	0,9 $\pm$ 0.08	3,15	< 0,001
Hæð (m y.s.)				
– Altitude (m a.s.l.)	77,5 $\pm$ 7,73	84,3 $\pm$ 3.47	-0,82	0,42
Fjöldi framræsluskurða innan 500 m				
– No. of drainage ditches within 500 m	1,0 $\pm$ 0,18	2,4 $\pm$ 0.08	-3,88	< 0,001

hreiðursins og álegufugli. Sér í lagi á þetta við um fugla sem verpa á jörðinni en hjá slíkum fuglum (t.d. flestum vaðfuglum og öndum) er hreiðrið oftast vel falið í gróðurtoppi og oft minni gróður í nánasta umhverfi (t.d. Campbell o.fl. 2002, Whittingham o.fl. 2002, Durham & Afton 2003). Þetta er talið vera málamiðlun milli þess að fela hreiður og að álegufugl hafi yfirsýn svo hann geti forðað sér í tíma ef hætta steðjar að. Afránshætta er einnig talin meginorsök þess að vaðfuglar forðast yfirleitt að verpa í halla (Whittingham o.fl. 2002).

Rannsóknir á hreiðurstæðavali fugla hafa nokkuð hagnýtt gildi. Landnotkun fugla í tíma og rúmi er breytileg og því getur verið erfitt að átta sig á mikilvægi búsvæða fyrir ákveðnar tegundir en slíkar upplýsingar eru nauðsynlegar fyrir árangursríka stofnvernd. Hreiðurstæði eru fastir punktar sem tengjast ákveðnum og mikilvægum þætti í lífi fugla, nefnilega ungaframleiðslunni sem ásamt dánartíðni ræður stofnstærð. Hreiðurstæði eru því mikilvæg sem slík og staðsetning þeirra er háð mikilvægum þáttum eins og fæðuframboði fyrir unga og fullorðna meðan á varptímanum stendur.

Í þessari athugun var hreiðurstæðavali álfra (1. mynd) í uppsveitum Árnassýslu kannað. Staðsetningar álfarhreiðra (Tómas G. Gunnarsson 2003) voru bornar saman við punkta sem valdir voru af handahófi til að skoða

hvort mynstur væri í því hvar álfir velja hreiðrum sínum stað.

Aðferðir

Við rannsóknir á varpvistfræði álfra í uppsveitum Árnassýslu 1996 voru öll álfarhreiður (n=34) á 300 km² athugunarsvæði fundin og kortlögð (sjá nánar í Tómas G. Gunnarsson 2003 ásamt svæðislýsingu). Til að kanna varpstaðavali álfra voru hreiðurstæðir bornir saman við punkta sem valdir voru á tilviljanakenndan hátt (slembitölur), hér eftir kallaðir slembihreiður (n=36). Ef álfir taka ákveðnar staðsetningar hreiðra fram yfir aðrar má búast við að munur á staðsetningum álfarhreiðra og slembihreiðra leiði slíkt í ljós. Teknar voru af kortum (1:50.000 AMS frá 1990) þær breytur sem líklegar þóttu til að hafa áhrif á búsvæðavali eða hjálpa til við að skýra búsvæðavali. Breyturnar voru: fjarlægð í næsta hreiður, fjarlægð í næsta straumvatn (náttúrlegar stærri ár og lækir), fjarlægð í næsta stöðuvatn sem var stærra en 50 m², fjarlægð í næsta mannabústað, hæð yfir sjávarmáli (m y.s.) og fjöldi (hver leggur var talinn sem einn skurður án tillits til tengsla við aðra skurði) framræsluskurða innan 500 m frá hreiðri. Allar vegalengdir voru mældar á hnituum kortum í tölvu.

Kannað var með tvíhliða t-prófum hvort munur væri á meðaltölum fyrir álfarhreiður og slembihreiður (95%


2. tafla. Niðurstöður spálíkans sem flokkar álfarhreiður og slembihreiður. Heildarlíkanið: Kí-kvaðrat = 51,05; p<0,001. – *Results of a logistic regression that classified Whooper Swan nests and random points. Total model: Chi-square = 51.05; p<0.001.*

Breytur – Variables	β	Wald	p
Fjarlægð í straumvatn – Distance to running water	-1,089	6,34	0,0118
Fjarlægð í stöðuvatn – Distance to still water	-3,446	14,87	0,0001
Fjöldi skurða innan 500 m – No of drainage ditches within 500 m	-0,965	9,47	0,0021

marktæknistig). Til að skoða þátt breytanna í að skýra hreiðurstæðaval var búið til flokkunarlíkan með lógaritmísku fjölþátta aðhvarfi (e: *logistic regression*), þar sem spáð var fyrir um hvort punktur væri álfarhreiður eða slembihreiður. Allar breytur voru þvingaðar inn í fyrstu en síðan tíndar út ein og ein þar til eftir stóð líkan þar sem allar breytur voru marktækar miðað við 95% marktæknistig. Við flokkun var miðað við líkurnar 0,5 að punktur lenti í ákveðnum flokki (líkur eru 0-1).

Niðurstöður

Meðalfjarlægð milli álfarhreiðra var rúmlega hálfum kílómetra skemmri en meðalvegalengdin var milli slembihreiðurs og næsta álfarhreiðurs og var munurinn marktækur (sjá 1. töflu fyrir yfirlit og niðurstöður t-



2. mynd. Einföld skýringarmynd af helstu landslagsbreytingum á láglandi í kjölfar iðnbýltingar. A) Fyrir tilkomu skurðgröfunnar (um 1940) var votlendi (í dældum) mun umfangsmeira en nú er. Víðfeðm mólendissvæði og heiðarlönd hafa verið á holtum og á mótum mýra og móa hefur verið deiglendi (jaðar). Bæir hafa verið á holtum sem nú en ræktun í kringum þá hefur verið afar takmörkuð. B) Við framræslu jókst túnrækt og stór svæði kringum bæi urðu ræktarlönd. Einnig var ræst fram það votlendi sem til náðist en mikið af því landi er þó enn deiglendi ásamt jaðrinum. Mólendið er líkast til víðast á sömu stöðum og fyrr nema þar sem túnrækt og seinna skógrækt hafa tekið yfir. Álfir velja hreiðrum sínum stað í votlendisskálum. – A schematic diagram of major habitat changes in lowland Iceland following the modernization of farming. A) Before drainage (ca. 1940), wetlands (in depressions) were much more extensive than now. Heathlands characterized hills and uplands. Farms were placed on those but cultivation around them was very limited. Mesic habitats characterized the transition zones between depressions and hillocks. B) Following drainage, the cultivation of hayfields around farms increased and most reachable wetlands and meadows were drained. Heathland is still where it used to be except where it has been replaced by agriculture and later forestry. Whooper swans place nests in wet low lying basins. Translations: Ræktað land = Cultivated land; Mólendi = Heathland; Votlendi = Wetland; Jaðar = Mesic transition zone (MTZ) between wetlands and heathland; Framræst deiglendi = Drained wetlands and MTZ; Mannabústaðir = Farms.

prófa). Fjarlægð í næsta straumvatn var að meðaltali um 300 m skemmri frá álfarhreiðri en frá slembihreiðri en munurinn var ekki marktækur. Álfarhreiður reyndust að meðaltali vera rúmlega 800 m nær stöðuvötnum en slembihreiður og var munurinn marktækur. Þá voru álfarhreiður marktækt fjær mannabústöðum en slembihreiður eða um 400 m. Álfarhreiður lágu að jafnaði tæpum 5 m neðar í landinu en slembihreiður en munurinn var ekki marktækur. Langhæsti punkturinn á svæðinu var álfarhreiður í dal uppi á Vörðufelli (320 m y.s.) og ef þessu útgildi er sleppt þá voru álfarhreiður marktækt neðar en slembihreiður ($t = -2,49$, $p < 0,05$). Þá var að jafnaði marktækt minni framræsla við álfarhreiður en slembihreiður eða tæplega einn skurður á móti tæplega tveimur og hálfum.

Flokkunarlíkanið flokkaði 90% af punktum rétt eða 88,9% af slembihreiðrum og 91,1% af álfarhreiðrum, sem telst góð spágeta (2. tafla). Heildarlíkanið var marktækt ($Ki\text{-kvaðrat} = 51,05$; $p < 0,001$). Spábreyturnar sem eftir stóðu marktækar í lokalíkaninu voru fjarlægð í stöðuvatn, fjarlægð í straumvatn og fjöldi skurða innan 500 m frá punkti (2. tafla).

Umræða

Í ljósi niðurstaðna sem þessara er vafasamt að halda því fram að tiltekið samband milli staðsetningar hreiðra og spábreytna gefi til kynna virkt val álfta á ákveðnum þáttum. Sem dæmi um þetta má taka fjarlægð í næsta mannabústað. Álfir verpa greinilega fjær bústöðum manna en ef tilviljun ræði varpstöðum þeirra. Er þetta vegna þess að þær forðast mannabústaði sem slíka eða vill svo til að staðirnir sem þær velja eru frekar fjær bústöðum manna en nær? Til að skýra búsvæðavalið er því gott að skoða áhrif breytanna í samhengi við hverja aðra og almennar athuganir á hreiðurstæðavali álfta. Álfarhreiður virðast vera á blautari stöðum en slembihreiður (færri skurðir og styttra í opið vatn), þau eru fjær bæjum og þau eru hnappdreifð. Ef til vill má álykta sem svo af þessu að álftir og menn skipti með sér sveitunum (2. mynd). Menn byggja bæi sína uppi á hólum (til að sjá yfir og forðast flóð) og í kringum þá er gjarnan meira ræst en annars staðar vegna ræktunar. Álfir þurfa opið vatn og beitiland og það finnst oftast fjarri bæjum, ofan í blautum skálum og á undirlendis-sléttum.

Rannsóknir annars staðar hafa sýnt svipuð mynstur. Hjá álftum í Finnlandi er fylgni milli hreiðurstæðavals og varpárangurs. Álfir sem verpa við tjarnir og vötn sýna betri varpárangur en þær sem verpa í mýrum og ferðast um með ungana (Othonen & Huhtala 1991). Álfir sem þurfa að ferðast með ungana fjarri vatni hætta frekar á afrán og fara um verri fæðusvæði á ferðalaginu. Dvergsvanir *Cygnus columbianus* í Alaska verpa hnappdreift og nálægt stöðuvötnum miðað við slembipunkta (Stickney o.fl. 2002). Þeir verpa líka frekar við vötn þar sem ströndin en mjög vogskorin en slíkt er meðal annars talið skapa betri fæðuskilyrði fyrir svanina og unga þeirra.

Svanir eru stórvaxnir og áberandi. Að fela hreiður hefur því litla þýðingu fyrir þá en meira máli skiptir að verpa á óaðgengilegum stöðum. Einnig er nauðsynlegt fyrir þá að verpa sem næst fæðusvæði því að ferðalög eru kostnaðarsöm og hættuleg, og ungarnir (hreiðurfælnir) þurfa að hafa í sig sjálfir strax eftir klak. Hreiðurstæðavalið endurspeglar þetta. Svanir verpa úti í mýrum þar sem þeir geta forðað sér út á opið vatn og beitargróður er á staðnum.

Þessi athugun leiðir í ljós að álfir velja sér hreiðurstæði. Þær velja blautar skálar og láglendisléttur með opnu vatni og votlendisgróðri. Til að varðveita varpsvæði álfta og hlúa að ungaframleiðslu er nauðsynlegt að vernda slík svæði. Athuganir á útbreiðslu og hnignun votlendis sýna að stór hluti votlendis á láglendi hefur verið ræstur fram (Þóra Ellen Þórhallsdóttir o. fl. 1998, Hlynur Óskarsson 1998) (2. mynd). Mörg þau láglendisvæði þar sem álfir verpa í miklum þéttleika í dag eru væntanlega þau sem er erfitt að ræsa fram frá náttúrunnar hendi. Hér má nefna votlendi í Skagafirði umhverfis Héraðsvötn, svo og Pollengi og Tunguey í Biskupstungum. Báðir þessir staðir eru mikilvægir fyrir álfir (Ólafur Einarsson 1996, Ólafur Einarsson & Rees 2002, Tómas G. Gunnarsson 2003) og ítrekaðar tilraunir hafa verið gerðar til að ræsa þá fram. Sem betur fer virðist mesta ákefðin í framræslu á undanhaldi. Enn er þó ræst fram og framræslu viðhaldið á einkennilegum stöðum. Endurheimt votlendis gagnast flestum landfuglum íslenskum auk álfta (Guðmundur A. Guðmundsson 1998) og er ástæða til að stórauka þá vinnu sem þegar er hafin á því sviði.

ÞAKKIR

Gunnar Tómasson fær bestu þakkir fyrir aðstoð við vettvangsvinnu, og Ólafur K. Nielsen og Guðmundur A. Guðmundsson fyrir yfirlestur.

HEIMILDIR

- Campbell, S., A. Smith, S. Redpath & S. Thirgood 2002. Nest site characteristics and nest success in red grouse *Lagopus lagopus scoticus*. – *Wildlife Biology* 8: 169-174.
- Durham, R.S. & A. D. Afton 2003. Nest-site selection and success of mottled ducks on agricultural lands in southwest Louisiana. – *Wildlife Society Bulletin* 31: 433-442.
- Forstmeier, W. & I. Weiss 2004. Adaptive plasticity in nest-site selection in response to changing predation risk. – *Oikos* 104: 487-499.
- Guðmundur A. Guðmundsson 1998. Þýðing votlendis fyrir fugla. – Bls. 167-172 í: Jón S. Ólafsson (ritstj.) Íslensk votlendi verndun og nýting. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

- Hlynur Óskarsson 1998. Framræsla votlendis á Vesturlandi. – Bls. 121-130 í: Jón S. Ólafsson (ritstj.) Íslensk votlendi verndun og nýting. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Ohtonen, A. & K. Huhtala 1991. Whooper Swan *Cygnus cygnus* egg production in different nesting habitats in Finland. – Bls. 256-259 í: Sears, J. & P.J. Bacon (ritstj.), *Proceedings of 3rd IWRB International Swan Symposium*, Oxford, 1989. *Wildfowl Supplement* No. 1.
- Ólafur Einarsson 1996. Breeding biology of the whooper swan and factors affecting its breeding success, with notes on its social dynamics and life cycle in the wintering range. – Ph. D. ritgerð, University of Bristol.
- Ólafur Einarsson & E.C. Rees 2002. Occupancy and turnover of Whooper Swans on territories in northern Iceland: Results of a long-term study. – *Waterbirds* 25 (Supplement 1): 202-210.
- Stickney, A.A., B.A. Andersson, R. J. Ritchie & J.G. King 2002. Spatial distribution, habitat characteristics and nest-site selection by Tundra Swans on the Central Arctic Coastal Plain, Northern Alaska. – *Waterbirds* 25 (Supplement 1): 227-235.
- Tómas G. Gunnarsson 2003. Af varpvistfræði álfta í uppsveitum Árnessýslu 1996. – *Bliki* 24: 13-24.
- Whittingham, M.J., S.M. Percival & A.F. Brown 2002. Nest-site selection by golden plover: why do shorebirds avoid nesting on slopes. – *Journal of Avian Biology* 33: 184-190.
- Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Jóhann Þórsson, Svava Sigurðardóttir, Kristín Svavarsdóttir og Magnús H. Jóhannsson 1998. Röskun votlendis á Suðurlandi. – Bls. 131-142 í: Jón S. Ólafsson (ritstj.) Íslensk votlendi verndun og nýting. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

SUMMARY

Nest site selection of Whooper Swans *Cygnus cygnus*

Nest sites of Whooper Swans were compared to random points. From maps (1:50 000) the following variables were extracted using map software: altitude, distance to nearest nest, distance to nearest still water (lakes and ponds ca. >50 m²), distance to nearest running water, distance to nearest human settlement and number of drainage ditches within 500 m from the nest/random point. Whooper nests were on average at lower altitudes, closer to other Whooper nests, closer to still water, further away from human settlements and had fewer drainage ditches around them than random points. A logistic regression model, including distance to still water, distance to running water and number of drainage ditches within 500 m classified correctly ca. 90% of all cases in both categories.

Tómas G. Gunnarsson, School of Biological Sciences, University of East Anglia, Norwich, NR4 7TJ, Englandi.
Arnpór Garðarsson, Líffræðistofnun háskólans / Institute of Biology, University of Iceland, Askja, IS-101 Reykjavík, Iceland.

Tilvitnun:

Tómas G. Gunnarsson & Arnpór Garðarsson 2005. Varpstaðaval álfta. – *Bliki* 26: 1-4.

Útbreiðsla glókolls á Vesturlandi

Glókollur er nýlegur landnemi en hefur fjölgað hratt og breiðst út síðastliðin 10 ár. Vorið 2003 var útbreiðsla hans könnuð í fyrsta sinn með skipulegum hætti í heilum landshluta og sams konar athugun endurtekin ári síðar. Heimsóttir voru grenilundir á Vesturlandi, frá Hvalfjarði í suðri til Gilsfjarðar í norðri, og söngur glókolla spilaður af geisladiski. Glókollar fundust á níu stöðum af þeim 38 sem voru heimsóttir árið 2003 en 20 af 43 stöðum árið 2004. Tegundin fannst í fyrsta skipti að vorlagi svo vitað sé á 13 stöðum, fjórum fyrra árið og níu til viðbótar seinna árið.

Inngangur

Glókollur *Regulus regulus* (1. mynd) er minnsti fugl Evrópu og verpur víða um álfuna, einkum í greniskógum. Hann heldur einnig til í blönduðum lauf- og barrskógum og stórum grenilundum, þar sem hann étur ýmis smádýr eins og grenilýs og áttfætlumaura af barrinu (Cramp 1992). Glókollur var lengi vel einungis þekktur hér sem flækingsfugl, en haustið 1995 hröktust óvenjulega margir einstaklingar til landsins (Gunnlaugur Pétursson og Gunnlaugur Þráinsson 1997). Í kjölfarið hófu glókollar varp hér en það var þó ekki staðfest fyrr en sumarið 1999. Glókollar hafa nú fundist í skógarreitum víða um land og breiðst hratt út (Einar Ó. Þorleifsson & Jóhann Óli Hilmarsson 2002). Sumarið 2004 höfðu þeir sest að í öllum landshlutum, en verpa þó ekki enn sem komið er á Vestfjörðum (Kristinn Haukur Skarphéðinsson & Einar Þorleifsson, í undirbúningi).

Markmið þeirrar rannsóknar sem hér er lýst var að fá upplýsingar um útbreiðslu glókolls á Vesturlandi en fram að þeim tíma (vorið 2003) hafði útbreiðsla glókolls ekki verið könnuð kerfisbundið á svo stóru svæði hér á landi.

Aðferðir

Náttúrustofa Vesturlands kannaði útbreiðslu glókolls á Vesturlandi á svæðinu frá Hvalfjarðarbotni norður í Gilsfjörð á tímabilinu 4. apríl til 3. maí 2003 og 21. apríl til 11. maí 2004. Heimsóttir voru allir skógræktarlundir, sem innihéldu meira en 90 fermetra af sitkagreni (*Picea sitchensis*) samkvæmt úttekt á skógræktarskilyrðum á Vesturlandi, alls 26 staðir (Arnór Snorrason o.fl. 2001). Að auki voru heimsóttir 12 skógræktarreitir sem ekki voru á listanum en þóttu vera líkleg búsvæði fyrir glókoll. Samtals voru því heimsóttir 38 staðir árið 2003: 17 í Borgarfjarðarsýslu, 10 í Mýrasýslu, átta í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og þrír í Dalasýslu. Seinna árið voru sömu staðir heimsóttir og fimm að auki þar sem ekki var að finna sitkagreni en þess í stað meira en 90 fermetra af rauðgreni (*P. abies*), blágreni (*P. engelmannii*) og/eða hvítgreni (*P. glauca*), sbr. Arnór Snorrason o.fl. (2001). Einn þessara staða var í Borgarfjarðarsýslu og fjórir í Mýrasýslu. Vorið 2004 voru því heimsóttir 43 staðir (1. viðauki). Í öllum reitum er voru stærri en 1 ha var spilað á meira en einum stað og því samtals á 90 stöðum 2003 og 102 stöðum 2004.



1. mynd. Glókollur *Regulus regulus*. –
Daníel Bergmann.

Skógarreitum var skipt í fjóra flokka eftir flatarmáli: A) Litlir reitir (0-1 ha), B) stórir reitir (1-10 ha), C) minni skóglendi (11-100 ha) og D) stærri skóglendi (>100 ha). Í hverjum trjálundi var spilaður söngur glókolla af geisladiski, en það er ágæt aðferð til að kanna hvort tegundin sé til staðar (Jóhann Óli Hilmarsson, munnl. uppl.). Karlfuglar verja óðul af krafti á þessum árstíma og svara því slíkum söng fullum hálsi og koma þá gjarnan nær til að hrekja brott hinn óboðna gest. Í minni reitum (0-10 ha) var að jafnaði aðeins spilað á einum stað við jaðar þeirra til að hljóð geislaspilarans bærust sem lengst, en víðar í hinum stærri (>10 ha);

þar var gengið inn í skóglendið og spilað í rjóðrum. Í norðanverðum Skorradal var spilað við aðalveginn sem liggur í gegnum skóginn. Talið var fullnægjandi að spila í 4 mínútur á hverjum stað til að ganga úr skugga um það hvort glókollur væri í næsta nágreppi (Einar Ó. Þorleifsson og Jóhann Ó. Hilmarsson, munnl. uppl.). Skráð var á hvaða mínútu glókollar heyrðust eða birtust og einnig var skráður fjöldi þeirra fugla sem sást. Seinna árið var tíminn þar til fyrsti glókollurinn sást mældur með skeiðklukku og skráður nákvæmlega. Að auki var þá spilaður söngur músarrindils *Troglodytes troglodytes*, skógarþrastar *Turdus iliacus*, auðnutittlings *Carduelis*

1. tafla. Fundarstaðir glókolla á Vesturlandi að vorlagi árin 2003 og 2004 og fjöldi fugla sem sást/heyrðist á hverjum stað. Nánari staðsetningar eru í 1. viðauka. – *Locations of Goldcrests in W-Iceland in spring 2003 and 2004 with the number of birds seen/heard in each location. For details of locations, see Appendix 1.*

Staður <i>Location</i>	Dagur <i>Date</i>		Spilunartími uns glókolla varð vart (mín.) <i>Time played until Goldcrests were observed (min.)</i>		Fjöldi glókolla á hverjum spilunarstað ² <i>Number of Goldcrests on each location played ²</i>	
	2003	2004	2003	2004	2003	2004
Stóri-Botn	4. apríl	21. apríl	-	0,3	0	0-1
Vatnaskógur	4. apríl	21. apríl	1	1	3	0-2
Dragháls	4. apríl	21. apríl	4	2,4	2	0-1
Stóra-Drageyri	4. apríl	22. apríl	-	2	0	1
Litla-Drageyri						
- hjá sumarbústað við vatnið	4. apríl	22. apríl	2	4,1	2	1
- í skógrækt uppi við fjall	Ekki spilað	22. apríl	-	1*	-	0-2
Skógurinn norðan Skorradalssvatns						
- Hvammsskógur	4. apríl	22. apríl	2	1,6*	1+	1-2
- Hvammur	4. apríl	22. apríl	1	2,1	1+	1
- Stálpastaðir	4. apríl	22. apríl	1	1,5*	1+	0-2
- innst í Stálpastaðaskógi	4. apríl	22. apríl	1	2,1	1+	1
- Fitjar	4. apríl	22. apríl	4	2,1	2	1
Efri-Hreppur						
- í skógræktargirðingu	4. apríl	23. apríl	2	4	2	0-1
- við bæinn	Ekki spilað	23. apríl	-	0,2	-	2
Snagagirðing	9. apríl	23. apríl	2	1,2*	2	0-2
Lundur	9. apríl	23. apríl	-	0,2	0	0-2
Oddsstaðir	9. apríl	23. apríl	-	1,5	0	1
Logaland	9. apríl	23. apríl	-	2,0*	0	1
Gilsbakki	9. apríl	26. apríl	-	1,2	0	0-2
Norðtunguskógur	3. maí	26. apríl	3	1,4*	1	0-1
Hvammur	11. apríl	28. apríl	-	0,2*	0	0-2
Jafnaskarðsskógur						
- vestast í skóginum	11. apríl	28. apríl	4	2,1	1	2
- lítill lundur með borðum	11. apríl	28. apríl	1	4	1	0
- við bílastæði	11. apríl	28. apríl	1	3	1	1
Daníelslundur við Svignaskarð	11. apríl	28. apríl	1	1,4*	1	0-1
Einkunnir	Ekki spilað	28. apríl	-	0,5*	-	0-1
Sauraskógur	23. apr./18. maí	11. maí	-	0,5*	(1+)**	0-2
Vatnsdalur	3. maí	11. maí	-	0,4	0	0-2
Ytri-Fellsgirðing	14. maí	10. maí	-	1,1*	0	0-2

* Meðaltími þegar glókollur sást á fleirum en einum stað í skóginum. – *The average time when Goldcrest was observed at more than one site in each area.*



1+: Vart varð við glókoll en fjöldi óviss. – *Goldcrest observed but numbers uncertain.*

² Spilað var á mismörgum stöðum í hverjum reit eftir stærð hans. Sýndur er minnsti og mesti fjöldi á mismunandi stöðum. – *The minimum and maximum number of Goldcrests observed at each site played within each area.*

** Ekki heyrðist í glókollum á þessu svæði þegar spilað var 23. apríl en á göngu um skóginn 18. maí heyrðu Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee greinilega í 1-2 glókollum í eldri hluta Sauraskógar. – *Goldcrest not observed in the survey, but observed later (18 May).*

2. tafla. Fjöldi svæða á Vesturlandi með og án glókolla eftir sýslum. – Number of areas in W-Iceland with and without Goldcrests in each county.

Sýsla County	2003			2004		
	Með glókollum With Goldcrests	Án glókolla Without Goldcrests	Samtals Total	Með glókollum With Goldcrests	Án glókolla Without Goldcrests	Samtals Total
Borgarfjarðarsýsla	6	11	17	11	7	18
Mýrasýsla	3	7	10	6	8	14
Snæf. og Hnappadalss.	0	8	8	2	6	8
Dalasýsla	0	3	3	1	2	3
Samtals – Total	9	29	38	20	23	43



2. mynd. Útbreiðsla glókolls á Vesturlandi vorin 2003 og 2004. Rauðir punktar: Glókollar sáust/heyrdust. Hringir: Engir fuglar sáust/heyrdust. Bláir punktar: Glókollar komu ekki fram en hafa sést skv. öðrum heimildum. Einn punktur er sýndur fyrir staði <2 km frá hvor öðrum. – The distribution of Goldcrest in W-Iceland in spring 2003 and 2004. Red dots: Goldcrest seen/heard. Circles: No Goldcrests seen or heard. Blue dots: Goldcrests not recorded in the study, but observed by others. One dot is depicted for study plots <2 km from each other.

3. tafla. Fjöldi athugunarsvæða á Vesturlandi með og án glókolla eftir flatarmáli skóga á hverju svæði. – Number of study plots in W-Iceland with and without Goldcrests according to plantation sizes.

Stærð skógræktarreits <i>Size of plantation</i>	2003			2004		
	Með glókollum <i>With Goldcrests</i>	Án glókolla <i>Without Goldcrests</i>	Samtals <i>Total</i>	Með glókollum <i>With Goldcrests</i>	Án glókolla <i>Without Goldcrests</i>	Samtals <i>Total</i>
A: 0-1 ha	0	11	11	1	11	12
B: 1-10 ha	3	15	18	10	12	22
C: 10-100 ha	3	3	6	6	0	6
D: >100 ha	3	0	3	3	0	3
Samtals – Total	9	29	38	20	23	43


flammea, þúfuttillings *Anthus pratensis*, maríuerlu *Motacilla alba* og svartþræstar *Turdus merula* og skráð hverjar þessara tegunda sýndu sig. Hér er aðeins greint frá niðurstöðum fyrir glókoll.

Ýmsir þættir geta haft áhrif á útbreiðslu glókolls á Vesturlandi en vinnutilgátan var að líklegri væri að finna glókolla í stærri og eldri skógum vegna meira og stöðugra fæðuframbóðs. Upplýsingar um hæð trjáa (sem er einn mælikvarði á aldur) og flatarmál skóga voru fengnar úr skýrslum skógræktarmanna (Arnór Snorrason o.fl. 2001, Arnór Snorrason, óbirt).

Niðurstöður

Útbreiðsla

Glókolls varð vart á samtals níu (24%) stöðum af þeim 38 sem kannaðir voru 2003. Í Borgarfjarðarsýslu fannst glókollur þá á sex stöðum: í Vatnaskógi, á Draghálsi, Litlu-Drageyri, víða í skóginum norðan Skorradalsvatns, við Efri-Hrepp og í Snagagirðingu í Bæjarsveit. Hann fannst ekki í Stóra-Botni í Hvalfirði



3. mynd. Hlutfall svæða með glókollum vorið 2004 eftir hæð hæstu grenitrjáa á viðkomandi stað. Upplýsingar um hæð trjáa voru til fyrir 25 svæði. – The proportion of areas with Goldcrest presence relative to the maximum height of spruce at each locality. Information on tree height was available for 25 sites.

en þar var aðeins leitað norðan Botnsár en ekki í aðal skóglendinu sunnan árinna. Glókollur fannst á þremur stöðum í Mýrasýslu: Daníelslundi við Svignaskarð, Jafnaskarðsskógi og Norðtunguskógi. Í könnunni fannst enginn glókollur í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu eða Dalasýslu árið 2003 (1.-2. tafla, 2. mynd). Hins vegar heyrðu Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee greinilega í glókoli við Setberg í elsta hluta Sauraskógar í Helgafellssveit á Snæfellsnesi þann 18. maí 2003, þ.e. nokkrum vikum eftir að svæðið hafði verið kannað.

Vorið 2004 fannst glókollur á 20 (47%) stöðum af 43 sem kannaðir voru. Þetta voru allir staðirnir sem hann fannst á vorið 2003 auk 11 nýrra staða; fimm í Borgarfjarðarsýslu, þriggja í Mýrasýslu, tveggja í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og eins í Dalasýslu (1.-2. tafla, 2. mynd).

Áhrif stærðar og aldurs skóga á útbreiðslu

Samtals voru kannaðir 38 barrlundir árið 2003 og 43 árið 2004. Flatarmál þeirra var afar mismunandi og hafði áhrif á það hvort glókollar fundust (3. tafla) (Kruskal-Wallis einspáttar fervikagreining á röðun: 2003: $H=15,45$, $p<0,001$; 2004: $H=16,99$, $p<0,001$). Til voru gögn um hæð hæstu trjáa á 25 svæðanna (Arnór Snorrason o.fl. 2001) og þegar hún var skoðuð kom fram marktækur munur á hæð hæstu trjáa milli flatarmálsflokka (einpáttar fervikagreining: $F=6,68$, $p=0,002$). Tilhneigingin var í þá átt að hæstu trén væru hærri í stærri skógunum. Hæstu tré voru að jafnaði hærri á svæðum þar sem glókollur fannst en þar sem hann fannst ekki (3. mynd; t-próf: 2003: $t=-2,51$, $p=0,020$; 2004: $t=4,251$, $p<0,001$).

Umráða

Útbreiðsla glókolls virðist hafa aukist nokkuð hratt á allra síðustu árum ef marka má fregnir víða að af landinu og virðist nú sem tegundin hafi náð góðri fótfestu á Íslandi. Til skamms tíma hafa engar skipulegar athuganir á útbreiðslu tegundarinnar farið fram, en þéttleiki glókolla hefur verið metinn á Fljótsdalshéraði (Ásrún Elmarsdóttir o.fl. 2003, Ólafur K. Nielsen 2003)

og í Skorradal (Guðmundur A. Guðmundsson & Kristinn Haukur Skarphéðinsson, óbirt).

Þegar þessi rannsókn fór af stað höfðu glókollar sést á nokkrum stöðum á svæðinu, sérstaklega þó í Skorradal, Botnsdal og Norðtunguskógi (Einar Ó. Þorleifsson & Jóhann Óli Hilmarsson 2002, Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). Í þessari rannsókn sást til og/eða heyrðist í glókollum á níu af 38 svæðum sem könnuð voru vorið 2003 (tíu ef Sauraskógur er talinn með). Þar af sást glókollur í fyrsta skipti að vorlagi, svo vitað sé, á fjórum stöðum: í Vatnaskógi, við Efri-Hrepp í Andakíl, í Snagagirðingu í Bæjarsveit og Sauraskógi í Helgafells-sveit. Vorið 2004 fannst glókollur á öllum þessum tíu svæðum ásamt tíu til viðbótar, þar af einu sem ekki hafði verið heimsótt árið á undan. Árið 2004 sást glókollur í fyrsta skipti að vorlagi á níu stöðum: Stóru-Drageyri í Skorradal, Logalandi í Reykholtssdal, Lundi og Oddsstöðum í Lundarreykjadal, Gilsbakka á Hvítársíðu, Hvammi í Norðurárdal, Einkunnum við Borgarnes, Vatnsdal í Helgafellssveit og Ytra-Fellsgirðingu á Fellsströnd, Dalabyggð.

Aðferðin sem hér er stuðst við veitir upplýsingar um lágmarks útbreiðslu glókolla á Vesturlandi. Þar sem farið var um svæðið að vorlagi og óðalsbundnir fuglar kallaðir fram, er líklegt að útbreiðslan eins og henni er lýst hér endurspegli varpútbreiðslu.

Hugsanlegt er að í einhverjum tilfellum hafi glókollar verið til staðar en ekki heyrta spilaða sönginn og því ekki komið fram í rannsókninni. Þetta á sérstaklega við um þau svæði þar sem söngurinn barst aðeins til lítils hluta skógarins og þéttleiki glókolla var enn lítill. Aðferð okkar er ekki magnbundin en fjöldi þeirra fugla sem svaraði spilaða söngnum eða sáust á hverjum stað er líklega vísbending um hlutfallslegan þéttleika.

Niðurstöðurnar sýna að líklegra er að finna glókolla í stærri skógarreitum, og kemur það ekki á óvart þar sem fæðuframboð þar er væntanlega að jafnaði meira og stöðugra en í minni lundum. Einnig vakti athygli að engir glókollar fundust á svæðum þar sem hæstu tré höfðu ekki náð 5 metra hæð, sem segir e.t.v. nokkuð um þarfir tegundarinnar. Þó ber að varast að oftúlka þessar niðurstöður, því fleiri þættir skipta væntanlega máli, t.d. dreifing skóga um Vesturland. Þegar hún er skoðuð kemur í ljós að flestir elstu og stærstu greni-skógarnir eru ekki fjarri suður- og suðvesturjaðri rannsóknarsvæðisins, sem vafalítið hefur einhver áhrif á útbreiðslumynstrið.

Fróðlegt verður að fylgjast með því hvernig glókollir gengur að festa sig í sessi sem íslenskur varpfugl á næstu árum en Náttúrustofa Vesturlands mun áfram fylgjast með útbreiðslunni á Vesturlandi. Fuglaáhugamenn um land allt eru hvattir til að gera slíkt hið sama, skrá athuganir sínar og koma þeim til næstu náttúrustofu eða Náttúrufræðistofnunar Íslands.

fylgdu höfundum í fyrstu athugunarferð sinni. Arnór Snorrason, Rannsóknastöð skógræktar á Mógilsá, Birgir Hauksson, skógarvörður að Hreðavatni og Sigvaldi Ásgeirsson og Guðmundur Sigurðsson hjá Vesturlandsskógum veittu ýmsar upplýsingar um barrskógareiti á Vesturlandi. Arnór veitti aðgang að óbirtum upplýsingum sem notaðar voru við flokkun skóga eftir flatarmáli. Menja von Schmalensee, Guðmundur A. Guðmundsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson lásu handrit greinarinnar og komu með gagnlegar ábendingar. Lovísa G. Ásbjörnsdóttir, Náttúrufræðistofnun Íslands, teiknaði kort. Allir þessir aðilar, auk landeigenda, fá bestu þakkir fyrir veitta aðstoð.

HEIMILDIR

- Arnór Snorrason, Tumi Traustason, Stefán Freyr Einarsson & Fanney Dagmar Baldursdóttir 2001. Landsúttekt á skógræktarskilyrðum. Áfangaskýrsla 1997-2001 fyrir Vesturland. – Rit Mógilsár nr. 5/2001. 70 bls.
- Ásrún Elmarsdóttir, Bjarni D. Sigurðsson, Guðmundur Halldórsson, Ólafur K. Nielsen & Borgþór Magnússon 2003. Áhrif skógræktar á lífríki. – Skýrsla fyrir ráðunautafund 2003.
- Cramp, S. (ritstj.) 1992. The Birds of the Western Palearctic. 6. bindi. – Oxford University Press.
- Einar Ó. Þorleifsson & Jóhann Óli Hilmarsson 2002. Íslenskir skógarfuglar. – Skógræktarritið 2002 (1): 67-76.
- Gunnlaugur Þráinsson & Gunnlaugur Pétursson 1997. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1995. – Bliki 18: 23-50.
- Ólafur K. Nielsen 2003. SKÓGVIST: Mófuglar og skógarfuglar á Héraði 2002. – Skýrsla Náttúrufræðistofnunar Íslands nr. NÍ-03010.

SUMMARY

The distribution of Goldcrest in W-Iceland

We describe the results of a survey of Goldcrest (*Regulus regulus*) distribution in W-Iceland in spring 2003 and 2004. Goldcrests have long been known as vagrants in Iceland, especially in autumn, but in 1995 an exceptionally great influx of the species occurred. Some of these birds are thought to have started breeding the following spring, although the first breeding was not confirmed until 1999. Since then, Goldcrests have been observed in plantations in all parts of Iceland. This study is the first systematic survey of the species in Iceland. A total of 38 spruce plantations in W-Iceland were visited in 2003 and 43 in 2004 (Appendix 1). Sitka spruce (*Picea sitchensis*) was the most abundant spruce species in most of them. A song from Goldcrests was played from a CD player for four minutes in each location. In plantations less than 1 ha, the song was only played at one location, but at 2-5 locations in the larger plantations. Goldcrests were observed in nine of the 38 study sites in 2003 and 20 of 43 study sites (of which five were new) in 2004. The results show that Goldcrest have already colonized many of the study sites in the Borgarfjörður county, a few sites close to the southeast boundary of the Mýrasýsla county, two sites on the north of the Snæfellsnes peninsula and one site in Dalasýsla county (Tables 1 and 2, Fig. 2). Many factors can influence Goldcrest distribution, but two of them were tested. Both the plantation size (ha) ($p < 0,001$, Table 3), and height of the highest trees in each plantation ($p = 0,02$ in 2003, $p < 0,001$ in 2004, Fig. 3) were good predictors of the presence of Goldcrests.

Róbert A. Stefánsson (robert@nsv.is) og Sigrún Bjarnadóttir (sigrun@nsv.is), Náttúrustofu Vesturlands / W-Iceland Institute of Natural History, Hafnargötu 3, IS-340 Stykkishólmur.

Tilvitnun:

Róbert Arnar Stefánsson & Sigrún Bjarnadóttir 2005. Útbreiðsla glókolls á Vesturlandi. – Bliki 26: 5-10.

ÞAKKIR

Jóhann Óli Hilmarsson, Einar Ó. Þorleifsson og Ólafur Karl Nielsen veittu ráðleggingar við skipulag verkefnisins og þeir tveir fyrrnefndu

1. viðauki. Staðir á Vesturlandi, þar sem leitað var að glókollum að vorlagi árin 2003 og 2004. – Appendix 1. Areas in W-Iceland where Goldcrests were searched for in spring 2003 and 2004.

Staður – Location	Svæði – District	GPS hnit – Coordinates	Flatarmál* – Area*	
		N	V	
Borgarfjarðarsýsla				
Garðalundur	Akranes	64°19,348'	22°02,390'	B
Fannahlíð	Skilmannahreppur	64°21,954'	21°50,832'	B
Litla-Fellsöxl	Skilmannahreppur	64°22,152'	21°52,474'	B
Stóri-Botn	Botnsdalur	64°22,915'	21°16,719'	C
Vatnaskógur	Hvalfjarðarströnd	64°25,722'	21°36,926'	C
Dragháls	Hvalfjarðarströnd	64°28,973'	21°30,059'	B
Hagi	Skorradalur	64°30,645'	21°25,858'	A
Stóra-Drageyri	Skorradalur	64°31,850'	21°34,483'	C
Litla-Drageyri	Skorradalur			B
- hjá sumarbústað við vatnið	Skorradalur	64°31,750'	21°34,128'	
- í skógrækt uppi við fjall	Skorradalur	64°31,297'	21°35,088'	
Skógur norðan Skorradalsvatns	Skorradalur			D
- Hvammsskógur	Skorradalur	64°32,348'	21°32,066'	
- Hvammur	Skorradalur	64°31,695'	21°30,362'	
- Stálpastaðir	Skorradalur	64°31,264'	21°27,198'	
- innst í Stálpastaðaskógi	Skorradalur	64°30,574'	21°23,477'	
- Fitjar	Skorradalur	64°29,267'	21°19,858'	
Efri-Hreppur	Skorradalur			B
- í skógræktargirðingu	Skorradalur	64°31,905'	21°42,368'	
- við bæinn	Skorradalur	64°32,197'	21°42,280'	
Hvítárþakki	Bæjarsveit	64°07,529'	21°35,162'	B
Snagagirðing (NV-endi)	Bæjarsveit	64°37,121'	21°30,712'	C
Lundur	Lundarreykjadalur	64°33,194'	21°22,975'	B
Reykir	Lundarreykjadalur	64°29,544'	21°10,246'	A
Oddsstaðir	Lundarreykjadalur	64°32,573'	21°19,405'	A
Logaland	Reykholtsdalur	64°39,127'	21°22,198'	B
Reykholt	Reykholtsdalur	64°40,015'	21°17,795'	B
Mýrasýsla				
Gilsbakki	Hvítársíða	64°42,672'	21°01,145'	B
Kirkjuból	Hvítársíða	64°42,499'	21°04,022'	A
Norðtunguskógur	Þverárhlið	64°45,280'	21°22,977'	D
Gunnlaugsstaðir	Þverárhlið	64°43,201'	21°25,965'	A
Arnbjargarlækur	Þverárhlið	64°44,269'	21°28,244'	B
Hvammur	Norðurárdalur	64°48,347'	21°26,558'	C
Hreimsstaðir	Norðurárdalur	64°50,134'	21°21,491'	B
Jafnaskarðsskógur	Stafholtstungur			D
- vestast í skógi	Stafholtstungur	64°45,012'	21°36,207'	
- lítill lundur	Stafholtstungur	64°45,183'	21°35,945'	
- við bílastæði	Stafholtstungur	64°45,325'	21°35,773'	
Litla-Skarð (Rjúpnaborg)	Stafholtstungur	64°43,628'	21°35,485'	B
Stóruskógar (við Munaðarnes)	Stafholtstungur	64°41,800'	21°38,301'	B
Daníelslundur við Svignaskarð	Borgarhreppur	64°39,557'	21°42,633'	C
Ferjukot	Borgarhreppur	64°36,218'	21°42,889'	A
Bjarg	Borgarnes	64°33,048'	21°54,262'	A
Einkunnir	Borgarnes	64°35,863'	21°54,686'	B
Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla				
Þverá	Eyja-og Miklaholtshr.	64°51,580'	22°23,613'	A
Másstaðabyrgi	Eyja-og Miklaholtshr.	64°49,979'	22°49,630'	A
Skógrækt Heiðsynninga	Eyja-og Miklaholtshr.	64°50,144'	22°49,860'	B
Bjarnarfossgirðing	Staðarsveit	64°50,720'	23°24,141'	A
Skógrækt Grundfirðinga	Grundarfjörður	64°55,343'	23°16,254'	A
Sauraskógur	Helgafellssveit			B
- við Langás	Helgafellssveit	65°01,268'	22°42,629'	
- við Setberg (norðan Sauravatns)	Helgafellssveit	65°01,067'	22°42,824'	
Vatnsdalur	Helgafellssveit	64°59,620'	22°43,492'	B
Grensás	Stykkishólmur	65°03,743'	22°44,246'	B
Dalassýsla				
Hörðuból	Hörðudal	65°00,663'	21°46,068'	B
Ytra-Fellsgirðing	Fellsströnd	65°09,513'	22°21,327'	B
Skarðssreitur	Skarðsströnd	65°16,265'	22°19,874'	A

* Svæði voru flokkuð í fernt eftir flatarmáli: A: Litlir reitir (0-1 ha), B: Stórir reitir (1-10 ha), C: Minni skóglendi (11-100 ha) og D: Stærri skóglendi (>100 ha). Spilað var á mismörgum stöðum í hverjum reit eftir stærð hans; 0-1 ha 1 spilastaður, 1-10 ha 2-3 spilastaðir, 11-100 ha 3-4 spilastaðir, >100 ha 4-5 spilastaðir. – Areas were classified according to size: A: 0-1 ha, B: 1-10 ha, C: 10-100 ha and D: >100 ha. The number of sites played at each study site depended on the area of that site: 0-1 ha 1 playing site, 1-10 ha 2-3 playing sites, 11-100 ha 3-4 playing sites, >100 ha 4-5 playing sites.

Að fanga augnablikið


Fuglar eru eitt af mest krefjandi viðfangsefnum sem ljósmyndarar takast á við. Fæstir sýna þeir samstarfsvilja við að sitja fyrir, eru kvikir og fljótir að grípa til vængjanna finni þeir fyrir óöryggi. Daníel Bergmann deilir hér reynslu sinni við að fanga augnablikið í lífi fugla.

Þó svo að vel uppbyggð og tæknilega fullkomin mynd af sitjandi fugli geti verið áhugaverð, verður á henni umbreyting ef hún sýnir einhverskonar atferli. Myndir sem sýna fugla syngjandi, kallandi, gapandi, ýfandi fjaðrir, teygjandi vængi, að lenda,

taka flugið, blaka vængjum, andæfandi eða fljúgandi verða alltaf áhugaverðari en falleg portrett. Með því að frysta slík augnablik fæst innsýn í daglegt líf fugla og hreyfingin í myndinni gerir hana spennandi.

1. mynd. Þórshani *Phalaropus fulicarius*. Eftir að hafa gengið í tvo klukkutíma til að komast í þórshanabyggð hafði ég síðan nægan tíma til að fylgjast með fuglunum og að læra að lesa í hegðun þeirra. Sólin var hátt á lofti, birtan hörð og óhæf til ljósmyndatöku, svo ég settist niður í námunda við fuglana. Þeir gáfu mér lítinn gaum og stunduðu ótrauðir sitt daglega amstur. Ég tók eftir því að nokkrir fuglar notuðu sama pollinn til að baða sig og eftir þvottinn stukku þeir upp og flögruðu. Þegar liða tók að kvöldi settist ég niður skammt frá pollinum og beið. Það leið ekki á löngu uns karlfugl kom á baðstaðinn og ég var við öllu búinn. Tekið skal fram að ég hafði leyfi frá Umhverfisstofnuneytinu til að ljósmynda í varpbyggðinni, en þórshani er stranglega friðaður á varptíma og umferð um varplönd hans óheimil.





Í fuglaljósmyndun er þekking á viðfangsefninu ómetanleg. Með því að fylgjast með fuglum lærist að þekkja hvaða atferli fylgjast að og með reynslu er hægt að sjá fyrir röð atvika áður en hún hefst. Til að mynda geispa fuglar oft eftir að þeir vakna, og eftir að hafa ýft svolítið fjaðrir teygja þeir gjarnan úr væng. Fuglar sem halla sér fram á við eru oftast við það að taka flugið, og eftir það þá hrista þeir sig eða stökkva upp og blaka nokkrum sinnum vængjum. Með þekkingu á atferli fugla fæst því það forskot að geta séð fyrir atburðarás áður en hún gerist og verið þar með reiðubúinn að ljósmynda.

Hreyfingar fugla eru snöggar og hlutirnir gerast hratt. Því hjálpar verulega að hafa myndavél sem bregst hratt við, tekur nokkrar myndir á sekúndu. Stærsta vanda málið við ódýrari stafrænar myndavélar, sem eru hvað vinsælastar í fjarsjár ljósmyndun, er viðbragðsseinkun

vélarinnar, það að vélin smellir ekki af um leið og þrýst er á afsmellarann. Þannig glatast ómetanleg augnablik eða fuglinn hreyfir sig svo hratt að hann færist út úr skerpusviði fjarsjárinnar. Það er beinlínis nauðsyn ef á að frysta hreyfingar fugla að myndavélin bregðist við á svipstundu og að hún taki hið minnsta 3 myndir á sekúndu, sem þó dugir oft ekki til.

Til þess að fanga augnablikið þarf að taka fjölda mynda og þegar fuglar eru á ferð er best að fylgja þeim eftir með myndavélinni og halda niðri afsmellaranum. Oft er raunin sú að ein mynd úr langri seríu verður áberandi skemmtilegust og allir eiginleikar góðrar ljósmyndar smella saman í einum myndamma. Á þessu sviði hefur stafræn ljósmyndun valdið umbyltingu. Nú er hægt að taka eins mikið af myndum og mann lyster án þess að hafa áhyggjur af kostnaði við filmur og

2. mynd. Sandlóa *Charadrius hiaticula*. Snemma á vorin þegar vaðfuglar byrja að streyma til landsins eru þeir í hópum í fjörum. Þá gefast oft tækifæri til að upplifa landamæraerjur milli einstaklinga, þar sem þeir ybba gogg við hvorn annan. Til að nálgast vaðfugla er best að liggja kylliflatur á jörðinni og skríða að þeim, því þá kæra þeir sig kollótta um nærveruna. Sjónarhornið sem fæst með því að liggja á maganum gefur einfaldari bakgrunn og þang og annað rusl í fjörunni truflar ekki mynduppbygginguna. Svo þarf að vera viðbúinn hinu óvænta.

3. mynd. Hrafnstönd *Melanitta nigra*. Ég lá undir feluábreiðu á árbakka í Mývatnssveit í þeirri von að hrafnstendur ættu leið um. Eftir dágóða stund birtist þar á svolitlum brúarhyl sem ég lá við og hóf að kafa eftir æti. Kollan varð stuttu síðar fyrir styggð og tók flugið, og steggurinn fylgdi fast á eftir. Linsunni var beint að steggunum og þegar lætin byrjuðu hélt ég niðri afsmellaranum og reyndi að fylgja honum eftir með bestu getu.

4. mynd. Teista *Cephus grylle*. Á eyjunni Vigur í Ísafjardardjúpi eru teistur gæfari en víðast hvar annars staðar, enda vanar fólki og kippa sér ekki upp við nokkurn skapaðan hlut. Það er blessun að komast í návígi við slíka fugla, því þá er hægt að dunda sér í rólegheitunum við að mynda. Ólíkt öðrum svartfuglum sem verpa á Íslandi elur teistan önn fyrir tveimur ungum og því er best að draga vænan bita að landi.





framköllun. Þegar einu sinni er búið að leggja út fyrir myndavélinni kostar ekkert meira að taka þúsund myndir en hundrað. Því þarf ekki að hika við að smella af í löngum bunum.

Þróun í sjálfvirkri skerpustillingu (autofocus) hefur einnig auðveldað verulega ljósmyndun á viðfangsefni á hreyfingu. Myndavélar eru nú mun fljótari að ná skerpu en áður og hafa allar kerfi sem skynja hreyfingu myndefnisins. Á Canon myndavélum heitir þessi hreyfiskynjun „AI Servo“ og svo framarlega sem skerpuskynjara, sem birtist sem lítill ferningur í glugga myndavélarinnar er haldið á myndefninu, þá skynjar vélin hreyfinguna og stillir skerpuna eftir því. Slík sambærileg kerfi eru í dag í flestum gerðum myndavéla. Þessi tækni er ekki óskeikul en er þó orðin svo þróuð að hún getur fylgt eftir fljúgandi fuglum. Því einfaldrari

sem bakgrunnur myndarinnar er því nákvæmari er kerfið í að halda skerpu. Auðvelt er að mynda fugl á flugi á móti heiðskírum himni, en ef sami fugl er á flugi þar sem mikill gróður er í bakgrunni getur reynst torvelt að halda honum skörpum. Oftar en ekki er það vanmáttur ljósmyndarans við að halda nemanum á myndefninu sem yfirtekur getu tækninnar.

Myndir af fuglum í ætisleit eða sem eru að matast geta verið mjög áhugaverðar. Til að fanga sem flest skref í slíkri atburðarás þarf að vera vel vakandi. Vaðfugl sem er að plokka í jörðina getur skyndilega dregið upp orm og hegri sem stendur grafkyrr í tjörn stingur allt í einu gogginum niður í vatnið á leifturhraða og grípur fisk. Mynd af fugli með æti í gogginum segir heilmikla sögu og það er oft ótrúlegt að sjá hverju sumir þeirra reyna að koma ofan í sig.

5. mynd. Haförn *Haliaeetus albicilla*. Ég fylgdist með þessum erni sitjandi á steini í nokkrar mínútur með andlitið límt við myndavélina. Um leið og hann sýndi hina minnstu hreyfingu byrjaði ég að smella af og færði vélina með honum. Það var ekki fyrr en eftir á þegar ég skoðaði myndirnar að ég tók eftir litlu fjöðrinni sem féll af fuglinum við flugtakið.

6. mynd. Kjói *Stercorarius parasiticus*. Ég kom að þessum kjóa þar sem hann var að rífa í sig bráð og beið eftir því að hann lyfti henni upp svo það sæist hvers kyns bráðin væri. Að endingu gerðist það og í ljós kom að um ungan hrossagauk var að ræða.

7. mynd. Jaðrakan *Limosa limosa*. Við sólsetur fellur friður og kyrrð yfir varp-landið. Þessi jaðrakan átti hreiður í friðlandi Fuglaverndar í Flóa. Hann flaug í kringum mig svolítið könnunarflug, vældi sitt vaddúdí, en fékk fljótt leið á aðkomumanninum. Við töku á flugmyndum gildir lögmálið að taka nógu mikið af myndum, því vængstaða fuglsins er oftast mismunandi á hverri mynd.





8. mynd. Langvía *Uria aalge*. Svartfuglar fljúga mjög hratt og koma hart inn til landingar. Myndin af þessari langvíu er tekin í Látrabjargi og ég sá hana fyrir mér í huganum. Ég vildi hafa dritmálað bjargið í bakgrunni til að gefa hugmynd um búsvæði fuglsins og vildi fljúgandi fugl í myndrammann. Ég fylgdi eftir hverjum fuglinum á fætur öðrum sem kom að bjarginu til landingar. Sökum þess hve hratt fuglarnir fóru þurfti ég hundruði mynda til að ná nokkrum skörpum og handleggsvöðvarnir voru orðnir ansi lúnir eftir að halda á myndavél með 3 kg þungri linsu allan daginn.

Eitt það mikilvægasta í fuglaljósmyndun er að vera ávallt viðbúinn hinu óvænta. Það getur þurft að liggja með augað á myndavélaglugganum í langan tíma áður en myndefnið tekur skyndilega upp á því að gera eitthvað markvert. Þá þarf að bregðast við í skyndi og smella af, helst í algjöru hugsunarleysi svo að rökhugsun hafi ekki áhrif á viðbragðsflýttinn. Ótakmörkuð þolinmæði er fuglaljósmyndaranum nauðsynleg en hún er til einskyns ef athyglina brestur. Lögmál Murphys birtist í ljósmyndaiðjunni sem öðrum. Um leið og athyglin færir frá fugli sem búið er að fylgjast með um stund má nánast ganga út frá því sem vísu að hann tekur upp á einhverju stórkostlegu og myndatækifærið glatast að eilífu. Einbeittur hugur ljósmyndarans er því mikilvægari en þolinmæði þegar fanga á einstök augnablik í lífi fugla. Það er orkufrekt að halda meðvitaðri hugareinbeitingu í langan tíma og því er fuglaljósmyndun krefjandi á fleiri en einn máta. En það er ómetanlegt að fá tækifæri til að skyggjast inn í fíngerðustu þætti fuglatilverunnar, og fáir fá þar betri innsýn en hinn

einbeitti fuglaljósmyndari sem er reiðubúinn að eyða klukkutímum í samvistum við sama fuglinn. Því meira sem lagt er í verkið, því ríkari verður útkoman.

SUMMARY

Capturing the decisive moment

Photographing bird behaviour requires knowledge, which can only be obtained by watching birds in the field for countless hours. The bird photographer also needs strong mental concentration to be able to predict action and respond accordingly. Daniel Bergmann is one of the most experienced bird photographers working in Iceland. In the article he discusses the equipment and abilities needed to capture the decisive moment.

Daniel Bergmann, Langagerði 82, 108 Reykjavík.

Tilvitnun:

Daniel Bergmann 2005. Að fanga augnablikið. – Bliki 26: 11-16.

Súlubyggðir 1999 og framvinda þeirra

Í þessari grein er fjallað um íslenskar súlubyggðir, sérstaklega talningu sem fram fór vorið 1999 og þær breytingar sem orðið hafa á síðustu árum á fjölda súlunnar. Lengi hefur verið fylgst með súlubyggðum við N-Atlantshaf og fjölda hreiðra.

Inngangur

Súlan *Morus bassanus* er einn af okkar glæsilegustu sjófuglum og jafnframt sá stærsti. Tegundin er útbreidd um N-Atlantshaf og verpur í fremur fáum og oftast stórum byggðum á klettaeyjum og í fuglabjörgum. Náskyldar tegundir eru við S-Afríku, Ástralíu og Nýjasjáland (sjá t.d. Nelson 1978). Súlan sést vel og vegna þess að hún er auk þess mjög hnappdreifð, er hún ein þeirra fuglategunda sem hvað auðveldast hefur reynst að telja í varpi, en út frá slíkum talningum má áætla stofnstærðina. Gurney (1913) varð fyrstur til að áætla fjölda súlunnar í N-Atlantshafi, og byggði þar á útbreiðslu byggða og fremur sundurleitum upplýsingum um fjöldann á hverjum stað, en Fisher og Vevers (1943–1944) lögðu drög að því að staðla talningaraðferðir. Upp frá því hefur mikið verið ritað um súluna í N-Atlantshafi (t.d. Nelson 1978, Wanless 1987, Wanless & Harris 2004). Á síðari árum hef ég reynt að telja í súlubyggðum hér við land á fimm ára fresti. Löngu fyrr

var byrjað að fylgjast með fjölda í íslensku súlubyggðunum (Þorsteinn Einarsson 1954, 1988, Arnbór Garðarsson 1989, 1995).

Í þessari grein eru birtar niðurstöður súlutalninga sem fram fóru sumarið 1999 og stuttlega rætt um breytingar á stofnstærð súlunnar. Eðlilegt er að skipta súlubyggðunum hér við land í tvennt: byggðir við Suðvesturland (Vestmannaeyjar og Eldey) og Austurland (Rauðinúpur á Sléttu, Skoruvík á Langanesi og Skróður úti fyrir Reyðarfirði). Sunnlensku byggðirnar eru almennt eldri og stærri og fremur hæg fjölgun hefur verið þar. Við Austurland eru byggðirnar nýlegar og þar hefur fjölgunin verið mun meiri (Arnbór Garðarsson 1989).

Aðferðir

Talningaraðferðum hefur áður verið lýst ítarlega (Arnbór Garðarsson 1989, 1995). Talningarnar eru byggðar á myndatöku úr lofti. Yfirleitt hafa verið notaðar



1.mynd. Yfirlitsmynd af Súlnaskeri, 15. júní 1999. – An oblique aerial view of Súlnasker in the outer Vestmannaeyjar (Vestmann Islands), Iceland.



2. mynd. Lóðrétt mynd af stærstu súlu-breiddunni ofan á Súlnaskeri, 15. júní 1999.
– A vertical aerial view of the largest patch of gannet nests on Súlnasker.

litmyndir sem eru venjulega teknar fríhendis úr 100-300 m hæð með 250 mm linsu á 70 mm eða 6x6 cm filmu (sbr. 1. mynd). Myndir af súlubýggðum ofan á eyjum og dröngum, t.d. Eldey og úteyjunum Súlnaskeri og Geldungi í Vestmannaeyjum, voru teknar lóðrétt úr 400-600 m hæð með 80 mm linsu (sbr. 2. mynd). Einingin, sem talin var, er kölluð *setur* og skilgreind sem staður þar sem stök súla eða súlupar sat, sem merkir nokkurn veginn það sama og hreiður. Súlur sem voru augljóslega ekki á hreiðrum voru ekki taldar. Talið var af myndum af Vestmannaeyjum og Eldey sem teknar voru 15. júní 1999 og af myndum af Skróð, Skoruvík og Rauðanúpi sem teknar voru 12. maí 1999.

Niðurstöður árið 1999

Heildarfjöldi súlusetra við Suðvesturland árið 1999 var 25.779, þar af 9.749 í Vestmannaeyjum og 16.030 í Eldey (1. tafla). Í þremur byggðum í Vestmannaeyjum (Brandi, Hellisey og Geldungi) var hvergi hægt að tala um fjölgun miðað við áratuginn á undan. Í Súlnaskeri voru nú 5.148 setur og hafði fjölgað um rúmlega 700 frá því árið 1994. Í Eldey hélt súlunni áfram að fjölga

eftir lögð kringum 1985, en þá voru aðeins talin 12.024 setur þar. Nú voru setrin orðin 16.030 sem er svipað og árið 1953 þegar þar var fyrst talið af loftmynd. Árleg fjölgun við Suðvesturland á tímabilinu 1985-1999 var alls 1,8%, mest í Súlnaskeri (2,5%) og Eldey (2,1%). Ef aðeins er tekið tímabilið 1994-1999 var árleg fjölgun alls 2,2%, einna mest 2,2% í Súlnaskeri og 2,6% í Eldey.

Austanlands töldust alls 2.756 setur árið 1999, þar af 272 í Rauðanúpi, 454 í Skoruvíkurbjargi og 2.030 í Skróð. Fjölgunin var svipuð í öllum þessum byggðum, eða að meðaltali 3,9% á ári, allt tímabilið 1984-1999. Í Rauðanúpi fjölgaði um 3,5% á ári, 3,4% í Skoruvíkurbjargi og 4,1% í Skróð. Við Rauðanúp voru öll hreiðrin utan á stöpunum (Sölvanöf og Karli) og engin súla sást sitja uppi á þeim. Enn þrengdist um á Stóra Karli við Skoruvíkurbjarg en þar varð þó aukning frá árinu 1994 (300 setur) í 352 setur árið 1999, og aukning hélt áfram á breiðum syllum í miðju Skoruvíkurbjargi. Í Skróði fjölgaði súlu jafnt og stöðugt og var aukningin á árunum 1984-1999 að meðaltali 4,1% á ári. Nýr varpstaður með 12 setrum var kominn á suðausturhorn

eyjarinnar. Heldur virtist draga úr fjölgun við Austurland á tímabilinu 1994-1999 miðað við fyrri ár. Á tímabilinu 1994-1999, var heildarfjölgunin austanlands að meðaltali 3,4% á ári. Í Rauðanúpi fjölgaði að meðaltali um 2,5% á ári, 3,2% í Skoruvíkurbjargi og 3,4% í Skróður.


Umræða

Almennt hefur súlu fjölgað við austanvert N-Atlantshaf á síðustu áratugum (sjá t.d. Wanless 1987, Wanless & Harris 2004) og sennilega allt frá því á 19. öld (Gurney 1913, Fisher & Vevers 1943-1944). Nærtæk skýring á þessari fjölgun er að ofveiði fyrr á öldum hafi leitt til fækkunar og útrýmingar súlu á stórum svæðum, en friðun nú á tímum gefi stofninum færi á að fjölga á ný, uns komið er að þeim mörkum sem auðlindir (fæða) setja (Arnþór Garðarsson 1989). Um aldamótin 1900 var svo komið að súlubyggðir þrífust eingöngu á fáeinum afskekktum og torsóttum stöðum, svo sem í Eldey og í úteyjum Vestmannaeyja.

Heildarmunstrið í breytingum á fjölda súlu við Ísland er tekið saman á 3. mynd. Eldey er eina súlubyggðin þar sem ekki hefur verið stanslaus aukning, en þar varð fækkun á milli árunna 1961 og 1983. Fækkun súlu í Eldey milli 1977 og 1985 fór saman við fækkun ritu (*Rissa tridactyla*) í Krísuvíkurbergi og Hafnabergi og virðist líklegt að hvort tveggja megi rekja til minnkaðs fæðuframboðs á þessu tímabili (Arnþór Garðarsson 1996). Framboð fæðu á þessum slóðum er ekki stöðugt, því að þar varð hrun í síldarstofnum (*Clupea harengus*) milli árunna 1960 og 1970 (Jakob Jakobsson 1985, sbr. Arnþór Garðarsson 1989). Enda þótt sveiflan í fjölda súlu í Eldey sé eftirtektarverð og gæti vel tengst síldinni og eitthvað svipað kynni að hafa gerst hjá ritunni á sama tíma, skal tekið fram að hér er varpað fram lauslegum tilgátum um orsakasamhengi sem mjög erfitt er að skýra eftir á. Vissulega er erfitt að mæla fæðuframboð í sjónum og kortleggja flókna fæðuvefi. Hins vegar byggja framfarir í rannsóknum jafnan á því

1. tafla. Súlusetur 1999. Sundurliðaðar tölur. – Details of gannet sites counted in Iceland in 1999.

Byggðir Colonies	Þekja Top	Bjarg Cliff	Alls Total
Suðvestursvæði – Southwestern group			
Súlnasker	4185	963	5148
Geldungur	796	660	1456
Litli Geldungur	–	33	
Stóri Geldungur	796	627	
Hellisey	–	2630	2630
Brandur	–	515	515
Vestmannaeyjar alls			
– Vestmann Islands subtotal	5777	5428	9749
Eldey	12597	3433	16030
Austursvæði – Eastern Group			
Rauðinúpur	–	272	272
Sölvanöf	–	125	
Karlínn	–	147	
Skoruvík	352	102	454
Stóri Karl	352	–	
Skoruvíkurbjarg	–	102	
Skrúður	–	2030	2030
Suðvestursvæði alls			
– Southwestern group subtotal			25779
Austursvæði alls			
– Eastern group subtotal			2756
Samtals – Total			28535



3. mynd. Línurit til að sýna fjölda súlunnar í Eldey á tímabilinu 1953-1999, í Vestmannaeyjum 1932-1999 og við austanvert landið (Rauðinúpur, Skoruvík, Skróður) 1949-1999. Tölur úr Eldey eru allar fengnar af loftmyndum og hafa tölur frá árunum 1953 og 1961 verið endurskoðaðar (sbr. Arnþór Garðarsson 1989). Fyrri tölur úr Eldey eru ekki taldar nægilegar öruggar. Tölur úr Vestmannaeyjum á tímabilinu 1932-1959 eru fengnar með talningum á jörðu niðri (sbr. Þorsteinn Einarsson 1988) en frá 1983 er byggt á loftmyndum. Tölur af austursvæðinu fyrir 1960 eru byggðar á talningum af sjó og landi (Þorsteinn Einarsson 1988) en frá 1984 eru notaðar loftmyndir. – Numbers of gannet sites (AOS) in Eldey, 1953-1999, Vestmannaeyjar, 1932-1999, in the eastern region (Austursvæðið, i. e. Rauðinúpur, Skoruvík, Skróður), 1949-1999, and total Iceland (Alls) in 1983-1999. For Eldey only results from aerial photographs are shown (counts from 1953 and 1961 are revised, see Arnþór Garðarsson 1989). Figures from Vestmannaeyjar and the eastern colonies before 1960 are based on ground counts, but after 1980 all counts were from aerial photographs.

að kanna framtíðina á grundvelli þeirra athugana sem fyrir liggja. Þar gildir jafnan að betra er að veifa röngu tré en öngu.

Sé haft í huga að hámarksfjöldi súluhreiðra í Eldey, alls 18.200 árið 1961, er enn mun meiri en árið 1999 (16.030), virðist ólíklegt að hreiðurstæði geti verið orðin takmarkandi fyrir þann fjölda súlu sem kemst að í Eldey. Í úteyjum Vestmannaeyja, einkum Súlnaskeri, virðist einnig að nóg sé af hreiðurstæðum (sbr. 2. mynd). Heildarfjöldi súlu við Suðvesturland var enn í hægum vexti á árunum fyrir aldamótin 2000 og af því má draga þá ályktun að stofninn hafi ekki verið takmarkaður af fæðuframboði á því svæði. Við austanvert landið var fjöldi súlu á þessu tímabili ekki háður fæðutakmörkunum. Sennilegt virðist að ör fjölgun súlu þar stafi af því að stofninn sé að ná sér aftur eftir ofnýtingu fyrri alda og því ætti honum að halda áfram að fjölga þangað til hann nálgast jafnvægi við fæðuna (Arnbór Garðarsson 1989).

Fjöldinn í Eldey stefnir aftur upp, en þar má búast við metnun á næstunni. Tölur úr Eldey eru allar fengnar af loftmyndum og eru notaðar endurskoðaðar tölur frá árunum 1953 og 1961 (sbr. Arnbór Garðarsson 1989). Byggðirnar í Vestmannaeyjum eru á hægri uppleið. Fjölgunin þar er þó eingöngu í Súlnaskeri. Tölur úr Vestmannaeyjum 1932-1959 eru fengnar með talningum á jörðu niðri (sbr. Þorsteinn Einarsson 1988) en frá og með 1983 er byggt á loftmyndum. Frá árunum 1960 til 1983 eru upplýsingar um fjölda súlu í Eyjum mjög af skornum skammti (sjá Arnbór Garðarsson 1989) og því ekki hægt að slá því alveg föstu að þar hafi verið stöðug fjölgun, kringum 1,5% á ári, á öllu þessu 70 ára tímabili. Ef fjölgunin í Vestmannaeyjum hefur haldist stöðug, má ætla að beinar talningar þar fyrr á árum hafi verið sambærilegar við talningar af loftmyndum. Fjölgunin fyrir austan var stöðug og svipuð eins og víða við V-Evrópu (sjá t.d. Wanless 1987, Wanless & Harris 2004). Tölur af austursvæðinu fram til 1960 eru byggðar á talningum af sjó og landi (Þorsteinn Einarsson 1988) en frá árinu 1984 eru notaðar loftmyndir. Fjöldinn þar var mjög lítill fyrstu árin og því ástæðulaust að vefengja fyrri tölur.

ÞAKKIR

Þorsteinn Einarsson (23. nóvember 1911 – 5. janúar 2001) vakti fyrst áhuga minn á að telja súluna og á hann mikla þökk fyrir. Minning Þorsteins mun lengi lifa fyrir brautryðjandastarf hans á þessu sviði. Úlfar Henningsson flugstjóri flaug með mér út yfir Vestmannaeyjar og Eldey, en Leifur Hallgrímsson um austursvæðið. M.P. Harris var svo vænn að útvega ný gögn frá Bretlandseyjum. Kristinn H. Skarphéðinsson gerði mikilvæga lagfæringu á lokastigi handrits. Kristján Lillendahl las handritið ofan í kjölinn og færði margt til betri vegar.

HEIMILDIR

- Arnbór Garðarsson 1989. Yfirlit yfir íslenskar súlubygðir. – Bliki 7: 1-22.
- Arnbór Garðarsson 1995. Fjöldi súlu við Ísland 1989-1994. – Náttúrufræðingurinn 64: 203-208.
- Arnbór Garðarsson 1996. Ritubygðir. – Bliki 17: 1-16.
- Fisher, J. & H.G. Vevers 1943-1944. The breeding distribution, history and population of the North Atlantic gannet (*Sula bassana*). – J. Anim. Ecol. 12: 173-213; 13: 49-62.
- Gurney, J.H. 1913. The gannet. A bird with a history. – Witherby, London.
- Jakob Jakobsson 1985. Síldarstofnar og stjórn síldveiða í norð-austanverðu Atlantshafi. – Egir 78: 2-9, 82-86, 130-138.
- Nelson, J.B. 1978. The Sulidae. Gannets and boobies. – Oxford University Press, Oxford.
- Wanless, S. 1987. A survey of the numbers and breeding distribution of the North Atlantic gannet *Sula bassana* and an assessment of the changes which have occurred since Operation Seafarer 1969/70. – Nature Conservancy Council. Research and survey in nature conservation. No. 4.
- Wanless, S. & M.P. Harris 2004. Northern Gannet *Morus bassanus*. – Bls. 115-127 í: Mitchell, P.L., S.F. Newton, N. Ratcliffe & T. E. Dunn (ritstj.), Seabird populations of Britain and Ireland. T & A.D. Poyser, London.
- Þorsteinn Einarsson 1954. Talning súlnunnar í Eldey. – Náttúrufræðingurinn 24: 158-160.
- Þorsteinn Einarsson 1988. Íslenskar súlubygðir og saga þeirra. – Náttúrufræðingurinn 57: 163-184.

SUMMARY

Numbers of Northern Gannet *Morus bassanus* in Iceland 1999

Icelandic Gannet colonies were censused in May-June 1999. The colonies form two groups: a southwestern group, comprising Eldey and four isles in the Vestmannaeyjar, photographed on 15 June 1999, and an eastern group of three colonies, Rauðinúpur, Skoruvík and Skróður, photographed on 12 May 1999. Colonies were photographed at altitudes of 100-300 m using a handheld 6x6 cm camera, with a 250 mm lens and positive colour film. Colonies on tops of islands and stacks were photographed vertically from altitudes of 200-600 m using a 80 mm lens. Counts were made directly from the film under a dissection microscope, each apparently occupied site (AOS) being marked on an acetate overlay as counted.

The total number in the southwestern group (Table 1) was 25,779 AOS in 1999 of which 9,749 were in Vestmannaeyjar and 16,030 in Eldey. In the Vestmannaeyjar, the only change in numbers was in Súlnasker, where numbers increased to 5,148 AOS, compared with 3,648 in 1985, corresponding to an annual increase in 1985-1999 of about 2.5%. Numbers in Eldey also increased in 1985-1999, by 2.6% per annum.

Numbers in the eastern group totalled 2,756 in 1999 and had increased from 1550 sites in 1984, corresponding to an annual rate of increase of 3.8%; most (2,030) were in Skróður where the increase was most marked, about 4.1% per annum. Gannets were still increasing on the stack Stóri Karl at Skoruvík, but the main increase there was on broad ledges on the mainland cliffs. A new, separate group of 12 AOS had formed on the southeastern part of Skróður.

Arnbór Garðarsson, Líffræðistofnun háskólans / Institute of Biology, University of Iceland, Askja, IS-101 Reykjavík, Iceland (arnthor@hi.is).

Tilvitnun:

Arnbór Garðarsson 2005. Súlubygðir 1999 og framvinda þeirra. – Bliki 26: 17-20.

Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 2002

Í þessari skýrslu eru birtar allar tiltækar upplýsingar um 115 tegundir flækingsfugla, sjaldséðra vetrargesta og varpfugla sem sástu hér á landi og innan íslenskrar efnahagslögsögu árið 2002. Þrjár nýjar tegundir, auðnalóa, húmgali og trjásongvari, sástu að þessu sinni.

Inngangur

Þetta er 24. skýrslan um sjaldséða fugla hér á landi og sú 22. í Blika. Þær hafa verið gefnar út síðan 1979. Flækingsfuglanefnd hefur yfirfarið allar athuganir sem hér birtast. Nefndin er sjálfstæður fulltrúi fuglaskoðara líkt og í öðrum löndum Evrópu og á tvo fulltrúa í ritnefnd *Blika*.

Í þessari skýrslu er getið 113 tegunda flækingsfugla sem sástu á Íslandi og innan efnahagslögsögu landsins árið 2002. Auk þess eru upplýsingar um hvítfálka og tvær undirtegundir margæsar (austræn og vestræn margæs). Samtals sást því 115 tegundir sjaldgæfra fugla hér á landi árið 2002 sem talið er að séu hingað komnar af sjálfðáðum. Þetta eru fleiri tegundir en nokkru sinni áður hefur verið fjallað um í skýrslum þessum og fimm tegundum fleira en 2001. Einnig er getið tveggja tegunda andfugla, svartsvans og taumgæsar sem eru taldar hafa sloppið úr haldi í V-Evrópu, svo og kúftittlings sem kom með skipi. Í skýrslunni er auk þess getið lensusöngvara frá 1983 (Gunnar Þór Hallgrímsson & Hálfðán Björnsson 2005) og nokkurra annarra viðbóta frá fyrri árum.

Lýsingar og gögn

Almennt gildir sú regla að ekki þarf að lýsa eftirfarandi tegundum, nema þær komi fyrir utan hefðbundins tíma eða á óvenjulegum stöðum: gráskrofa, gráhegri, brandönd, ljóshöfðaönd, rákönd, taumönd, skeiðönd, æðarkóngur, kynblendingur æðarkóns og æðarfugls, hvinönd, sefhæna, bleshæna, grálóa, vepja, rúkragi, skógar-snípa, lappajaðrakan, fjöruspói, ískjói, fjallkjói, dverg-máfur, hringdúfa, snæugla, múrsvölungur, landsvala, bæjasvala, hettusöngvari, gransöngvari, laufsöngvari, glókollur, gráspör á Hofi í Örafum, fjallafinka og barrfinka. Sama gildir um silkitoppu, glóbrysting, dvergkráku, bláhrafn og krossnef í þeim árum þegar þeirra verður vart í miklum mæli. Undantekningar eru kvenkyns ljóshöfðaendur, rákendur og taumendur. Einnig ískjóar, fjallkjóar og dvergmafar sem ekki eru fullorðnir. Öðrum flækingsfuglum þarf að lýsa eitthvað og þeim mun meira þess sjaldgæfari sem tegundin er eða torgreindari frá skyldum tegundum.

Árið 2002 voru ekki dæmdar athuganir á þeim tegundum sem getið er hér að framan. Ekki voru heldur

dæmdar athuganir á söngbröstum, garðsöngvurum, og bókfinkum. Dómnefndin fór yfir 320 athuganir (tegundagreiningar) og voru 248 þeirra samþykktar (78%). Einnig fór nefndin yfir 16 undirtegundagreiningar (69% samþ.), 65 kyngreiningar (69% samþ.) og 117 aldursgreiningar (56% samþ.). Nefndin fékk ekki allar upplýsingar um hami sem bárust Náttúrufræðistofnun Íslands árið 2002.

Nefndin

Að þessu sinni sátu eftirfarandi sjö menn í dómnefndinni: Björn Arnarson, Gunnar Þór Hallgrímsson, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Práinsson, Hallgrímur Gunnarsson, Yann Kolbeinsson og Örn Óskarsson.

Á hverju ári er einn nýr maður kosinn í nefndina í stað þess sem lengst hefur starfað í henni samfelld og tveir varamenn að auki.

Yfirlit 2002

Sjaldgæfir varpfuglar. Eins og kunnugt er bættist glókollur í hóp íslenskra varpfugla árið 1999. Sumarið 2000 var varp glókolla staðfest á tveimur stöðum og á a.m.k. fimm stöðum 2001 (sjá síðustu skýrslu). Enn breiðist glókollur út og syngjandi fuglar sástu á nokkrum stöðum sumarið 2002. Ný vörp voru staðfest í Höfðaskógi í Hafnarfirði og Óskjuhlíð og Ártúnsbrekku í Reykjavík. Varp brandandar eykst hægt en örugglega. Allnokkur pör urpu í Borgarfirði, tvö pör í Eyjafirði, tvö pör við Djúpavog, eitt par við Höfn í Hornafirði og a.m.k. eitt par á Melrakkaslétu. Skeiðönd er sjaldgæfur en reglulegur varpfugl hér á landi og nú fundust tvær kollur með unga við Hofgarða á Snæfellsnesi. Auk þess sást kolla með fleyga unga á Álfanesi í ágúst, en hún gæti allt eins hafa verið önnur hinna. Vepjur hafa orpið hér nokkrum sinnum og nú fannst fugl á hreiðri á Álfanesi, en egginn var líklega ófrjó. Landsvölur hafa orpið hér annað slagið og í þessari skýrslu er getið landsvölupars sem varp við Stapa í Nesjum og kom upp fjórum ungum. Þetta er 27. skráða varp landsvölu hér á landi. Gráspörvavarpið í Örafum er óbreytt. Um 10 pör urpu allt að þrisvar sinnum um sumarið. Í síðari hluta apríl sást syngjandi krossnefur í Vífilsstaðahlíð í Garðabæ, í lok júní var syngjandi hettusöngvari á Hofi í Örafum og í júlí voru tveir syngjandi glóbrystingar í

Hallormsstaðaskógi og sef- eða seljusöngvari í Berufirði. Ólíklegt er þó að um varpfugla hafi verið að ræða í þessum tilvikum.

Vetrargestir, fargestir og algengir flækingar. Sautján gráskrofur sáust hér árið 2002 og er það í meðallagi. Margir gráhegrar sáust hins vegar, 119 fuglar, og hafa aldrei sést jafnmargir fuglar á einu ári. Þetta er tvöfalt meira en meðaltal síðustu 10 ára. Ellefu rákendur sáust, meira en nokkru sinni áður á einu ári. Fjöldi æðarkónga var vel yfir meðallagi, en svipaður fjöldi hvinanda og ljóshöfða sást og undanfarin ár. Sjaldan hafa sést jafnmargar vepjur á einu ári (117 fuglar). Fleiri sáust þó 1942 (126 fuglar), metárið 1963 (238 fuglar) og 1987 (154 fuglar). Þrjátíu skógarsnípur sáust á árinu og er það meira en nokkru sinni áður og tveimur fleiri en 1997. Fjöldi lappajaðrakana var svipaður og undanfarin ár og um fimmtíu fjöruspóar dvelja hér að jafnaði yfir veturinn. Fremur fáir ískjóar og fjallkjóar sáust. Nærri jafnmargar hringdúfur sáust og árið áður, sem var metár. Fjöldi snæugla var undir meðallagi. Övenjumargar landsvölur sáust, rúmlega áttatíu fuglar, en fjöldi bæjasvala svipaður og oft áður. Tæplega þrjátíu silkitoppur sáust um haustið, heldur færri en árið áður. Nokkuð bar á glóbrýstingum. Á árinu varð vart við övenju marga söngþresti (34 fugla) og aldrei sést jafn margir á einu ári nema árið 2001 (96 fuglar). Hauksöngvarar slógu fyrir met með 14 fuglum. Hettusöngvarar voru 134 og er því 2002 fjórða mesta hettusöngvaraár frá upphafi. Fjöldi garðsöngvara og gransöngvara var í meðallagi, en laufsöngvara yfir meðallagi. Tíu rósastarar sáust, sem er tvöfalt meira en fyrra metár 1983. Fremur fáar bókfinkur sáust, en hins vegar margar fjallafinkur, tæplega 100 fuglar. Krossnefir sáust í nokkrum mæli (66 fuglar), en hluti þeirra er án efa leifar af stærstu krossnefsgöngu sem sögur fara af hér á landi, sem hófst í júní 2001 (sjá síðustu skýrslu).

Undirtegundir. Fjórar austrænar margæs fundust og ein vestræn. Fjórir hvítfálkar sáust, sem er svipaður fjöldi og undanfarin ár.

Nýjar tegundir. Þrjár nýjar tegundir sáust árið 2002. Þann 12. júlí settist **auðnalóa** *Charadrius leschenaultii* á skip í Skagafjarðardýpi (66°33'N, 19°37'V). Auðnalóur verpa austur í Asíu, en næst okkur í austurhluta Tyrklands. Þær eru afar sjaldséðir flækingar í NV-Evrópu og torgreindar frá hjarðlóu *Charadrius mongolus* (Gunnar Þ. Hallgrímsson 2005a). Þann 14. september náðist **trjásöngvari** *Hippolais rama* í slæðunet við Jaðar í Suðursveit. Þessi tegund, sem var áður talin undirtegund glapsöngvara *Hippolais caligata*, verpur austur í Asíu og er afar sjaldséð í NV-Evrópu og því ólíklegur flækingur hingað til lands (Gunnar Þ. Hallgrímsson 2005b). Þann 15. október fannst dauður **húmgali** *Luscinia luscinia* við hús í Hæðargarði í Reykjavík. Húmgalar verpa í NA-Evrópu og næst okkur í austurhluta Noregs. Það mátti því búast við að húmgali sæist hér fyrr en síðar og koma þessa fugls var ekki sérlega óvænt (Gunnar Þ. Hallgrímsson 2005c). – Hér er einnig getið **lensusöngvara** *Locustella lanceolata*, sem sást og

náðist árið 1983, en var misgreindur þá sem engisöngvari (Gunnar Þór Hallgrímsson & Hálfán Björnsson 2005).

Aðrir sjaldgæfir flækingufuglar. Nokkrar sárasjaldgæfar tegundir sáust hér árið 2002. Mjallhegri og engisöngvari sáust hér í annað sinn og elrisöngvari í annað og þriðja sinn. Gráheiðir, alpasvölungur og spésöngvari sáust hér allir í þriðja sinn og fjórði hvítstorkurinn og fjórði beltabyrillinn. Fimmta kamböndin birtist á árinu og fimmti og sjötti toppgoðinn. Sjötta vestræna margæsin sást. Bláheiðar og lindastelkar eru nú orðnir sjö. Fjórir síkjásöngvarar sáust, sjöundi til tíundi fuglinn. Áttundi sótstelkurinn sást á árinu. Athuganir á bjartheгра og tígulþernu eru nú orðnar níu. Sex kjarnbítar sáust, en áður höfðu einungis sést átta. Af öðrum sjaldgæfum flækingum má nefna blikönd, gjóð, förufálka, lyngstelk, blábrýsting, hagaskvettu, tvo sefsöngvara og fjóra peðgrípa. – Þrjár taumgæsir sáust (D-flokkur) og tveir svartsvanir einnig, sjöundi og áttundi fuglinn (E-flokkur). Einnig sást kúftittlingur, sem allt bendir til að hafi komið með skipi til landsins (D-flokkur).

Skýringar við tegundaskrá

Þrjár tölur í sviga fyrir aftan tegundarnafn merkja: (1) Fjöldi fugla sem sást fyrir 1979. Ef fjöldinn er ekki þekktur er sett bandstrik (-). (2) Fjöldi fugla á árunum 1979 til 2001. (3) Fjöldi fugla sem sást 2002. – Þessar tölur eru *lágmarksfjöldi* einstaklinga að mati skýrsluhöfunda. Í sumum tilvikum getur reynst erfitt að ákvarða fjölda einstaklinga, en lagt er nokkurt mat á það með skýringum, s.s. „e.t.v. sami fugl“ (þá talið sem tveir fuglar), „sennilega sami fugl“ eða „sami fugl“ (þá talið sem einn fugl). Við hverja tegund er getið útbreiðslusvæðis hennar og nokkur orð eru um viðburði ársins.

Nokkur breyting hefur orðið á latneskum heitum frá því í síðustu skýrslu. Þau fylgja nú AERC TAC (2003).

Sýslur eru í stafrófsröð, en athuganir innan þeirra eru yfirleitt í tímaröð. Til einföldunar er kaupstöðum skipað undir sýslur, Kjósarsýslu undir Gullbringusýslu og Hnappadalssýslu undir Snæfellsnessýslu. Mánuðir eru í tölustöfum.

Fyrir hverja athugun er getið um stað (sýsla er feitletruð, staður er skáletraður), fjölda fugla (ef fleiri en einn), kyn (♂ = karlfugl, ♀ = kvenfugl) og aldur, ef þekkt er, og dagsetningu eða tímabils er fuglinn sást. Að lokum eru finnendur innan sviga eða þeir sem tilkynnt hafa fyrst um viðkomandi fugl eða fugla. Notaðir eru upphafsstafir þeirra sem koma fyrir oftast en fimm sinnum. Táknid □ merkir að fuglinn hafi verið ljósmyndaður (eða kvikmyndaður) og a.m.k. einn nefndarmaður hafi séð myndina. Táknid ☆ merkir að fugli hafi verið safnað, „fd“ merkir að fugl hafi fundist dauður, „fnd“ að hann hafi fundist nýdauður og „fld“ fundist löngu dauður.

Tegundaskrá 2002

Toppgöði *Podiceps cristatus* (2,2,2)

Evrópa og Asía. – Ekki hafa áður sést tveir toppgöðar sama árið.

S-Múl: *Berufjörður í Berufirði*, 24.11. (BA, HB).

A-Skaft: *Höfn*, ungf 14.9. (BB).

Sefgoði *Podiceps griseus* (18,19,1)

A-Evrópa, Síbería og nyrsti hluti N-Ameríku. – Sefgoði hefur aðeins þrisvar áður fundist á Suðausturlandi. Tveir af þeim voru einnig í Berufirði.

S-Múl: *Gautavík í Berufirði*, 24.11. (BA, HB).

Ógreindur trosi *Diomedea* sp (1,0,1)

Þessi fugl var skoðaður á frekar löngu færi og töldu athugendur tegundina vera svaltrosa.

A-Skaft: *Ingólfshöfði*, 30.8. (BA, BB, HB, SÁ).

Gráskrofa *Puffinus griseus* (56,387,18)

Suðrhvel. – Nokkrar sást af annesjum, en helmingur sást á hafi úti.

Gull: *Garðsjór*, 25.8. (GP), 26.8. (YK). – *Reykjanes*, 26.8. (YK).

A-Skaft: *Ingólfshöfði*, sex 30.8. (BA, BB, HB, SÁ).

Á sjó: (62°55'N, 20°47'V), 30.8. (SR). – (62°54'N, 20°47'V), 30.8. (SR). – (62°00'N, 13°33'V), 11.9. (SR). – (62°50'N, 17°43'V), 12.9. (SR). – (62°52'N, 17°50'V), 12.9. (SR). – *Um 12 sjóm NV af Öndverðarnesi*, þrjár um 25.10. (Runólfur Guðmundsson). – *Um 13 sjóm V af Barða*, 5.11. (Runólfur Guðmundsson).

Bjarthegri *Egretta garzetta* (0,8,1)

Slitrótt í sunnanverðri Evrópu, Afríku og Asíu. – Bjarthegri sást hér síðast árið 1999.

A-Skaft: *Krossbær í Nesjum*, 10.-11.5. (Björn Eymundsson ofl). – *Hof í Örafum*, 12.6. (Guðmundur Pálsson, Sigrún Sigurgeirsdóttir ofl), talinn vera sá sami og við Krossbæ.

Mjallhegri *Egretta alba* (0,1,1)

S-Evrópa, S-Asía, suðurlhuti N-Ameríku og S-Ameríka. – Aðeins tveimur árum eftir að fyrsti mjallhegrinn fannst birtist annar, líka að vorlagi.

A-Skaft: *Hraunkot í Lóni*, 5.-13.4. (Friðrik B. Friðriksson ofl), evrópska undirtegundin *alba*, 1. mynd.

Gráhegri *Ardea cinerea* (620,1121,119)

Evrópa, Asía og sunnanverð Afríka. – Undanfarin ár hefur fjöldi gráhegra haldist mjög stöðugur í kringum 50 fuglar á ári, en 2002 fundust fleiri en nokkru sinni áður. Mesti fjöldinn fram að þessu voru 83 fuglar 1990.

Árn: *Núpar í Ölfusi*, 10.2., fjórir 11.2. (JÓH), fimm 27.10. til 2003 (JÓH). – *Spóastaðir í Biskupstungum*, 14.3. (Elsa Marisdóttir, GT), 25.10. (GT ofl). – *Laugarás í Biskupstungum*, 30.3. (Ólafur E. Jóhannsson), 4.10. (Elsa Marisdóttir, GT), tveir 18.10. til 17.1.2003 (Loftur Ingólfsson ofl). – *Eyrbakkur*, 21.9. (EBR, KM, SÁ, SR), þrír 13.11. (JÓH). – *Álftavatn í*

Grímsnesi, tveir 28.-29.9. (Jónas Finnbogason). – *Stokkseyri*, 4.10. (HIÓ). – *Selfoss*, tveir ungf 15.10. (ÓÓ). – *Ölfusforir*, 2.11. (Björgvin Ásgeirsson).

A-Barð: *Reykhólar í Reykhólasveit*, tveir 10.10. (Björn Samúelsson, Gylfi Helgason).

V-Barð: *Keldeyri í Tálknafirði*, 24.2. (Magnús K. Guðmundsson), sást fyrst haustið 2001. – *Brjánslækur í Vatnsfirði*, 5.-7.10. (Rósa Ívarsdóttir). – *Tálknafjörður*, 22.10.-5.11. (Gísli E. Sverrisson, Ólafur Halldórsson).

Borg: *Staflholtsey í Bæjarsveit*, 1.5. (Kristín Sigurðardóttir, Sigurður H. Stefánsson).

Eyf: *Laugaland í Eyjafirði*, tveir 13.10., fimm 15.12., sex 21.12., fjórir til 2.4.2003 (Þorsteinn Ingólfsson). – *Hrísar í Svarfaðardal*, 13.10. (Solveig Theódórsdóttir).

Gull: *Ástjörn í Hafnarfirði*, tveir 6.1. (HÞH, SBj). – *Hvaleyraryatn í Hafnarfirði*, 6.1., 13.5. (HÞH, SBj). – *Urriðakotsvatn í Garðabæ*, 15.-16.1. (RR ofl), tíu 10.11., sex 22.11., níu 23.11., tveir 24.11., tíu 28.11., þrír 29.11., átta 7.-8.12., tveir 25.12. (KM ofl). – *Hvaleyrlón í Hafnarfirði*, fullu og tveir ungf 20.1.-14.3. (GP ofl), amk sex 16.-20.10., fimm 21.10. (HÞH ofl), tíu 31.12. (Arnar Helgason). – *Gunnars-hólmi í Kópavogi*, 11.9. (Björn Guðmundsson). – *Hurðarbakssef í Kjós*, 22.9. (Lárus Hauksson). – *Lambhúsastjörn á Áltanesi*, 23.9. (Gunnar Eyjólfsson). – *Hlíðsnes á Áltanesi*, tveir 14.10. (Helgi Guðmundsson, Ingibergur Oddsson). – *Vogar á Vatnsleysuströnd*, 16.10. (GP). – *Bessastaðastjörn á Áltanesi*, þrír 18.10. (Sófus Sigurðsson). – *Arnarnesvogur í Garðabæ*, 18.10. (Sigríður Ólafsdóttir). – *Skógtjörn á Áltanesi*, fjórir 27.10., ungf 3.11. (HIÓ ofl). – *Straumsvík við Hafnarfjörð*, 27.10. (GP). – *Garðar á Áltanesi*, 29.10. (RR).

N-Ísf: *Engidalur í Skutulsfirði*, 1.11. (Hilmar Pálsson). – *Höfði í Skutulsfirði*, 29.11. (Magnús R. Guðmundsson), sami og í Engidal. – *Bolungarvík*, 12.12. (Böðvar Þórisson ofl).

V-Ísf: *Dýrafjörður*, 3.11. (Böðvar Þórisson). – *Súgandafjörður*, tveir um 15.11. (Magnús R.

Guðmundsson).

N-Múl: *Puríðarstaðadalur á Vesturöræfum*, um 10.10. (skv SP). – *Vestdalseyri í Seyðisfirði*, 2.12. (Steingrímur E. Guðmundsson). – *Seyðisfjörður*, 29.12. (Einar Sigurgeirsson, Rúnar Eiríksson ofl).

S-Múl: *Egilsstaðir og nágr*, 30.9.-2.10. (VHJ), tveir 15.10., 29.10. (SP ofl), 14.-31.12., annar að auki 30.-31.12. (VHJ). – *Fáskrúðsfjörður*, tveir 16.10. (Líneik Sævarsdóttir). – *Starmýri í Áltafirði*, 24.11. (BA, HB). – *Eskifjörður*, 30.11. ☆ (Þóroldur Sverrisson), náðist aðframkominn og drapst. – *Innri-Kleif í Breiðdal*, 9.12. (GH). **Rang:** *Smáratún í Fljótshlíð*, 15.-21.2. (Jón Ólafsson, Kristinn Jónsson). – *Lágafell í A-Landeyjum*, 16.10. (Sæunn Þórarinsdóttir).

Rvík: *Ellidavatn og nágr*, 9.-17.4. (Hafsteinn Björgvinsson ofl), 1.10. (Ólafía Ólafsdóttir), fjórir í okt, tveir 22.11. (Hafsteinn Björgvinsson ofl), fimm 7.12., þrír 25.-31.12. (CB, KG ofl). – *Grafarvogur*, tveir 10.9. til 2003 (Arnór Þ. Sigfússon ofl). – *Skógræktin í Fossvogi*, 25.10. (SÁ).

A-Skaft: *Fornustekkar í Nesjum*, 6.4. (GPH, GP, VÁ, YK). – *Hólar í Nesjum*, fullu 26.-29.5. (BA ofl), 5.10. (BA ofl), tveir 5.11. (BB). – *Baulutjörn á Mýrum*, fullu 31.5.-9.6. (BA ofl), annar að auki 9.6. (BA ofl), 2.-5.8. (BA ofl), 2. mynd, 14.9., fjórir 3.10. (BA). – *Syðri-Fjörður í Lóni*, 24.9. (BB, Pálmi S. Brynjólfsson). – *Höfn*, þrír 28.9. (BB), fimm 30.9., fjórir 3.10., fjórir 11.10., tveir 5.11., tveir 21.11., 1.12. (BA ofl). – *Kríutjörn í Nesjum*, þrír 20.9. (BB). – *Bjarnanes í Nesjum*, þrír 4.10., tveir 5.10. (BA, EBR, GP, GP, SÁ ofl), sömu og á við Kríutjörn. – *Dilksnes í Nesjum*, tveir 4.10. (BA, EBR, GP, GP, SÁ). – *Hoffell í Nesjum*, 13.10. (BA). – *Hnappavellir í Örafum*, fjórir 15.10. (Gísli Jónsson), ellefu 25.10. (HB). – *Fagurhólsmýri í Örafum*, fjórir 1.12. (Helgi Sigurgeirsson).

V-Skaft: *Kleifar á Síðu*, 6.10. (skv GAG). – *Tungulækur í Landbroti*, tveir 3.11. (Hörður Harðarson).

Skag: *Sauðárkrókur*, tveir 27.10. (Sigurfinnur Jónsson).



1. mynd. Mjallhegri *Egretta alba* við Hraunkot í Lóni, 7. apríl 2002. – Daníel Bergmann.



2. mynd. Gráhegri *Ardea cinerea* við Baulutjörn á Mýrum, 2. ágúst 2002. – Daníel Bergmann.

Snæf: *Grundarfjörður*, sept (Hörður Harðarson). – *Stykkishólmur*, fimm frá byrjun nóv til mars 2003 (Trausti Tryggvason).

Vestm: *Heimaey*, tveir 29.10. (Hávarður B. Sigurðsson).

N-Ping: *Kópasker*, 3.10.2001 til 10.2. (GÖB ofl). – *Snartarstaðir í Núpasveit*, fullu 13.-17.5. (GÖB ofl). – *Pórshöfn*, tveir 8.9. (GG), ellefu 19.9., níu 20.9., 6.10. (skv GG). –

Núpskatla á Melrakkaslétu, tveir 9.9. (GÖB). – *Núpsvatn í Núpasveit*, 28.9., tveir 29.9.-20.10., annar sást til 2003 (Sveinn Hreinsson ofl). – *Sauðanes á Langanesi*, fjórir 26.-27.9. (GG). – *Gunnarsstaðir í Pistilfirði*, 30.9. (GG). – *Víkingavatn í Kelduhverfi*, sex 30.9.-5.10. □, fimm 6.-13.10. (AÖS ofl). – *Lón í Kelduhverfi*, tveir 3.11.-5.1.2003 (AÖS ofl).

S-Ping: *Kaldbakur við Húsavík*, ungf 15.10.2001 til 13.4. (GH ofl), 13.-26.10. (GH ofl), tveir 9.-11.11. (Sigurður Gunnarsson ofl).

2001: V-Barð: *Keldeyri í Tálknafirði*, einn um haustið 2001 (Magnús K. Guðmundsson).

N-Ping: *Presthólar í Núpasveit*, fullu 8 24.3. (GÖB). – *Skjálftavatn í Kelduhverfi*, fullu 8 16.4., fullu 8 3.9. (GH).

Dvergsvanur *Cygnus columbianus bewickii* (1,19,2)

Síbería (*C.c. bewickii*) og N-Ameríka (*C.c. columbianus*). – *C.c. bewickii* er fremur sjaldgæfur flækingur hér á landi. Ekki er útilokað að einn og sami fuglinn hafi verið á ferðinni á báðum stöðum.

A-Skaft: *Svínhólar í Lóni*, fullu 9.4. (BB). – *Krútjörn í Nesjum*, 29.9. (BA).

Akurgæs *Anser fabalis* (5,49,2)

N-Evrópa og N-Asía. – Akurgæsir sáust hér síðast árið 1998.

A-Skaft: *Borgir í Nesjum*, tvær 15.4. (BA, BB), annar fuglinn af undirtegundinni *fabalis*.

Snjógæs *Anser caerulescens* (20,130,3) N-Kanada, NV-Grænland og NA-Síbería. – Um haustið ílentist snjógæs með grágæsunum á höfuðborgarsvæðinu, en ekki er vitað til þess að snjógæs hafi áður haft vetursetu hérlandis.

Borg: *Hvanneyri*, fullu 12.-20.10. □ (GP ofl), hafði sést stuttu áður.

Gull: *Hafnarfjörður*, fullu 26.10.-13.11., 6.-9.12. □ (Ingibjörn Hafsteinsson, KM ofl), mun hafa sést u.þ.b. viku fyrr. – *Vífilsstaðir í Garðabæ*, fullu 20.-25.12. (CB, KG ofl), sama og í Hafnarfirði.



3. mynd. Hvítstorkur *Ciconia ciconia* í Breiðdal, 4. nóvember 2002. – Brynjólfur Brynjólfsson.

Hvítstorkur *Ciconia ciconia* (3,0,1)

Evrópa, nyrst í Afríku og austast í Asíu. – Fyrri fuglar komu allir að vorlagi. Hvítstorkurinn í Breiðdal er frægasti flækingsfugl fyrr og síðar. Alþjóð fylgdist með vikulangri veiðiferðinni og síðan var hann aðal aðdráttarafl Húsdýragarðsins í marga mánuði.

S-Múl: *Breiðdalsvík*, 22.10. (Hans Eiríksson). – *Breiðdalur*, fullu 4.11.-18.12. □ (BA, BB ofl), 3. mynd, handsamaður 18.12. og fluttur í Húsdýragarðinn í Reykjavík og síðan til Svíþjóðar í september 2003.

Hnúðsvanur *Cygnus olor* (0,4,0)

S-Skandinavía, M-Evrópa, M-Asía allt til Kína. – Nú er hnúðsvanurinn orðinn sjö ára. Þetta árið virðast fuglaskoðarar ekki hafa haft mikinn áhuga á fuglinum.

N-Múl: Húsey í Hróarstungu, 22.4. (Örn Þorleifsson).

Rvík: Tjörninn, fullu 19.11.-1.12. □ (Alistair MacIntyre ofl), 4. mynd, sama og í Hafnarfirði. – Miklatún, 29.11. (GAG, GP), sama og í Hafnarfirði. – Árskógar, 28.12. (Kristín Guðmundsdóttir), sama og í Hafnarfirði.

A-Skaft: Árbær á Mýrum, fullu 5.9. (BB), talin vera sama og árið áður.

Kanadagæs *Branta canadensis* (25,97,5) Norðurhluti N-Ameríku. Verpur víða villt og hálfvillt í Evrópu. – Mjög áhuga-vert er að vita hvort kanadagæsir komi frá Ameríku eða hvort þær eru af evrópskum uppruna. Því ættu athugendur að gera eins góðar lýsingar og hægt er og reyna að greina þær til undirtegundar. Í því sambandi skiptir stærð mestu máli. Einnig ætti að koma fram með hvaða gæsum þær eru. Ekkert er hægt að segja um uppruna kanadagæsanna sem sáust þetta árið. Gæsirnar í Grindavík voru einar og stærð var ekki lýst. Hinar tvær voru stórar og var önnur með grágæsum.

Gull: Grindavík, þrjár 25.6. (Ingrid Frankow, Lena Krogh, Olle Holst, Ulf Remahl).

N-Ping: Grjótnes á Melrakkaslétu, 9.5. (GÖB). – Brekka í Núpasveit, 6.10. (GÖB, PP).

Margæs *Branta bernicla bernicla* (0,27,4) Túndrur Síberíu. Þessi undirtegund margæsar hefur vetursetu í Danmörku, Hollandi, SA-Englandi og Frakklandi. – Flestar austrænar margæsir sjást stakar í margæsaþópum á Vesturlandi. Margæsir eru mjög sjaldgæfar annars staðar á landinu, en þær fáu sem sjást reynast oft austrænar. Fuglaskoðarar ættu því að greina allar stakar margæsir til deilitegundar.

Gull: Skógtjörn og nágr á Álftanesi, fullu 24.4.-19.5. (GPH, VÁ, YK ofl). – Bessastaðir á Álftanesi, fullu 8.-21.5. (HG ofl), önnur fullu að auki 10.-21.5. (YK ofl), ekki sömu og við Skógtjörn, árgömul að auki 21.5. (GAG). – Hvaleyrarlón í Hafnarfirði, fullu 8.-14.5. (GP ofl). – Hausastaðir á Álftanesi, fullu 21.5. (GAG). – Suðurnes á Seltjarnarnesi, 20.5. (EBR).

N-Múl: Dratthalastaðir í Hjaltastaðapinghá, 16.5. (HWS).

N-Ping: Syðralón á Langanesi, 22.5.-3.6. (GH, GG ofl).

Margæs *Branta bernicla nigricans* (0,5,1) Túndrur A-Síberíu, Alaska og NV-Kanada. – Þrjú ár eru síðan vestræn margæs sást síðast.

Gull: Bessastaðir og nágr á Álftanesi, fullu 8.9.-31.5. □ (GAG ofl).

Brandönd *Tadorna tadorna* (25,83+,-) NV-Evrópa, slitrótt í S-Evrópu og Mið-Asíu. – Brandendur hafa nú orpið í Borgarfirði og Eyjafirði í nokkur ár og nú urpu þær í Hornafirði annað árið í röð. Einnig urpu þær á Melrakkaslétu, en þar hafa þær orpið áður, og á



4. mynd. Snjógæs *Anser caerulescens* við Tjörnina í Reykjavík, 1. desember 2002. – Daníel Bergmann.

Djúpavogi, en það er nýr varpstaður. Að minnsta kosti 13 pör komu upp ungum. Brandendurnar eru farfuglar, en ekki er enn vitað hvar þær hafa vetursetu.

Árn: Stokkseyri, fullu 8.14.4. (JÓH).

Borg: Grjóteyri í Andakíl, átta 4.4., níu 5.4., 26 fuglar 13.4., átta 26.4., níu 6.5., sex 18.5., níu 19.5., tólf auk þriggja para með 3 unghópa (33 ungar) 15.6., sautján 4.6., 21 fugl 16.6., 57 fuglar auk sex ♀ með minnst 30 unga 26.6., 54 fuglar auk fjögurra para og ♀ með 5 unghópa (33 ungar) 29.6., 50 fuglar auk tveggja para og ♀ með 3 unghópa (27 ungar) 6.7., 48 fuglar auk sex para og ♀ með 7 unghópa (57 ungar) 7.7., 50 fullu fuglar 19.7., 45 fuglar (þ.a. sextán ungf) 30.7., 55 fuglar 12.10. (ýmsir). – Hvanneyri, tvær 21.4. (Finnur L. Jóhannsson, Kristinn H. Skarphéðinsson). – Ausa í Andakíl, tvær 3.5., sex 8.6. (ÓE). – Hamarsvík í Borgarfirði, tvö pör auk pars með sjö unga 29.6., par auk pars með fimm unga 7.7. (EBR, Fríðrik Diego, SÁ).

Eyf: Gásir við Eyjafjörð, par 22.4.-30.5., 8 að auki 30.5., par með níu stálpaða unga og par með sex dúnunga 22.6. (Sverrir Thorstensen, ÞSH).

Gull: Garðskagi og nágr, 16.3. (BA). – Sandgerði, par 11.5. (DB, EBR, EÖP ofl). – Stóra-Sandvík sunnan Hafna, 11.5. (DB, EBR, EÖP ofl).

S-Múl: Neskaupstaður, 8.3.5. (GH). – Djúpi-vogur, tvær 3.5., fjórir 8 og tveir ♀ 4.5., tveir 8.3.5.-8.6., ♀ að auki 8.6., par með tíu unga og par með amk sex unga 21.6., par með sjö unga 28.6., par með sjö unga og par með tólf unga 1.7. □, tvö pör með 24 unga 8.7., par með ellefu unga 13.-14.7., 8 að auki 14.7., tvö pör og ♀ með 21 unga 14.8. (ýmsir).

Mýr: Borgarnes, fjögur pör 11.5., par og árgsamall fugl 16.5., fimm 8 og fimm ♀ 18.5., par og 8.22.5., par með níu unga 15.-29.6. (ýmsir).

A-Skaft: Höfn og nágr, 8.1.4., par 4.-12.4., par og ♀ 23.4., par og tveir ♀ 24.4., tvö pör og ♀ 26.-28.4., tvö pör og tveir ♀ 29.4., þrettán 21.5., fimmtán 23.5., sex 26.5., tíu 1.6., sex 19.6., par með fimm fleyga unga 19.-20.8., átta ungf 27.8., tólf ungf 20.9., þrír ungf 31.10. (BA, BB ofl).

N-Ping: Hringlón á Melrakkaslétu, par 21.4. (GÖB, PP), tvær 3.-12.9. (GH). – Ólafsvatn á Melrakkaslétu, 8 fd snemma sumars (skv GÖB). – Hestvatn á Melrakkaslétu, par með sjö stálpaða unga 13.7. (Benoît Condoumi, YK). – Háumalarlón á Melrakkaslétu, par með þrjá unga 31.7. (Brynjúlfrur Sigurðsson, GÖB).

Ljoshöfðaönd *Anas americana* (28,100,7)

Norðurhluti N-Ameríku. Árviss hér á landi og víðar í Evrópu. – Allir ljoshöfðar sem sáust í Gullbringusýslu eru taldir vera fuglar sem sáust árið áður. Aðrir eru taldir nýir þó ekki sé útilokað að þeir hafi sést áður eða séu fuglar sem hafa vetursetu á suðvesturhorninu.

Gull: Gerðar í Garði, 8.5.-12.1. (SÁ). – Bakkatjörn á Seltjarnarnesi, 8.10.1. (CB, KG). – Kalmanstjörn í Höfnum, 8.26.-27.1. (EBR, SÁ ofl). – Sandgerði, 8.27.1. □ (PeL, YK). – Tjarnarstígur á Seltjarnarnesi, 8.31.1., 8.23.3. (GPH, VÁ, YK ofl). – Fossvogur, 8.16.-20.2. (EBR, SÁ ofl). – Hafnarfjörður, 8.28.2.-10.3. □ (YK), 5. mynd, 8.22.-23.11., 8.18.-31.12. (SÁ ofl). – Arnarnesvogur í Garðabæ, 8.28.10. (SÁ).

S-Múl: Egilsstaðir, tveir 8.2.5., annar til 3.5. (GH ofl).

S-Ping: Kaldbakur við Húsavík, 8.26.5.-11.6. □ (GH ofl). – Mývatn, 8. við Vagnbrekku 26.5.-2.6. og 27.6. (Árni Einarsson, YK ofl), 8. á Bolum 14.6. (YK), 8.15.-28.6. (GPH, YK), og annar 8. að auki 22.-28.6. við Fellshól (YK ofl), 8. á Neslandavík 24.6. (YK), 8. á Álftavogi 5.-12.7. (YK ofl), um er að ræða þrjá steggi á Mývatni. – Sandur í Aðaldal, 8.2.6. (GH, GP, PeL, SÁ, YK).



5. mynd. Ljóshöfðaönd *Anas americana*, karlfugl, ásamt rauðhöfðakollu *Anas penelope* í Hafnarfirði, 10. mars 2002. – Yann Kolbeinnsson.

Rákönd *Anas carolinensis* (5,75,11) Norðurhluti N-Ameríku. Rákönd er árviss í Evrópu og einnig hér á landi. Rákandarkollur eru afar torgreindar frá urtandarkollum. – Aldrei áður hafa sést jafn margar rákendur, en mest höfðu sést 10 fuglar árið 1995.

Árn: Skerflóð við Stokkseyri, 3.2.5. (HIÓ).

Borg: Grjóteyri í Andakíl, 3.12.10. (GP).

Gull: Kalmanstjörn í Höfnum, 3.24.1. (AG, Þorkell L. Þórarinnsson). – Kasthúsatjörn á Álftanesi, tveir 3.9.5. (SÁ ofl). – Daltjörn á Seltjarnarnesi, 9.-14.5. (HG ofl), annar 3. að auki 10.5. (YK). – Breiðabólstaðatjörn á Álftanesi, 3.15.5. (SÁ).

N-Múl: Straumur í Hróarstungu, 3.25.4. (HWS).

A-Skaft: Hestgerðislón í Suðursveit, 3.4.10. (EBR, GP, GP, SÁ ofl).

Snæf: Beruvík undir Jökli, 3.18.5. (DB, GPH, VÁ, YK).

N-Ping: Brunahóll og nágr á Melrakkaslétu, 3.2.-12.6. (GH, GP, PeL, SÁ, YK ofl). – Núpskatla á Melrakkaslétu, 3.2.-15.6. (GH, GP, PeL, SÁ, YK ofl).

S-Ping: Bakkakrókur við Húsavík, 3.25.4. (GH ofl).

Brúnönd *Anas rubripes* (3,22,0)

Norðausturhluti N-Ameríku. – Steggrurinn sem hefur verið í Garði og nágrenni síðan 1996 heldur enn tryggð við sama svæðið.

Gull: Gerðar í Garði, 3.9.9.2000 til 4.4. (GP, YK ofl), 15.9. til 2003 (EBR, KM, Lars Witting ofl).

Taumönd *Anas querquedula* (10,44,8) Evrópa og Asía. – Þetta er mesti fjöldi taumanda á einu ári, einni fleiri en 1999. – 6. og 7. mynd.

Árn: Símonardæl á Stokkseyri, 3.10.5. (EÓP, JÓH).

Gull: Njarðvíkurfitjar í Njarðvík, 3.3.6. (DB), 8. mynd.

Rang: Þykkvibær, 3.1.5. (BH, EÓP, HIÓ, ÓE ofl).

A-Skaft: Kríutjörn í Nesjum, 3.30.5. (BA, BB), tveir 3.31.5.-1.6. (BA, GP, PeL, SÁ ofl). – Bjarnanes í Nesjum, 3.1.-5.6. (BA, BB).

V-Skaft: Skeiðflöt í Mýrdal, 3.11.5. (SÁ, YK).

Skag: Glaumbær í Skagafirði, 3.23.5. (ÓE).

Skeiðönd *Anas clypeata*

Evrópa, N-Asía og norðanverð Ameríka. – Að þessu sinni var varp aðeins staðfest á einum stað, Hofgördum á Snæfellsnesi, en þar komust einnig ungar úr hreiðri árið áður.


Eyf: Glerárós á Akureyri, 3.10.3. (PSH). – Laugaland í Eyjafirði, par 6.5. (PSH).

Gull: Sandgerði, 3.5.3.-21.4. (GP ofl). – Kasthúsatjörn á Álftanesi, 3.4.5. (SÁ), þrír 3. og 3.31.5., 3. til 9.6. (CB, KG ofl), sjö 17.8., 3. með þrjá ungf 18.8. (EBR, SÁ ofl). – Breiðabólstaður á Álftanesi, tveir 3. og 3.18.-20.5. (SÁ ofl), 3. með þrjá ungf 18.8. (GPH, YK). – Bessastaðatjörn á Álftanesi, tveir 3.9.6., þrír 3.20.6. (SÁ).


S-Múl: Djúpiavogur, tveir 3. og 3.4.5. (BB ofl), par 8.5., 3.31.5., par 1.7. (BB ofl).

A-Skaft: Kríutjörn og nágr í Nesjum, par 15.5.-1.6. (BB ofl).

Snæf: Hofgarðar í Staðarsveit, par 18.5., 3.8.6. (DB, GPH, VÁ, YK ofl), fjórir 3. (tveir 3. með unga, önnur fjóra, en hin einn) 19.7. (Benoît Condoumi, Edward S. Brinkley, YK).



6. mynd. Fundarstaðir og fjöldi taumanda *Anas querquedula* á Íslandi til ársloka 2002. – Location and number of Garganey *Anas querquedula* in Iceland to the end of 2002.



7. mynd. Fjöldi taumanda á Íslandi eftir vikum til ársloka 2002. Rauðu súlurnar sýna hvenær fuglarnir fundust, en þær gulu athuganir eftir fyrstu vikuna. – Weekly distribution of Garganey in Iceland to the end of 2002. Red columns show the week of discovery and yellow columns all observations after the first week (for birds that were seen more than one week).

Skutulönd *Aythya ferina* (64,142,5)
Miðbik Evrópu og Asíu. – Sjaldgæfur vor og sumargestur sem hefur orpið hérlandis.

Árn: *Hlíðarvatn í Selvogi*, ♂ 28.3.-8.4. (JÓH ofl).

Gull: *Fossvogur*, ♂ 10.2.-10.3. (GP ofl).

A-Skaft: *Pveit í Nesjum*, fullu ♂ 15.4. (BA, BB).

S-Ping: *Mývatn*, ♂ í Hrótey og annar ♂ við Mikley 26.5. (Árni Einarsson, YK), ♂ við Skútustaði 2.-8.6. □ (GH, GP, PeL, SÁ, YK ofl), 9. mynd, ♂ við Reykjahlíð 29.6. og 7.7. (Michel Robert, YK ofl), tveir ♂ í Neslandavík 7.8. (YK, Þorkell L. Þórarinnsson), ♂ á Ytriflóa um miðjan ágúst (Þorkell L. Þórarinnsson). Alls er um þrjá steggi að ræða á Mývatni.

Hringönd *Aythya collaris* (3,32,5)

N-Ameríka. – Sennilega sáust fimm nýjar hringendur, en fuglarnir á Úllfjóttsvatni, Reykjavík, Grjótnesi og Leirhafnarvatni eru taldir vera sömu fuglar og voru á sömu stöðum árið áður. Samtals sáust því níu einstaklingar, ef fuglarnir fyrir norðan eru ekki sömu fuglar og eru vetrargestir frá Suðvesturlandi.

Árn: *Úllfjóttsvatn og nágr*, ♂ 23.1.-24.2. (JÓH ofl). – *Laugardælavatn í Flóa*, ♂ 7.10. (JÓH).

(Holden & Cleeves 2002). Samkvæmt því má gera ráð fyrir að varpið í Grímsnesinu hafi hafist í seinni hluta apríl þetta árið.

Eigendur sumarhússins voru fjarverandi þegar mig bar að, en Guðmundur hafði hitt þá og fengið leyfi fyrir okkar hönd að valsa um landið. Nú var svo komið að Guðmundur þurfti frá að hverfa en ég ákvað að doka við og freista þess að sjá fullorðnu fuglana. Við vettvangsrannsóknina höfðum við fundið mest ummerki um viðveru fuglanna í gróinni hraundæl þar sem gróðursett hafði verið hringinn í kring. Þar inni var því skjólgott rjóður, þó ekki hafi nú skógurinn í kring verið mikill um sig. Ég fékk mér sæti við verönd sumarhússins þar sem ég hafði útsýni að dælinni. Þó ég sæi ekki inn í rjóðrið sjálft taldi ég nokkuð öruggt að ég yrði var við alla fugla sem kæmu þangað inn eða færu út, en þar vanmat ég stórlega læðupúkahlátt ugla.

Leið og beið og smám saman fór að draga ský fyrir sólu, en fram eftir degi hafði verið heiðskírt og ákaflega hlýtt. Þegar klukkan fór að nálgast átta að kvöldi fóru ungarnir að gefa frá sér skræk hljóð sem helst er hægt að líkja við ískur í ryðguðu járnhliði. Héldu skrækirnir áfram svolitla stund en þögnuðu síðan eins snögglega og þeir höfðu byrjað. Mér þótti það benda til að fullorðnu fuglarnir væru einhversstaðar á svæðinu og

að ískurskrækir unganna hefðu verið ákall á æti. Því ákvað ég að gægjast inn í rjóðrið en þaðan höfðu hljóðin borist frá tveimur unganna. Þegar ég leit þangað inn sátu hinsvegar tvær fullorðnar eyruglur í rjóðurbotninum og fældust við að sjá mig. Þarna voru loksins komnir foreldrar unglinganna þriggja. Annar fuglinn flaug í burtu og hvarf yfir hæð, en hinn settist í tré skammt frá og sat þar nógu lengi svo ég gæti smellt af honum ljósmynd (2. mynd). Uglan var augljóslega ekki sátt við nærveru mína enda var ég líkast til þarna kominn í hennar helgasta vígi – í hjarta óðalsins. Hún sendi mér tóninn með hvellum hljóðum sem líktust hundsgelti. Þegar hún hafði gelt nokkrum sinnum að mér flaug hún upp og hvarf sömu leið og maki hennar (3. mynd).

Ég hörfaði frá rjóðrinu og í sömu andrá var bíl ekið upp hlaðið. Þar voru komnir landeigendurnir sem reyndust vera roskin hjón, ákaflega indæl og gestrisin. Þau buðu mér kaffisopa og bakkelsi sem ég þáði með þökkum, enda orðinn lúinn eftir langan dag. Þegar inn var komið sögðu þau mér sögur af uglunum sínum. Húsbóndinn hafði fyrst orðið var við að þær væru með unga sumarið 2001, þó svo þau hefðu líka séð til fuglanna árið áður. Hann var á gangi um lóðina þegar lítill ugluungi datt úr tré og lenti á öxlinni á honum.



3. mynd. Fullorðin eyrugla yfir varpstað í Grímsnesi 3. júlí 2003. Á flugi má sjá önnur greiningareinkenni eyruglu. Þar ber að nefna dökkar og grófar kviðrákir sem ná niður að fótum, fingerðar rákir á undirstélþökum og ljósa enda handflugfjæðra (Svenson o.fl. 1999). – Daníel Bergmann.

Hann fór með ungann í hús og sýndi konu sinni og þegar hún rifjar upp atvikið fyrir mér þá minnst hún helst „hvað hann var hvasseygður, með þessi stóru appelsínugulu augu“. Þau töldu að þarna væru branduglur á ferð, og sumarið 2002 urðu þau enn var við uglunga sitjandi í trjánum. Húsfreyjan lýsti einnig hljóðunum í fuglunum á kvöldin, en þá hljómaði um trjálundinn „Ú-ú-ú“.

Í Grímsnesinu er því líklegt að eyruglur hafi orpið frá árinu 2001, og sannarlega urpu þær sumarið 2003. Eyrugla sést nær árlega hér á landi, aðallega að vetrarlagi (Gunnlaugur Pétursson & Gunnlaugur Þráinsson 1999). Fram til ársins 2001 höfðu sést 157 fuglar (Yann Kolbeinsson o.fl. 2005). Eyrugla er náskyld branduglu og nokkuð lík henni við fyrstu sýn. Hún er meiri skógarfugl en brandugla og er einnig meiri náttfugl. Fæða hennar er svipuð og branduglu, aðallega mýs og ýmsir fuglar. Ég átti aftur leið framhjá varpstaðnum í Grímsnesi þann 4. júlí og leit við í lundinum. Þá sá ég hvar stálpaðasti ungin sat í tré með leifar af skógarþresti *Turdus iliacus* í annarri klónni (4. mynd). Ekki gafst þó kostur til að safna fæðuleifum (ælum) til frekari greiningar á fæðu fuglanna.



4. mynd. Eyrugluungi á varpstað í Grímsnesi 4. júlí 2003. Í annarri klónni er ungin með leifar af skógarþresti. – Daníel Bergmann.

Ljóst er að með aukinni áherslu á skógrækt undanfarna áratugi hefur myndast hér kjörlendi fyrir eindregna skógarfugla á borð við eyruglu. Samspil vaxandi skóga og hlýnandi veðurfars er að breyta fuglafánu landsins smám saman og líklegt er að í nánustu framtíð verði skógarfuglar meira áberandi varpfuglar en nú er. Sú þróun hefur þegar hafist með öfluglu landnámi glókolls *Regulus regulus* á aðeins örfáum árum, og tryggari fótfestu svartþrastar *Turdus merula* á höfuðborgarsvæðinu. Árangursríkt varp eyruglu þarf því ekki að koma á óvart enda eru nú öll skilyrði fyrir hendi og ljóst er á þeim fjölda eyrugla sem vart hefur orðið hér að vetrarlagi að hún á þess jafnvel kost að gerast staðfugl. En þó vissulega sé spennandi fyrir fuglaáhugamenn að sjá nýjar tegundir bætast við fátæklega varpfuglafánu Íslands, þá er mikilvægt að vandað sé til skógræktar í framtíðinni svo ekki sé gengið á hlut rótgróinna varpfugla sem kjósa opið kjarr- og mólendi. Eitt vandamál blasir þó við fuglaáhugamönnum með tilkomu stærri og víðáttumeiri skóga. Þar verður erfiðara að finna nýja fugla.

Heimildir

- Gunnlaugur Pétursson & Gunnlaugur Þráinsson 1999. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi fyrir 1981. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 37. – Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík.
 Holden, P. & T. Cleeves 2002. RSPB Handbook of British Birds. – Christopher Helm, London.
 Svenson, L., P.J. Grant, K. Mullarney & D. Zetterström 1999. Collins Bird Guide. – Harper Collins, London.
 Yann Kolbeinsson, Gunnlaugur Þráinsson & Gunnlaugur Pétursson 2005. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 2002. – Bliki 26: 21-46.
 Ævar Petersen 1998. Íslenskir fuglar. – Vaka-Helgafell, Reykjavík.

SUMMARY

First confirmed breeding of Long-eared Owl in Iceland

In July 2003 a note about newly fledged Short-eared Owl chicks *Asio flammeus* accompanied by a photo was published in the newspaper Morgunblaðið. Many readers suspected that the young owl looked more like a Long-eared Owl *Asio otus* than its short-eared cousin. That was later confirmed by visiting the breeding site in Grímsnes, S-Iceland, where a pair of Long-eared Owls with three newly fledged chicks was found. According to landowners a pair of owls had been at the site every summer since 2000 and chicks had been seen both in 2001 and 2002.

Daníel Bergmann, Langagerði 82, 108 Reykjavík.

Tilvitnun:

Daníel Bergmann 2005. Eyrugla verpur á Ísland. – Bliki 26: 47-50.

Sendlingar merktir á Íslandi finnast í V-Evrópu

Dagana 18.-25. maí 2003 var gerður út leiðangur til rannsókna á sendlingum á Suðvesturlandi. Alls náðust 84 sendlingar og bentu mælingar til þess að flestir fuglanna tilheyrðu stofni sendlinga sem vetursetu hefur í V-Evrópu og grunur leikur á að eigi varpheimkynni í Kanada. Fuglarnir voru allir litmerktir og þeir fjórir sem hafa sést erlendis síðan voru allir á vetrarstöðvum í Evrópu. Þessar athuganir styðja niðurstöður byggðar á stærðarmælingum um uppruna þeirra fugla sem náðust í maí 2003. Engar vísbendingar eru um að sendlingar af íslenska varpstofninum hafi vetursetu á þessum slóðum.

Inngangur

Á veturna eru sendlingar *Calidris maritima* af tveimur útlitsgerðum á Bretlandseyjum, sem greina má í sundur á stærð og neflengd. Til hagræðis má tala um *langnefi* og *stuttnefi* þó um fleiri en tvo stofna geti verið að ræða. Dreifing þessara gerða er ekki alveg jöfn því á Norður- og Vestur-Skotlandi eru *langnefir* ríkjandi en frá Edinborg til Yorkskíris snýst hlutfallið við (Nicoll o.fl. 1988). Góð samsvörun er á milli stærðarmælinga *stuttnefa* og varpfugla í Noregi og hafa litmerkingar á fuglum þaðan staðfest að sú gerð kemur til vetrarstöðva á Bretlandseyjum og í Hollandi (Rae o.fl. 1986, Summers 1994).

Erfiðara hefur á hinn bóginn reynst að skilja faramynstur *langnefanna*, en meirihluti sendlinga sem dvelur á Bretlandseyjum tilheyrir þeirri gerð. Neflengd *langnefa* passar t.a.m. ágætlega við fugla frá Rússlandi, Íslandi og Kanada. Rannsóknir sem gerðar voru í N-Pingeyjarsýslu sumrin 1986-1987 bentu til að íslenskir varpfuglar hefðu lengri vængi og fætur en vetursetufuglar á Bretlandi og gætu því ekki verið þaðan. Auk þess sýndu litmerkingar á fuglum í sömu rannsókn ekki annað en að íslensku fuglarnir væru staðfuglar (Summers o.fl. 1988). Því er ekkert sem bendir til þess að íslenskir sendlingar fari til Bretlands á veturna þótt slíku sé tíðum haldið fram (Jóhann Óli Hilmarsson 1999, Wetlands International 2002).


Fræðimenn hafa á síðustu árum hallast að því að *langnefir* komi frá Kanada (Árni Waag Hjálmarsson 1982, Summers o.fl. 2001) og að þeir fari um Ísland á fartíma líkt og sandlóur, lóuprælar, sanderlur, rauðbrystingar og tildrur gera. Til að átta sig betur á ferðum sendlinga komu Ron W. Summers og Brian Etheridge frá Konunglega breska fuglaverndarfélaginu (RSPB) hingað til lands í maí 2003 og gerðu út leiðangur ásamt Gunnari Þóri Hallgrímssyni. Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvaða sendlinga er að finna í fjörum á Suðvesturlandi upp úr miðjum maí, þegar *langnefir* hafa yfirgefið Bretlandseyjar (Summers o.fl. 2001).

Aðferðir

Farið var um þekkt sendlingasvæði á Suðurnesjum dagana 18. - 25. maí 2003 og horft eftir sendlingum. Þar sem fuglar fundust og veiðiaðstæður virtust góðar var fallbyssuneti komið fyrir. Því var síðan skotið yfir sendlinga ef þeir komu í færi. Neflengd, vænglengd og fótalengd (rist + miðtá) þeirra sendlinga sem náðust var mæld með skífumáli og þeir vigtaðir. Allir fuglar voru greindir í árgamla og eldri, en árgamlir sendlingar þekkjast á gerð vængþaka (1. mynd). Allir sendlingar



1. mynd. Sendlingur við Garðskaga 20. maí 2003. Aldursgreining byggir á yfirvængþökum. – A Purple Sandpiper caught at Garðskagi, Southwest-Iceland 20 May 2003. The birds are aged on the wingcovert patterns.
– Gunnar Þór Hallgrímsson.




2. mynd. Neflengd og vænglengd sendlinga sem náðust á Suðvesturlandi í maí 2003 (svartir punktar). Heildregnir hringir sýna stærðardreifingu *langnefa* frá vetrarstöðvum á Bretlandseyjum og hringir dregnir með punktalínu afmarka stærðardreifingu íslenskra varpfugla. Lárétt lína markar skil milli kven- og karlfugla. – A scatter plot of bill length against wing length for Purple Sandpipers captured in Iceland, May 2003. Ellipses for long-billed wintering birds from Britain (line) and Icelandic breeding birds (dotted line) are superimposed.

sem náðust voru merktir með stálhring (táknað með m, sbr. hér að neðan) frá Náttúrufræðistofnun Íslands og auk þess með lithringjum. Merkjumum var raðað upp á þann hátt að allir fengu rauðan hring ofan við hæl á vinstra fæti og stálhring fyrir ofan hæl á hægra fæti. Sú uppröðun er einstök fyrir fugla frá Íslandi. Þá var tveimur lithringjum raðað á mismunandi vegu á hvora rist án þess þó hringir með sama lit væru hlið við hlið. Litirnir voru rauður (R), grænn (G), blár (B), appelsínugulur (O), svartur (N) og hvítur (W). Þegar álestrar eru skráðir hefur skapast sú hefð að nefna merkin í röð frá búki og



4. mynd. Sendlingurinn R/BO, m//OW í Oostende í Belgíu þann 8. janúar 2005. Fuglinn var merktur á Garðskaga 20. maí 2003. – A colour-ringed Purple Sandpiper at Oostende, Belgium on 8 January 2005. The bird was ringed at Garðskagi SW-Iceland 20 May 2003. – Roland François.



3. mynd. Tíðnidreifing á neflengd sendlinga sem náðust á Suðvesturlandi í maí 2003. Ljósgráar súlur tákna árs gamla fugla en svartar súlur eldri fugla. – The bill length distribution of Purple Sandpipers caught in May 2003. Black bar represent adults, shaded bars represent one year old birds.

byrjað á vinstra fæti. Þá er hællinn táknður með //. Skráður álestur sem væri R//GR, m//ON þýðir að fuglinn hefur rauðan hring ofan hæl á vinstra fæti og grænan hring ofan við rauðan á vinstri rist. Á hægra fæti ber fuglinn stálhring ofan hæl en appelsínugulan hring ofan við svartan á rist.

Niðurstöður og umræður

Alls var netinu skotið sex sinnum yfir sendlinga og náðust samtals 84 einstaklingar. Hlutfall árs gamla fugla var 19% og er það svipað því sem fundist hefur á Orkneyjum (Corse & Summers 1999) og í N-Noregi (Summers o.fl. 1990). Stærðarmælingar fuglanna pössuðu mun betur við mælingar af *langnefum* frá vetrarstöðvum á Bretlandseyjum en við íslenska varpfugla (2. mynd). Neflengd er mismunandi milli kynjanna hjá sendlingum og hefur kvenfuglinn mun lengra nef (Engelmoer & Roselaar 1998). Þó virðist enginn munur vera á neflengd íslenskra varpfugla og *langnefa*. Því kemur fram tvítoppa gráf sem skiptir fuglunum eftir kynjum (3. mynd). Sé skurður kúrvanna reiknaður sem skil á neflengd kynjanna eru þau við 32,15 mm, karlfuglar undir því en kvenfuglar yfir. Samkvæmt því var hlutfall karlfugla í sýninu 57%. Ekki er hægt að sjá mun á íslenskum varpfuglum og *langnefum* á neflengdinni einni, en munurinn á stofnunum kemur í ljós þegar tekið er mið af vænglengd, en íslenskir varpfuglar hafa að meðaltali lengri vængi. Á 2. mynd má greina innan við 10 fugla sem falla betur að mælingum á íslenskum varpfuglum.

Af þeim 84 sendlingum sem litmerktir voru í maí 2003 hafa a.m.k. fjórir sést utan Íslands. Sá fyrsti (R//

BO, m//OW), merktur 20. maí 2003 við Garðskagavita, sást þann 28. desember 2003 í Oostende í Belgíu. Hann sást reglulega við Oostende á tímabilinu 7. mars - 6. maí 2004 og var kominn aftur á sama stað þann 31. október 2004 og síðast var vitað um hann þarna þann 6. febrúar 2005 og þá með um 80 öðrum sendlingum (4. mynd). Annar fugl sást við Filey Brigg í Yorkskíri á Austur-Englandi þann 25. janúar 2004. Ekki tókst athuganda að sjá alla lithringi á fótum fuglsins en þó nægjanlega marga til að staðfesta að hann var frá okkur. Þriðji fuglinn (R//BO, m//GR) merktur við Hafurbjarnarstaði 22. maí 2003, sást við Penzance í Cornwall þann 2. nóvember 2004. Fjórdi og síðasti fuglinn (R//BG, m//BR) merktur við Hafurbjarnarstaði 22. maí 2003, fannst þann 9. janúar 2005 við Buckanhaven, Peterhead í NA-Skotlandi.

Niðurstöður þessarar fyrstu könnunar benda til að meiri hluti þeirra sendlinga sem eru í fjörum á Suðvesturlandi seinni hluta maímánaðar séu fargestir á leið frá vetrarstöðvum í V-Evrópu til varpstöðva sem líklega eru í Kanada. Bæði mælingar á merktum fuglum og dreifing athugana á þeim að vetrarlagi styðja þessa tilgátu. Enn er óljóst hvort íslenskir sendlingar séu algerir staðfuglar eða hvort hluti þeirra fari af landi brott. Þó má telja nær öruggt að þeir fara a.m.k. ekki til Bretlandseyja á veturna. Þá er enn einnig óljóst hvort og í hve miklu mæli grænlandskir sendlingar hafa vetursetu á Íslandi, en þeir eru minni en íslenskir og kanadískir (Engelmoer & Roselaar 1998).

ÞAKKIR

Hallgrímur V. Gunnarsson hjálpaði til við veiðar á fuglum og Roland François lánaði ljósmynd af sendlingi sem haldið hefur til í Belgíu. Náttúrufræðistofnun Íslands lánaði fallbyssunet til rannsóknanna og skoska fuglafræðifélagið SOC veitti ferðastyrki. Ólafur K. Nielsen las þennan pistil yfir og benti á margt sem betur mátti fara. Allir þessir aðilar fá bestu þakkir.

HEIMILDIR

- Árni Waag Hjálmarsson. 1982. Vaðfuglar. – Rit Landverndar 8: 117-148.
- Corse, C.J. & R.W. Summers 1999. The seasonal pattern of numbers, population structure and migration of Purple Sandpipers in Orkney. – Ringing & Migration 19, 275-282.
- Engelmoer, M. & C.S. Roselaar. 1998. Geographical Variation in Waders. – Dordrecht: Kluwer.
- Wetlands International 2002. Waterbird Population Estimates, 3. útgáfa – Wetlands International Global Series No. 12, Wageningen, The Netherlands.

- Jóhann Óli Hilmarsson 1999. Íslenskur fuglavísir. – Iðunn, Reykjavík.
- Nicoll, M., R.W. Summers, L.G. Underhill, K. Brockie & R. Rae 1988. Regional, seasonal and annual variations in the structure of Purple Sandpiper populations in Britain. – Ibis 130: 221-233.
- Rae, R., M. Nicoll & R.W. Summers 1986. The distribution of Hardangervidda Purple Sandpipers outwith the breeding season. – Scottish Birds 14: 68-73.
- Summers, R.W. 1994. The migration patterns of the Purple Sandpiper. – Ostrich 65: 167-173.
- Summers, R.W., C.J. Corse, M. Nicoll, R. Smith & D.P. Whitfield 1988. The biometrics and wintering area of Icelandic Purple Sandpipers. – Ringing & Migration 9: 133-138.
- Summers, R.W., K.-B. Strann, R. Rae & J. Heggås 1990. Wintering Purple Sandpipers in Troms county, northern Norway. – Ornis Scand. 21: 248-254.

SUMMARY

Icelandic colour-ringed Purple Sandpipers resighted on wintering grounds in Western-Europe

During May 2003, a study of Purple Sandpipers *Calidris maritima* was carried out on the coast of Reykjanes Peninsula, SW Iceland. A total of 84 were captured with a cannon net and measurements indicated that almost all were migrant "long billed" Purple Sandpipers from NW Europe rather than Icelandic breeding birds. All birds were colour-ringed and so far a total of four sightings have been recorded from W-Europe. One wintered at Oostende in Belgium from December 2003 until May 2004 and again from October 2004 until the writing of this article. Two birds were seen in England 2004, one at Filey Brigg, Yorkshire in January and other at Penzance, Cornwall in November. The last bird to be seen was at Peterhead NE-Scotland in January 2005. Migrating Purple Sandpipers going through SW-Iceland in late May are believed to be on their way to breeding grounds in Canada, but this has yet to be confirmed with a ringing recovery. There are on the other hand no indications of Icelandic Purple Sandpipers wintering in W-Europe but whether they are all resident is still unknown.

Gunnar Þór Hallgrímsson, Líffræðistofnun Háskólans / Institute of Biology, University of Iceland, ASKJA, Sturlugata 7, 101 Reykjavík (gunnih@hi.is).

Ron W. Summers, Mill Crescent, North Kessock, Highland IV1 3XY, UK (ron.summers@rspb.org.uk).

Brian Etheridge, Royal Society for the Protection of Birds, North Scotland Regional Office, Etive House, Beechwood Park, Inverness, IV2 3BW, UK (brian.etheridge@rspb.org.uk).

Tilvitnun:

Gunnar Þór Hallgrímsson, Ron W. Summers & Brian Etheridge 2005. Sendlingar merktir á Íslandi finnast í V-Evrópu. – Bliki 26: 51-53.

Fyrsti fundur auðnalóu á Íslandi

Auðnalóa fannst í fyrsta skipti hérlandis í júlí 2002 þegar fugl þessarar tegundar settist á rækjubát norður af landinu. Heimkynni auðnalóu eru í SA-Evrópu en þær flækjast stundum til N-Evrópu.

Inngangur

Þann 17. júlí 2002 fékk ég tölvupóst frá Ólafi Bernódussyni á Skagaströnd. Í honum stóð m.a.; „Ég fékk netfangið þitt hjá stúlkunni á símanum. Hún sagði að það væri allt í lagi að senda þér svona kvabb.“ Í viðhenginu voru síðan myndir af dauðri lóutegund sem bersýnilega var annað hvort auðnalóa *Charadrius leschenaultii* eða hjarðlóa *C. mongolus*. Hvorug þessara tegunda hafði sést hérlandis þannig að ljóst var að „kvabbið“ var hvorki meira né minna en ný fuglategund fyrir Ísland.

Forsaga málsins er sú að þann 12. júlí 2002 var Stefán Jósefsson, skipstjóri á Ólafi Magnússyni HU 54, staddur á Skagafjarðardjúpi um 60 km norður af Málmei, 66°32,600'N og 19°37,247'V, þegar torkennilegur fugl settist á bátinn hjá honum. Stefán taldi að um sjaldgæfan fugl væri að ræða og ákvað hann því að safna honum. Stefán lét Ólafi fuglinn í té til uppstoppunar á safni þar nyrðra en eftir að upp komst um fágæti fuglsins var ákveðið að senda hann til varðveislu á Náttúrufræðistofnun Íslands. Fuglinn barst Náttúrufræðistofnun daginn eftir tilkynninguna frá Ólafi og var þá greindur sem auðnalóa af höfundi (1. mynd). Eintakið er varðveitt á Náttúrufræðistofnun Íslands.

Útbreiðsla og lífshættir

Auðnalóa er gjarnan skipt í þrjár undirtegundir. Í Tyrklandi og Jórdaníu austur til Kaspíahafs verpur *C. l. columbinus*, *C. l. crassirostris* tekur síðan við og verpur frá Kaspíahafi og austur til Balkash-vatns og loks má finna *C. l. leschenaultii* í V-Kína, Mongólíu og aðliggjandi löndum Rússlands (Hayman o.fl. 1986). Heimsstofninn er talinn fremur lítill eða um 200.000 fuglar (Turpie & Tree 2004) og er megnið af honum í Asíu (Cramp & Simmons 1982). Tegundin er að mestu farfugl og nær vetrarútbreiðslan frá S-Afríku í vestri til Nýja-Sjálands og Ástralíu í austri (Hayman o.fl. 1986). Talið er að fuglar af undirtegundinni *C. l. columbinus*, sem verpa í Tyrklandi, Sýrlandi, Jórdaníu og e.t.v. í víðar Miðausturlöndum, hafi vetrarstöðvar við Rauðahafið og Adenflóa. Fuglar sem hafa vetursetu við Persaflóa og í A- og S-Afríku eru taldir vera frá Mið-Asíu. Tegundin hópast að varpi loknu um miðjan júlí til ágústloka og fer þá til vetrarstöðva (Cramp & Simmons 1982).

Varpkjörlendi auðnalóunnar eru eyðimerkursvæði á láglandi. Þar velur hún opin og trjálaus svæði með leir, grjóti og dreifðum þurrlandisgróðri, gjarnan nærri vatni. Utan varptímans eru fuglarnir nánast ein-



1. mynd. Auðnalóa sem náðist norður af Skagafirði 12. júlí 2002. – Greater Sand Plover found north of Skagafjörður 12 July 2002. – Jósef Stefánsson.

1. tafla. Mælingar (í millimetrum) á þremur undirtegundum auðnalóu *Charadrius leschenaultii*. N tákna sýnastærð og SD staðalfrávik. Mælingar eru úr Cramp og Simmons (1983). Þær mælingar sem íslenski fuglinn féll innan eru feitletraðar. – Measurements (in mm) of three subspecies of Greater Sand Plover from Cramp & Simmons (1983). Sample sizes (N) and standard deviations (SD) are given. The range of measurements that fit the Icelandic bird are shown in bold.

	Karlfulgl – Male				Kvenfulgl – Female			
	Meðaltal Average	SD	Bil Range	N	Meðaltal Average	SD	Bil Range	N
<i>C. l. columbinus</i>								
Vænglengd – Wing length	144	3,64	137-149	15	143	4,27	135-150	27
Neflengd – Length of culmen	22,6	1,04	21-24	27	22,6	1,2	20-24	43
Nefþykkt – Height of culmen	4,98	0,23	4,6-5,3	24	5,06	0,18	4,7-5,4	43
Ristarlengd – Tarsus length	37	0,84	36-38	22	36,6	1,23	34-38	39
<i>C. l. crassirostris</i>								
Vænglengd – Wing length	146	2,82	141-150	15	147	4,55	140-153	23
Neflengd – Length of culmen	24,5	1,02	23-26	20	24,4	1,32	22-27	32
Nefþykkt – Height of culmen	5,71	0,29	5,4-6,3	20	5,86	0,28	5,4-6,4	32
Ristarlengd – Tarsus length	37,8	1,47	36-40	20	37,8	1,37	36-41	32
<i>C. l. leschenaultii</i>								
Vænglengd – Wing length	141	3,35	136-147	20	144	3,52	137-149	32
Neflengd – Length of culmen	23,3	0,88	21-24	52	23,2	1,1	21-25	67
Nefþykkt – Height of culmen	5,77	0,28	5,4-6,2	19	5,9	0,28	5,6-6,4	16
Ristarlengd – Tarsus length	36,9	2,78	35-39	49	36,7	1,38	34-39	65

vörðungu í fjörum og þá helst sandfjörum og leirum. Eins og margar lóur þá afla auðnalóur sér ætis með því að hlaupa, stoppa snarlega og pikka í undirlagið sjái þær eitthvað ætilegt. Yfir sumartímann eru ýmsir

hryggleysingar í uppáhaldi, mestmegnis skordýr og þá aðallega bjöllur. Á veturna éta þær m.a. skordýr, krabbadýr og ýmsa sjávarorma (Cramp & Simmons 1982).

Um ákvörðun auðnalóu

Útlitsmunur undirtegundanna er m.a. stærð og er *columbinus* nefstyst og svipar goggurinn til nefs hjarðlóu. Undirtegundin *C. l. crassirostris* hefur lengstu væng-, nef- og ristarlengdina en *C. l. leschenaultii* er með neflengd á milli hinna tveggja en sker sig úr vegna meiri nefþykktar (Hayman o.fl. 1986). Stærðir mismunandi deilitegunda má sjá í 1. töflu.

Staða í Evrópu

Samkvæmt fyrirspurn sem höfundur sendi til samtaka flækingafuglanefnda í Evrópu (AERC) í júlí 2002 var staðan í Evrópu eftirfarandi:

Belgía: Fimm samþykktar athuganir til 2001 (1954-1993). **Bretlandseyjar:** Sautján samþykktar athuganir af þrettán einstaklingum til 2000 (1978-1999). **Finland:** Sjö samþykktar athuganir af sex einstaklingum, auk einnar athugunar frá 2002 (1964-2002). **Frakkland:** Fimm samþykktar athuganir til 2001 (1969-1995). **Holland:** Sjö samþykktar athuganir til 2001 (1977-2001). **Ítalía:** Ein samþykkt athugun til 2001 (1994). **Kýpur:** Nokkuð algeng á fartímum en sjaldgæfur vetrargestur. **Malta:** Sjö samþykktar athuganir til 2001 (1972-1993). **Noregur:** Tvær samþykktar athuganir til 2001 auk einnar athugunar 2002 (1984-2002). **Pólland:** Fimm samþykktar athuganir til 2001, allar frá Gdansk-flóa (1961-1995). **Rúmenía:** Ein samþykkt athugun til 2001 (1996). **Ungverjaland:** Tvær samþykktar athuganir til 2001 (1992-1997).



2. mynd. Auðnalóa sem náðist norður af Skagafirði 12. júlí 2002. Takið eftir slitnum alnarfjögðrum. – Greater Sand Plover found north of Skagafjörður 12 July 2002. Note heavily worn tertial feathers. – Gunnar Þór Hallgrímsson.

Umræða um íslenska fuglinn

Fuglinn sem fannst hérlandis var greindur sem fullorðinn karlfugl á svartri grímu um augun og ryðlitri bringu og hálshliðum. Hann vó 62 g, vænglengd var 147 mm, ristarlengd 36 mm og neflengd 22 mm (rist/nef=1,64). Þá mældist goggþykktin 5,65 mm. Hand- og armflugfjæðir voru nýjar en alnarfjæðir og vængþökur voru mjög eyddar (sjá 2. mynd).

Mælingar sem teknar voru af fuglinum benda til þess að um undirtegundina *leschenaultii* hafi verið að ræða (sjá 1. töflu). Athygli vekur fundur auðnalóu í Jæren, Rogaland í V-Noregi þann 9. júlí 2002, aðeins 3 dögum á undan íslenska fuglinum (Mjølunes 2002). Sá fugl var horfinn daginn eftir og samanburður á myndum af norska og íslenska fuglinum leiða hugann að því hvort um sama einstakling hafi verið að ræða. Fuglarnir virðast nákvæmlega eins á myndunum og tilraunir til að reikna út hlutfall ristar og nefs norska fuglsins út frá myndbandsklippum gefa hlutfallið 1,6-1,7 (Mjølunes 2002). Norskir fuglaskoðarar töldu fuglinn í Rogaland vera af undirtegundinni *crassirostris* en ekki sér höfundur þessarar greinar hvað styður þá niðurstöðu enda undirteguðir nánast eins í útliti.

ÞAKKIR

Ég vil þakka Ólafi Bernóðussyni fyrir að tilkynna fuglinn til Náttúrufræðistofnunar Íslands. Yann Kolbeinsson las yfir handrit að grein þessari og fær bestu þakkir fyrir. Eftirfarandi aðilar frá flækingfuglaneftum í Evrópu gáfu mér upplýsingar um stöðu tegundarinnar: Gunter De Smet, Belgíu; Colin Bradshaw, Bretlandi; Visa Rauste, Finnlandi; Marc Duquet, Frakklandi; Nils van Duivendijk, Hollandi; Jeff Gordon, Möltu; Alf Tore Mjøs, Noregi; Tadeusz Stawarczyk, Póllandi; Laszlo Szabo, Rúmeníu; Bernard Volet, Sviss og Hadarics Tibor, Ungverjalandi.

HEIMILDIR

- Cramp, S. & Simmons, K.E.L. (ritstj.) 1982. The Birds of the Western Palearctic, 3. bindi. – Oxford University Press, Oxford.
Hayman, P., J. Marchant & T. Prater 1986. Shorebirds: an identification guide to the waders of the world. – Christopher Helm, London.
Mjølunes, K. R. 2002. Both a Greater Sand Plover and a Lesser Sand Plover at Jaeren, Norway. – *Birding World* 15: 291-293.
Turpie, J.K. & A.J. Tree 2004. Greater Sand Plover *Charadrius leschenaultii*. <http://web.uct.ac.za/depts/fitzpatrick/docs/r251.html>. Skoðað 20.12. 2004

SUMMARY

First record of Greater Sand Plover in Iceland

A Plover (Fig. 1) was observed on a shrimp trawler 25 miles north of Skagafjörður (66°32.600'N, 19°37.247'W), N-Iceland, on 12 July 2002. The bird was collected and later brought to the Icelandic Institute of Natural History for identification. It turned out to be an adult male Greater Sand Plover *Charadrius leschenaultii*, the first record of this species for Iceland. The bird was in good conditions, weighted 62 g, wing length 147 mm, tarsus 36 mm and culmen 22 mm (tarsus/culmen=1.64). It had fresh primaries and secondaries but tertial feathers and wing coverts were heavily worn (Fig. 2). Measurements indicates the subspecies *C. l. leschenaultii*.

The discovery of a Greater Sand Plover at Jæren in Rogaland, W-Norway, on 9 July, only three days before the Icelandic record, is of special interest. Comparison of photographs of the two birds does not exclude the possibility that the same individual might have been involved in both cases.

Gunnar Þór Hallgrímsson, Lífræðistofnun Háskólans / Institute of Biology, University of Iceland, ASKJA, Sturlugata 7, 101 Reykjavík. (gunnih@hi.is)

Tilvitnun:

Gunnar Þór Hallgrímsson 2005. Fyrsti fundur auðnalóu á Íslandi. – *Bliki* 26: 54-56.

Kúftittlingar með Lagarfossi

Komið var með kúftittling *Zonotrichia leucophrys* í Húsdýrargarðinn þann 28. maí 2002. Fuglinn hafði náðst lifandi við kornhlöðu í Sundahöfn sama dag. Þar sem um sjaldgæfan amerískan spörfugl var að ræða komu nokkrir fuglaskoðarar ásamt fréttamönnum ríkissjónvarpsins til að vera viðstaddir þegar fuglinum var sleppt aftur við Sundahöfn. Strax vöknudur spurningar um hvort fuglinn hefði borist með skipi til landsins.

Daginn eftir ræddi undirritaður við skipverja af Lagarfossi, sem sagði að nokkrir fuglar eins og sá sem sást í sjónvarpinu hefðu verið á skipinu þegar það sigldi frá Nýfundnalandi. Smám saman virtist fuglunum fækka en einn fugl hélt þó til við matsal skipsins og hvíldi sig í þvottahúsinu. Hann var rekinn út nokkrum sinnum á dag og var orðinn mjög gæfur. Sá fugl fylgdi skipinu inn í Sundahöfn 27. maí og er líklega fuglinn sem náðist (sjá mynd á bls. 44). Skorsteinshús skipsins var þrifið þegar skipið var skammt undan Reykjanesi og þá flugu þrír kúftittlingar eða hörputittlingar út úr því. Þegar þetta átti sér stað sást til lands og taldi skipverjinn líklegast að þeir hefðu flogið til strandar við Reykjanes. Það kemur vel heim og saman við athugun Elíasar Hanssonar, sem

ásamt tveimur öðrum sá fugl í Sandgerði 28. maí sem þeir töldu vera kúftittling.

Í kjölfar fréttar Sjónvarpsins 28. maí hafði sjómaður á rannsóknarskipinu Dröfn samband við Náttúrufræðistofnun. Hann sagði að um hálfum mánuði fyrr, eða 15.-16. maí, hefði fugl sem annaðhvort var kúftittlingur eða hörputittlingur *Z. albicollis* sest á þilfar Drafnar þar sem hún var stödd sunnan Eldeyjar við Reykjanes. Fuglinn var mjög gæfur og kroppaði í innfyli úr fiskum. Fuglinn var enn um borð þegar siglt var inn í Reykjavíkurhöfn 17. maí. Ekki er ólíklegt að fuglinn sem settist á Dröfn við Eldey hafi komist þangað af sjálfsdáðum, en víst er að kúftittlingarnir sem komu til landsins með Lagarfossi voru farþegar skipsins alla leið frá Nýfundnalandi.

Flest bendir því til þess að a.m.k. fimm kúftittlingar hafi borist til landsins í maí 2002 og allir tengst skipum á einhvern hátt. Hér er því óyggjandi dæmi um fugl sem barst frá Nýfundnalandi til Íslands, um 2700 km leið, án þess að þurfa að fljúga svo nokkru nemur.

Gunnar Þór Hallgrímsson.

Tvær nýjar andategundir á íslenska listann

Vorið 1998 bárust hingað til lands óvenjumargir flækingsfuglar af norðuramerískum uppruna. Meðal þeirra voru ein kúfönd og tvær kollendur, en báðar þessar andategundir höfðu aldrei sést hér áður. Gerð er grein fyrir fundum þessara tegunda auk stöðu þeirra hérlandis sem og í Evrópu til ársins 2001.

Inngangur

Hinn 10. maí 1998 barst hingað tiltölulega öflug lægð frá norðausturhluta Bandaríkjanna og fylgdu henni ákveðnir suðvestlægir vindar (Lonie 2005). Mikill fjöldi vestrænna fugla sem barst hingað upp úr miðjum maí 1998 kom fuglaskoðurum í opna skjöldu. Frá 16. maí og fram í byrjun júní fundust hér m.a. þrjár rákendur *Anas carolinensis*, tvær kambendur *Mergus cucullatus* (Bliki 22: 30), einn hrísastelkur *Tringa flavipes*, fjórir hringmáfar *Larus delawarensis* og tveir beltabyrlar *Ceryle alcyon* (Bliki 22: 38). Öruggt er að einhverjir þessara fugla hafi borist með upprunalegu lægðinni, en ekki er ólíklegt að fuglar sem fundust er leið fram í júní hafi komið með öðrum veðurkerfum. Þar má nefna bognef *Plegadis falcinellus* í Sandgerði frá um 10. júní (Bliki 22: 24). Síðast en ekki síst bárust hingað tvær anda- tegundir sem aldrei höfðu fundist áður á Íslandi.

Undirritaður kom auga á kúfandarstegg *Aythya affinis* á Sandgerðistjörn þann 16. maí. Þann dag og næsta nýttu fjölmargir fuglaskoðarar einstakt tækifæri til að skoða kúföndina vel og ljósmynda (Bliki 22: 28). Hinn 15. júní tilkynnti Sæmundur Kristjánsson um önd á Rífi sem hugsanlega gat verið skutulönd *A. ferina*. Sá fugl reyndist við nánari skoðun vera kollandarsteggur *A. americana* (1. mynd) og var hann við Ríf til 10. júlí. Degi síðar, eða 11. júlí, fundu Brynjólfur Brynjólfsson og Gaukur Hjartarson kollandarstegg á Fuglavíkurtjörn sunnan Sandgerðis (Bliki 22: 26), sem var þar í tvo daga ásamt hvítandarkollu *Mergus albellus* og skúf- öndum *A. fuligula*. Síðar kom í ljós að síðla í júní hafði sést ógreind *Aythya* önd norðan Sandgerðis sem trúlegast hefur verið kollandarsteggurinn í Fuglavík og bendir það til þess að um annan einstakling hafi verið að ræða en á Snæfellsnesi.

Greiningareinkenni

Kúfönd (2. mynd) er með torgreindari öndum, en hún líkist mjög duggönd *A. marila* auk þess sem kynblendingar skúf- og duggandar líkjast henni verulega. Í grófum dráttum má segja að kúfandarsteggur sé nánast eins og duggandarsteggur. Kúföndin er hins vegar minni, svipuð og skúfönd að stærð, og er ekki með eins kúpt höfuð. Nafn kúfandar er einmitt dregið af höfuðlagi, sem er hærra og er eins hún beri kúf á höfði sem endar í snubbóttum toppi aftan á kolli. Oftast má greina fjólubláan gljáa á höfðinu, en sá getur þó orðið grænn

eins og á duggöndum. Lithimna augans (e: *iris*) er skærgul og goggurinn ljósgráblár að lit, ívið steingrárrí á duggönd. Annars sýnir goggurinn eitt af helstu greiningareinkennum tegundarinnar. Nögl flestra kaf- anda er svört að lit, en dreifing svarta litarins þarf ekki að vera bundin við nöglna á sumum tegundum. Á kúföndum er dreifingin mjög afmörkuð og myndar tiltölulega mjóan sívalan blett fremst á gogginum, sem sést varla frá hlið. Svarti liturinn nær sem sé ekki út fyrir nöglna. Á duggöndum er dreifing svarta litarins sömuleiðis bundin við nöglna og getur því verið afar svipuð nögl kúfandar í sumum tilvikum. Það getur reynst vel að útiloka kynblendinga frá kúfönd með því að skoða dreifingu svarta litarins gaumgæfilega en á flestum blendingum nær svarti liturinn oftast yfir allan fremri hluta goggsins. Hins vegar getur goggmynstrið verið keimlíkt kúföndinni á sumum kynblendingum skúf- og duggandar. Þeir blendingar sýna hins vegar oftast meiri skúf aftan á kollinum en ekki snubbóttan topp eins og kúföndin. Annað helsta greiningareinkennið er vængbeltið, sem sést einungis er fuglinn teygir úr sér eða flýgur. Vængbelti er hvítt á armflugfjöðrum og grátt á handflugfjöðrum kúfanda (skýr skipting þar á milli), en á duggöndum og flestum skúföndum nær hvíti hluti vængbeltisins langt inn á handflugfjaðrir. Bak steggja er hvítleitt með mörgum fínlegum, svörtum þverrákum. Á duggönd renna þessar rákir saman við



1. mynd. Kollöndin *Aythya americana* á Rífi, 10. júlí 1998. – The drake Redhead at Rif, Snæfellsnes peninsula, 10 July 1998. – Gunnlaugur Þráinsson.



2. mynd. Kúfandapar *Aythya affinis* – A pair of Lesser Scaup. – Derrick Ditchburn.

hvíta litinn og gefur bakinu gráleitan jafnan tón. Ólíkt duggönd sem er með hvítar síður, þá virðast síður kúfandar kámugar á löngu færi þar sem þær eru með örlítið af þverrákum hér og þar. Kollur eru mun erfiðari að greina í sundur frá duggöndum. Hafa ber í huga smæð fuglsins samanborið við duggönd, höfuðlag, goggeinkenni og vængbeltið.

Mun auðveldara er að greina kollendur frá öðrum tegundum (3. mynd), en skutulönd og dúkönd *A. valisineria* eru líkastar henni. Kollandarsteggur þekkist á rauðu, kúptu höfði, gulum augum (rauðleiti á hinum tegundunum), blágráum goggi sem er svartur yst með hvíta þverrák þar innan við. Síður og bak eru jafn steingrá, meðan að bringa og gumpur eru svört. Erfiðara getur reynst að greina í sundur kollur, en hjá kollönd eru þær tiltölulega einlitar (brúnleitar) með gráan gogg sem er svartur yst og aðeins ljósgrárri þar innan við. Bak og síður dúk- og skutulanda eru gjarnan grárri en


bringa. Fyrir nánari upplýsingar um greiningareinkenni vísast í heimildir (Madge & Burn 1987, Mullarney o.fl. 1999, Reeber 2002).

Útbreiðsla og lífshættir

Kúfönd er norðuramerísk tegund að uppruna, sem verpur aðallega í barrskógabeltinu frá Alaska í vestri til vesturhluta Québec. Tegundin er farfugl og ná vetrarstöðvar hennar þvert yfir suðurhluta Bandaríkjanna, um eyjar Mexíkóflóa og suður til S-Ameríku. Varplendur hennar einkennast af litlum árstíðabundnum og óstöðugum votlendum, sem og grunnum stöðuvötnum með gróðri sem nær upp fyrir vatnsyfirborðið. Haustfar tegundarinnar á sér stað seint, og fara síðustu hóparnir er vötnin frjósa. Á vetrarstöðvum er tegundina að finna í stórum hópum við ýmiss konar skilyrði, bæði á ferskvatni og saltvatni, og lifir hún þá aðallega á lindýrum, krabbadýrum og vatnaskordýrum. Á vorin er



3. mynd. Kollandapar *Aythya americana* – A pair of Redhead. – Harold Stiver.



4. mynd. Fjöldi kúfanda í Evrópu eftir árum til ársloka 2001.
– Annual distribution of Lesser Scaup records in the Western Palearctic to end of 2001.

hún með síðustu tegundum til að koma á varpslóðir, allt fram í maílok. Varpstofn kúfandar er sá stærsti meðal kafanda í N-Ameríku og virðst hafa verið stöðugur á tímabilinu 1955-1995 (Austin o.fl. 1998).


Köllönd er sömuleiðis bundin við N-Ameríku, en þó með takmarkaðri varpútbreiðslu en kúföndin. Hana er aðallega að finna á sléttum Bandaríkjanna og Kanada, en einangraða varpstofna má finna frá Alaska í norðri og allt suður til Mexíkó. Vetrarútbreiðslan nær yfir gervöll Bandaríkin (utan nyrstu ríkjanna) til suðurhluta Mexíkó. Kjarna vetrarstofnins er að finna á strand-svæðum Mexíkóflóa, en hundruð þúsunda fugla má finna á tveimur afmörkuðum svæðum í Texas og Mexíkó. Tegundin mætir yfirleitt fyrst á vetrarstöðvar í október, og á strandsvæðum er hún einkum þar sem jarðstönglar (e: *rhizomes*) sjávargrassins *Halodule wrightii* eru algengir. Annars staðar leggur hún sér til


munns ýmsan vatnagróður og vatnaskordýr. Vorfarið hefst í mars. Varpkjörlendi er við djúp vötn með þéttum vatnagróðri (oftast *Typha* eða *Scirpus*). Varphættir kollandar eru sérstakir að því leyti að hún er sú önd sem oftast verpur í hreiður annarra andategunda í Ameríku. Varpkolla velur þrjár leiðir: 1) verpur eggjum í eigið hreiður, 2) verpur í hreiður annarra anda áður en hún hefur varp í eigið hreiður, eða 3) verpur alfarið í hreiður annarra anda. Dúkönd er algengasti hýsillinn, þar sem hún er til staðar, en þar sem hana er ekki að finna verða hreiður annarra kollanda oftast fyrir valinu. Margar aðrar andategundir verða einnig fyrir heim-sóknum kollandakollna og má þar nefna stokkönd *Anas platyrhynchos*, skeiðönd *A. clypeata*, bláönd *A. discors*, kúfönd og hrökkönd *Oxyura jamaicensis*. Einnig hafa fundist kollandaregg í hreiðrum reyrþvara *Botaurus lentiginosus*, sorarellu *Porzana carolina*, kolhænu *Fulica americana* og bláheiðis *Circus cyaneus*. Ekki varð vart breytinga á stofnstærð kollandar á tímabilinu 1955 til 1994. Síðan hafa hins vegar orðið miklar sveiflur. Fyrst í stað fjölgaði þeim og náði stofninn hámarki 1998, en hefur síðan fallið aftur í svipað far og fyrir 1990 (Woodin & Michot 2002). Á sama tíma og aukningin varð 1994-1998 varð vart við fyrstu fuglana í Evrópu (sjá neðar).

Staða tegundanna í Evrópu

Lítið var fjallað um greiningareinkenni kúfandar í eldri fuglabókum, sem gerði það að verkum að fyrsta kúföndin í Evrópu (steggur) var ekki greind fyrr en 5. maí 1985 í Danmörku. Aðeins örfáar kúfendur bættust við fram til 1992 (m.a.sú fyrsta í Englandi 1987 og Írlandi 1988), en síðan þá hefur greiningarbókum farið mikið fram og fuglaskoðarar er betur í stakk búnir til að greina tegundina (4. mynd). Hún hefur t.d. verið árleg á Bretlandseyjum eftir 1992. Fram til ársins 2001 höfðu 100 kúfendur verið samþykktar í A-flokki í Evrópu, þ.m.t. á Íslandi. Af þeim 100 höfðu 58 fundist á

5. mynd. Dreifing allra 100 samþykktara athugana á kúfönd í Evrópu 1985-2001. Örin bendir til Tenerife eyju í Kanaríeyjum. – Distribution of Lesser Scaups recorded in the Western Palearctic to end of 2001. Circles represent different numbers of birds and the arrow points towards Tenerife, Canary Islands.





6. mynd. Tímasetning athugana á kúfönd í Evrópu eftir árstíma. – *Weekly distribution of the Lesser Scaups records in the Western Palearctic, showing only the week of discovery.*

Bretlandseyjum einum (5. mynd). Kúfendur hafa fundist í Evrópu á öllum árstímum, nema síðsumars og eru þær algengastar í nóvember (6. mynd). Steggir mynda meirihluta kúfandarathugana í Evrópu, en 38 kollur hafa verið greindar (38% athugana). Á Íslandi hafa þrír steggir verið samþykktir til og með 2002. Sá fyrsti 1998 eins og áður greinir, annar á Snæfellsnesi 11. maí 2000 og sá þriðji var í Sandgerði 2. júní 2001.

Kollönd er hins vegar afar sjaldséður gestur austanhafs. Til ársins 2001 höfðu fundist fjórir steggir. Sú fyrsta fannst í Englandi 8. mars 1996 og sást þar aftur veturinn eftir. Þann 7. nóvember 2001 fannst önnur kollönd í Englandi. Þeir tveir steggir sem fundust á Íslandi sumarið 1998 eru því helmingur athugana á kúfönd í Evrópu.

ÞAKKIR

Guðmundur A. Guðmundsson og Gunnlaugur Pétursson lásu handritið yfir og færðu margt til betri vegar. Gunnlaugur aðstoðaði einnig við gerð útbreiðslukortsins. Derrick Ditchburn, Gunnlaugur Þráinsson og Harold Stiver fá bestu þakkir fyrir afnot af myndum. Ég fékk upplýsingar um fugla í Evrópu að mestu í gegnum AERC-netið (Association of European Records and Rarities Committees) frá Gunter de Smet, Belgíu; Peter Fraser og Colin Bradshaw, Bretlandi; Jyrki Normaja, Finnlandi; Marc Duquet, Frakklandi; Jan van der Laan, Níls van Duivendijk og Roland van der Vliet, Hollandi; Paul Milne, Írlandi; Alf Tore Mjøs og Vegard Bunes, Noregi; Gonçalo Elias, Portúgal; Tadeusz Stawarczyk, Póllandi; Ricard Gutiérrez, Spáni; Bernard Volet, Sviss; og Christian Cederroth, Svíþjóð.

HEIMILDIR

- Austin, J. E., C. M. Custer & A. D. Afton 1998. Lesser Scaup (*Aythya affinis*). – Poole, A. & F. Gill (ritstj.). The Birds of North America 338. The Birds of North America, Inc., Philadelphia, PA.
- Davids, L. & M. Haas (ritstj.) 2005. Lesser Scaup. *Western Palearctic Birds*. – <http://www.wpbirds.com/WP%20birdspecies/WP%20birdspecies.htm>. Skoðað 10. janúar.
- Garner, M. 2002. Identification extra: Lesser Scaup – the underwing. – *Birding World* 15: 506-508.
- Gillham, E. & B. Gillham 2003. Photo forum: identification of hybrid ducks. – *Birding World* 16: 58-68.
- Lonie, N. (ritstj.) 2005. AVHRR images. Dundee Satellite Receiving Station. – <http://www.sat.dundee.ac.uk/auth.html>. Skoðað 10. janúar.
- Madge, S. & H. Burn 1987. Wildfowl. An identification guide to the ducks, geese and swans of the world. – Christopher Helm Publisher.
- Mullarney, K., L. Svensson, D. Zetterström & P.J. Grant 1999. Collins Bird Guide. – HarperCollinsPublishers Ltd., London.
- Reeber, S. 2002. Problèmes d'identification posés par les hybrides de fuligule *Aythya* sp. en Europe de l'Ouest [Identification of *Aythya* hybrids]. – *Ornithos* 9: 177-209.
- Woodin, M.C. & T.C. Michot 2002. Redhead (*Aythya americana*). – Poole, A. & F. Gill (ritstj.). The Birds of North America 695. The Birds of North America, Inc., Philadelphia, PA.
- Yann Kolbeinnsson, Gunnlaugur Þráinsson & Gunnlaugur Pétursson 2001. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1998. – *Bliki* 22: 21-46.
- Yann Kolbeinnsson, Gunnlaugur Þráinsson & Gunnlaugur Pétursson 2003. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 2000. – *Bliki* 24: 25-52.
- Yann Kolbeinnsson, Gunnlaugur Þráinsson & Gunnlaugur Pétursson 2004. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 2001. – *Bliki* 25: 25-48.

SUMMARY

First observations of Redhead and Lesser Scaup in Iceland

The paper describes the first records of Redhead *Aythya americana* and Lesser Scaup *A. affinis* in Iceland in spring and summer 1998. The first Lesser Scaup, a drake, was observed and photographed at Sandgerði on 16-17 May, while the first two Redheads (both drakes) were seen separately at Rif, Snæfellsnes peninsula, where it stayed from mid-June till 10 July, and presumably another individual near Sandgerði on 11-12 July. There have been two subsequent accepted records of Lesser Scaup since, a drake at Rif on 11 May 2000 and another drake at Sandgerði on 2 June 2001. A briefing of main identification characters is given, with information on occurrence of both species in Europe up to and including 2001. A total of 100 Lesser Scaups have been accepted in category A throughout Europe since the first was recorded in Denmark in 1985, whereas only two other records of Redhead, other than the Icelandic ones, have been accepted in Europe (both in Britain from 1996).

Yann Kolbeinnsson, *Sólheimum 30, 104 Reykjavík (yann@internet.is)*.

Tilvitnun:

Yann Kolbeinnsson 2005. Tvær nýjar andategundir á Íslenska listann. – *Bliki* 26: 57-60.

Nýr fugl – húmgali

Pann 15. október 2002 fannst dauður húmgali við Hæðargarð í Reykjavík. Fuglinn hafði flogið á rúðu. Þetta mun vera í fyrsta sinn sem húmgala verður vart á Íslandi en hann kemur frá N- og A-Evrópu.

Atvik

Pann 17. október 2002 fékk ég hringingu frá Ólafi K. Nielsen á Náttúrufræðistofnun Íslands. Erindið var að hann hafði fyrr um daginn fengið tilkynningu um torkennilegan fugl sem flogið hafði á rúðu í húsinu við Hæðargarð 33-35 í Reykjavík. Ég renndi strax á staðinn ásamt Valþóri Ásgrímssyni og Ólafi Guðmundssyni til að skoða fuglinn. Kristinn Óskarsson tók á móti okkur en hann var sá sem tilkynnt hafði um fundinn til Náttúrufræðistofnunar. Kristinn sagði Björgvin Þórðarson húsvörð hafa fundið fuglinn þann 15. október. Við frumskoðun á staðnum var talið að um amerískan þröst, *Catharus* sp., gæti verið að ræða. Við nánari skoðun varð ljóst að við höfðum undir höndum fyrsta húmgala *Luscinia luscinia* Íslands.

Útbreiðsla og staða í Evrópu

Húmgali er náskyldur næturgala *L. megarhynchos*. Útbreiðsla þessara tegunda skarast mjög lítið og má segja að þeir skipti Evrópu á milli sín. Húmgalinn verpur í norðri og austri en næturgalinn í suðri og vestri. Varpsvæði húmgala er frá austurluta Noregs í vestri og síðan austur eftir álfunni. Suðurmörkin eru við Danmörku, Þýskaland, Tékkland, Rúmeníu og norður af Svartahafi en þar tekur næturgalinn við. Húmgalinn er farfugl í Evrópu og hefur vetursetu í A- og SA-Afríku (King 1996, Svensson o.fl. 1999).

Til ársins 2001 höfðu 43 fuglar sést í Hollandi en 140 á Bretlandseyjum og er það svipuð tíðni og á mýrleru *Motacilla citreola* þar í landi. Mýrlerur höfðu sést sjö sinnum hérlandis til ársins 2001 og samkvæmt



1. mynd. Húmgali sem fannst við Hæðargarð í Reykjavík 15. október 2002. Takið eftir grádröfnóttu brjósti sem einkennir tegundina. Fuglinn hefur sjáanlegar skeggrákir sem gjarnan eru einkennandi. Takið einnig eftir átta sjáanlegum handflugfjaðraendum og skerðingu á 3. handflugfjöldur eingöngu. Næturgalar sýna yfirleitt sjö handflugfjaðraenda og skerðingar á 3. og 4. handflugfjöldur. Aldurseinkenni fugls á fyrsta hausti koma vel fram á ljósum jöðrum alnarfjaðra og stórþaka. – Gunnar Þór Hallgrímsson.

1. tafla. Vængformúlur og mælingar á næturgala og húmgala (King 1996). P = handflugfjöldur og eru þær númeraðar í átt að armflugfjöðrum.

	Næturgali <i>L. megarhynchos</i>	Húmgali <i>L. luscinia</i>
P1 á móti lengstu handflugfjaðravængþöku:	1-7 mm lengri, sjaldan 2 mm styttri	1-10 mm styttri, sjaldan 1 mm lengri
Skertar handflugfjaðrir:	P3 og P4	P3
Lengsta handflugfjöldur:	P3 eða P3=P4	P3
Lengd P2 samanborið við P4:	2-8 mm styttri	2 mm styttri eða lengri
Lengd P2 miðað við aðrar handflugfjaðrir: *	4/5 eða 5 (sjaldan 5/6)	4 (sjaldan 3/4 eða 4/5)
Vænglengd:	76-86 mm (<i>megarhynchos</i>) 80-92 mm (<i>africana</i>) 84-99 mm (<i>hafizi</i>)	81-98
Stéllengd:	58-76 mm (<i>megarhynchos</i>) 67-85 mm (<i>africana</i>) 74-90 mm (<i>hafizi</i>)	60-81

* Hér er átt við lengd P2 miðað við aðrar handflugfjaðrir á aðfelldum væng. Sem dæmi lendir endi P2 hjá næturgala oftast á milli enda P4 og P5 eða alveg við enda P5.

því má segja að koma húmgalans hingað til lands hafi síst verið óvænt.

Ákvörðun húmgala

Það getur verið erfiðleikum bundið að greina sundur húmgala og næturgala í náttúrunni. Líklega hefur þessum vandamálum ekki verið gerð nógu góð skil í greiningarþöku hingað til. Komuð hefur í ljós að ekkert eitt einkenni er nægjanlegt til að greina tegundirnar tvær í sundur því breytileikinn skarast á öllum lýstum einkennum. Þá má nefna að tegundirnar kynblandast (King 1996). Þrátt fyrir breytileikann má með varfærni greina flesta einstaklinga til tegundar í náttúrunni með því að nota sambland nokkurra einkenna. Á fyrsta hausti má greina ungfugla beggja tegunda frá fullorðnum fuglum á ljósum enda stórbökufjaðra og alnarfjaðra (Svensson 1992). Einnig má geta þess að amerískir

prestir af ættkvíslinni *Catharus* líkjast nokkuð húmgala. Flestir hafa þeir þó dökka bletti á brjósti en má einnig ávallt greina á þreknara vaxtarlagi, styttra stéli og fótum. Auk þess hafa þeir þvert stél og áberandi munstraðan undirvæng (Svensson o.fl. 1999). Eftirfarandi atriði, sem fengin eru úr grein Jon King sem birtist í *Birding World* 1996, skulu m.a. athuguð við greiningu galategundanna tveggja í náttúrunni. Náist fuglarnir hins vegar er hægt að styðjast við 1. töflu.

- Á húmgala sjást yfirleitt átta handflugfjaðraendar á aðfelldum væng en sjö hjá næturgala. Þessu getur þó verið öfugt farið.
- Næturgalar hafa gjarnan gráleitar hálshliðar sem yfirleitt ber lítið á hjá húmgölum.
- Húmgalar hafa yfirleitt minna áberandi augnhring en næturgalar þó breytileiki sé nokkur. Húmgalar fá

2. mynd. Húmgali í Einarsslundi við Höfn í Hornafirði, 4. nóvember 2004. Takið eftir grá dröfnóttu brjósti sem einkennir tegundina. Fuglinn hefur sjáanlegar skeggrákir sem eru einkenniandi. – Daníel Bergmann.



þó ekki breiða og skarpa augnhringi eins og sumir næturgalar.

- Yfirstélpökur húmgala eru yfirleitt grárri en á næturgala og eru dauf litaskil milli þeirra og ryðlitaðs stéls. Á næturgala eru bæði stél og yfirstélpökur yfirleitt rauðari og litaskil frekar framan við yfirstélpökur þar sem brúnna bak tekur við.
- Næturgalar hafa yfirleitt ljósar og rauðar vængfjaðrir með áberandi dökkum handflugfjaðraendum. Húmgalar hafa gjarnan jafnlitaðri væng.
- Neðri hluti húmgala er grárri og „skítugri“ en á næturgala sem venjulega er gulbrúnni að lit. Þá hefur húmgali mismiklar dröfnur á brjósti, síðum og undirstélpökum. Ótrúlega erfitt getur reynst að sjá dröfnur þessar í náttúrunni (King 1996).
- Báðar tegundir hafa ljóst svæði á neðra skolti. Á húmgala er þetta svæði venjulega um þriðjungur af skoltinum og oft bleikleitt og með appelsínugulum tóni. Á næturgala er þetta svæði oft skærara, stærra og með gulleitari tóni.

Kynblöndun húmgala og næturgala á svæðum þar sem tegundirnar mætast er ekki sjaldgæf. Kynblendingar á þessum svæðum sýna, eins og við er að búast, blöndu af einkennum beggja tegunda. Þetta á við vöxt, liti, vængformúlur og hljóð. Þetta sýnir enn frekar hversu veikt er að byggja greiningu tegundanna á fáum atriðum. Kynblöndun er þó ekki algeng þegar á heildina er litið og því ólíklegt að lenda á svo erfiðum einstaklingum (King 1996).

Fuglinn sem fannst við Hæðargarð í Reykjavík bar eindregin einkenni húmgala svo sem grádröfnótt brjóst, átta sjáanlegar handflugfjaðrir, skerðingu á 3. en ekki á 4. handflugfjöður, 1. handflugfjöður var mun styttri en lengstu handflugfjaðravængþökur (PC) og lítill litarmunur var á stéli, yfirgumpi og baki (1. mynd). Þá sýndu ljósir jaðrar á yfirvængþökum og alnarfjöðrum (1. mynd) að um ungfugl var að ræða.

Umræða

Til ársins 2001 höfðu tíu næturgalar sést á Íslandi. Af þessum eru einungis þrír varðveittir í hamasafni Náttúrufræðistofnunar Íslands. Einn þessara hama er

enn fremur af deilitegundinni *L. m. hafizi*, en sú er afar sjaldgæf í Evrópu.

Mun fleiri næturgalar hafa sést hérlandis en húmgalar og greining tegundanna getur stundum verið erfið. Þessi atriði vekja óneitanlega upp spurningar hvort greiningar á næturgölum hafi verið nægjanlega ígrundaðar til þessa.

Rétt er að geta þess að meðan á ritun þessarar greinar stóð fannst annar húmgalinn fyrir Ísland í Einarsslundi við Höfn í Hornafirði og sást hann dagana 2.- 4. nóvember 2004 (2. mynd).

ÞAKKIR

Ég þakka þeim Daníel Bergmann, Guðmundi A. Guðmundssyni og Gunnlaugi Þráinssyni fyrir yfirlestur og góðar ábendingar.

HEIMILDIR

King, J. 1996. Identification of nightingales. – *Birding World* 9: 179-189.

Svensson, L. 1992. Identification Guide to European Passerines. – Stockholm.

Svensson, L., P.J. Grant, K. Mullarney & D. Zetterström. 1999. Collins Bird Guide. – HarperCollins Ltd, London.

SUMMARY

First record of Thrush Nightingale in Iceland

On 15 October 2002 a Thrush Nightingale *Luscinia luscinia* was found newly dead in Reykjavík, SW-Iceland. This species had not been found in Iceland previously although expected. The total of ten Nightingales *Luscinia megarhynchos* seen in Iceland up to 2001 raise questions of possible field identification errors of previous records. The identification of the two species is discussed.

Gunnar Þór Hallgrímsson, Líffræðistofnun Háskólans / Institute of Biology, University of Iceland, ASKJA, Sturlugata 7, 101 Reykjavík (gunnih@hi.is).

Tilvitnun:

Gunnar Þór Hallgrímsson 2005. Nýr fugl - húmgali. – Bliki 26: 61-63.

Þórshani verður skúmi að bráð

Sumarið 2004 stundaði ég rannsóknir á vistfræði óðinshana *Phalaropus lobatus* og þórshana *P. fulicarius* (1. mynd) á sunnanverðu landinu. Þar er skúmurinn *Stercorarius skua* fremur algengur varpfugl og því ekki óalgengt að skúmar steypu sér að mér, er ég var við reglubundnar sniðtalningar. Hafði ég tekið eftir því að þórshana kipptu gjarnan við sér þegar skúmur kom aðvífandi af himnum ofan og færðu sig oft um fáeina metra til að lenda ekki á braut skúmsins. Aftur á móti varð ég ekki var við sömu viðbrögð hjá óðinshönum sem voru mun rólegri. Þann 8. júlí, er ég var við talningar á einu af sniðunum, varð ég vitni að athyglisverðri uppákomu. Ég var nýbúinn að skrá niður þórshanakarl, sem stuttu síðar færði sig á nærliggjandi tjörn. Ég hélt förrinni áfram þar til heyrðist mikið þrusk. Sá ég þá hvar skúmur hafði ráðist á þórshanann á tjarnarbakkanum og gripið hann kverkartökum. Síðan hristi skúmurinn þórshanann til svo að höfuð fuglsins myndi renna niður fyrst, rétt eins og skarfar og hegrar gera með fiska. Skúmurinn gleypti síðan hanann í heilu lagi, eftir

að hafa átt í svolitlu basli með vængina og afturhluta fuglsins. Á meðan á þessu stóð heyrðist aldrei í þórshananum. Svona getur nú gerst í náttúrunni og skiptir þá engu um hvort um sjaldgæfa varpfugla er að ræða eður ei. Hins vegar var undirritaður í mesta basli með að ákveða hvort telja ætti þennan þórshana með á sniðinu eða ekki, en til að halda uppi minningu hans þá fékk hann að vera með.

Út þetta sumar fann ég reglulega fuglshræ í grennd við skúmshreiður, sem reyndust vera vel þroskaðir grágæsarungar, fullorðin stökkönd (1 tilfelli), skúmsungar (mörg tilfelli), fullorðnir lundar (2 tilfelli) og loks einn ógreindur vaðfuglavængur. Oftar en ekki rambaði ég á skúmsunga sem nýlega höfðu fengið mat frá foreldrum, en þeir áttu það til að æla upp fæðunni. Í þeim tilfellum sá ég einungis smáfisk.

Yann Kolbeinsson



Þórshani *Phalaropus fulicarius*. – Daníel Bergmann.

Óvænt koma trjásöngvara til Íslands

Trjásöngvari fannst í fyrsta skipti hérlendis þann 14. september 2002 við bæinn Jaðar í Suðursveit. Koma þessarar tegundar til landsins var mjög óvænt þar sem aðeins var vitað um fimm athuganir trjásöngvara í N-Evrópu til ársins 2002. Seinna kom í ljós að fundur fuglsins á Jaðri tengdist göngu trjásöngvara til Evrópu. Tegundin og helstu ættingjar hennar tilheyrja hópi söngvara sem eru torgreindir og er fjallað stuttlega um ákvörðun þeirra hér.

Inngangur

Sá merki atburður átti sér stað þann 14. september 2002 að trjásöngvari *Hippolais rama* fannst við bæinn Jaðar í Suðursveit þegar Gunnlaugur Práinsson, Rán Þórarinsdóttir og Sigmundur Ásgeirsson voru þar á ferð ásamt undirrituðum. Fuglinn náðist í slæðunet en athugendur treystu sér ekki til að skera úr um tegundina á staðnum og ákváðu því að safna fuglinum til staðfestingar. Þrátt fyrir nákvæmar mælingar náðist ekki að greina hann með vissu frá deilitegund fölsöngvara *H. pallida elaeica*. Því var leitað til Lars Svensson í Svíþjóð, en hann er einn fremsti sérfræðingur heims í greiningum á söngvurum. Lars staðfesti að um trjásöngvara (1. mynd) væri að ræða þann 25. september 2002. Hamur fuglsins er í vörslu Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Veðuraðstæður um það leiti sem fuglinn fannst voru mjög sérkennilegar. Heitur loftmassi upprunninn frá A-Evrópu fór yfir landið og óku athugendur t.a.m. í gegnum Suðursveit í um 15 gráðu hita rétt fyrir miðnætti þann 12. september. Strax morguninn eftir hafði snöggkólnað. Næstu daga varð ljóst að veðrið hafði borið allmikið af sjaldgæfum fuglum til landsins m.a. nokkra söngvara af ættkvíslinni *Acrocephalus* sem eru mjög sjaldséðir hér á landi.

Trjásöngvarar voru áður taldir deilitegund glap-söngvara *H. caligata* en eru nú taldir sérstök tegund. Sýnt hefur verið fram á með sameindafræðilegum rannsóknum að trjásöngvari er ekki síður vel aðgreind tegund en t.a.m. spésöngvari *H. icterina* og skopsöngvari *H. polyglotta* (Helbig & Seibold 1999). Sökum þessara nýlegu uppgötvana hafa flækingsfuglaneindir í Evrópu þurft að endurskoða eldri athuganir á glapsöngvurum.


Útbreiðsla og kjörlendi

Trjásöngvarar verpa á þurrum sand- og leirsvæðum þar sem rúmlega tveggja metra hár trjágróður vex, gjarnan af ættkvíslunum *Tamarix*, *Saxaul* og *Salix*. Norðvesturmörk útbreiðslusvæðis tegundarinnar eru við ósa árinna Volgu við norðanvert Kaspíahaf og þaðan eftir 47 gráðu norðlægrar breiddar austur fyrir Balkhashvatn. Suðvesturmörk útbreiðslusvæðisins eru við Persaflóa og liggur suðurútbreiðslan um Íran austur til NV-Pakistan (2. mynd).

Vetrarstöðvar trjásöngvara eru á Indlandi, Pakistan og Arabíu ásamt takmörkuðum svæðum í Oman og Yemen. Þá hafa menn talið sig sjá tegundina á vetrarstöðvum í NA-Afríku, en vandamál við greiningu

1. mynd. Trjásöngvari *Hippolais rama* við Jaðar í Suðursveit 14. september 2002. Takið eftir einkennilegu höfuðlagi og mjög ljósum síðum. – *Sykes's Warbler at Jaðar, Suðursveit, 14 September 2002.* – Gunnar Þór Hallgrímsson.





2. mynd. Útbreiðsla hrímsöngvara *Hippolais opaca* (blátt), fölsöngvara *H. pallida reiseri* (ljósbrúnt), *H. p. laeneni* (gult), *H. p. pallida* (brúnt) og *H. p. elaeica* (grænt), trjásöngvara *H. rama* (rauðar útlínur) og glapsöngvara *H. caligata* (bleikt). Kortið er teiknað af Lars Svensson fyrir Blika í mars 2005. – *Distribution of Hippolais warblers: H. opaca (blue), H. pallida reiseri (buff), H. p. laeneni (yellow), H. p. pallida (brown) og H. p. elaeica (green), H. rama (red outlines) and H. caligata (pink). Drawn by Lars Svensson in March 2005.*

H. opaca
 H. pallida reiseri
 H. pallida laeneni
 H. pallida pallida
 H. pallida elaeica
 H. rama
 H. caligata

frá fölsöngvara gera það að verkum að erfitt getur reynst að sannreyna slíkt (Svensson 2001).

Staða í Evrópu

Flestir söngvarar af ættkvíslinni *Hippolais* eru sjaldgæfir í Evrópu og þær tegundir sem líkjast trjásöngvara eru allar mjög sjaldgæfar (1. tafla). Til

haustsins 2002 hafði einungis orðið vart fimm trjásöngvara sem flækingfugla í N-Evrópu, en þá um haustið virðist sem nokkur fjöldi hafi borist af leið. Fyrsti trjásöngvarinn sem fannst í N-Evrópu haustið 2002 birtist á eyjunni Öland í Svíþjóð þann 19. ágúst og í kjölfarið fylgdu þrír á Bretlandseyjum, þar sem einungis þrír trjásöngvarar höfðu sést áður. Fimmti trjásöngvari

1. tafla. Fjöldi athugana á fjórum tegundum *Hippolais*-söngvara í Evrópu til októberloka 2004. – *Observations of Hippolais warblers in Europe to end of October 2004.*

	<i>H. opaca</i>	<i>H. opaca</i> eða/or <i>pallida</i>	<i>H. pallida</i> ssp.	<i>elaeica</i>	<i>H. rama</i>	<i>H. caligata</i> <i>rama</i>	<i>H. caligata</i>	Heimild – Reference
Ísland					1			Þessi grein – This article
Noregur			1*		1*		10	Vegard Bunes
Svíþjóð	1			2+1*	2		13	Christian Cederroth
Finnland			1	2			V	Visa Rauste
Bretland			7	4	8		94	Colin Bradshaw
Írland			2		1		3*	Paul Milne
Þýskaland				3	1*		~5	Peter H. Barthel
Holland						1	11	Roland van der Vliet
Belgía						1	10	Laurent Raty
Lúxembúrg								Patric Lorgé
Sviss							2	Bernard Volet
Frakkland	1	2	2	1		1	5	Yann Kolbeinsson
Spánn	V						1	Ricard Gutiérrez
Portúgal	V							Gonçalo Elias
Ítalía			10				1	Giancarlo Fracasso
Malta	7	15						John Attard Montalto
Ungverjaland				V				Tibor Hadarics
Samtals – Total	9	17	24	13	12	3	152	

* Ósamþykktar athuganir – *Unaccepted records.*

V = Varþugl – *Breeding.*

haustsins 2002 fannst síðan á Íslandi (Svensson & Millington 2002). Í árslok 2004 höfðu alls 12 trjá-söngvarar verið samþykktir sem flækingar í Evrópu og tvær athuganir biðu umfjöllunar flækingsfuglanefnda viðkomandi landa (1. tafla).

Greiningareinkenni

Tegundaákvörðun margra *Hippolais* söngvara krefst mikillar þjálfunar. Erfitt getur reynst að greina á milli sumra tegunda innan ættkvíslarinnar og í sumum tilvikum einnig frá söngvurum af ættkvíslinni *Acro-*

2. tafla. Mælingar á fjórum tegundum söngvara af ættkvíslinni *Hippolais* (Svensson 2001). Öll mál eru í mm, meðaltöl í svigum og N táknar sýnastærð. Mælingar þar sem íslenski fuglinn fellur inn í eru feitletraðar. – *Measurements of four species of Hippolais warblers from Svensson (2001). All measurements in mm, averages in parentheses and N denotes sample size. Bold figures refer to measurements that fit the Icelandic bird.*

Tegund Species	Kyn Sex	Vænglengd Wing length	N N	Stéllengd Tail length	N N	Hlutfall vængur/stél Wing/tail ratio	N N
<i>H. p. elaeica</i>	♂	64-72 (67,4)	131	46-56,5 (51,9)	131	67,6-83,3 (77,2)	196
	♀	62-69 (65,5)	38	46-55 (50,6)	39		
<i>H. opaca</i>	♂	64,5-74 (70)	46	52,5-61,5 (59,8)	44	75,3-90,2 (81,5)	84
	♀	63,5-71,5 (68,3)	23	51-58 (55,1)	23		
<i>H. rama</i>	♂	59-66 (62,0)	115	47-57 (52,9)	117	78,1-93,2 (85,5)	197
	♀	57-63 (60,2)	31	49-55,5 (51,6)	30		
<i>H. caligata</i>	♂	57-65 (61,5)	120	40-51 (47,3)	120	68,9-82,1 (77,0)	232
	♀	56-63,5 (59,8)	54	42-49 (46,4)	53		
<i>H. rama*</i>	?	64	1	52,5	1	82	1

* Íslenski fuglinn – *The Icelandic bird.*

3. tafla. Mælingar á fjórum tegundum söngvara af ættkvíslinni *Hippolais* (Svensson 2001). Öll mál eru í mm, meðaltöl í svigum og N táknar sýnastærð. Mælingar þar sem íslenski fuglinn fellur inn í eru feitletraðar. Mælingaraðferðir skv. Svensson (1992) eru auðkenndar með s og f. – *Measurements of four species of Hippolais warblers from Svensson (2001). All measurements in mm, averages in parentheses and N denotes sample size. Bold figures refer to measurements that fit the Icelandic bird. Measurement techniques (s, f) according to Svensson (1992).*

Tegund Species	Ristarlengd Tarsus length	N N	Neflengd (s) Bill length (s)	N N	Nefhæð (f) Bill depth (f)	N N	Nefbreidd (f) Bill width (f)	N N
<i>H. p. elaeica</i>	19-21,8 (20,8)	137	14,1-17,5 (15,9)	198	2,6-3,6 (3,2)	178	3,6-4,9 (4,2)	185
<i>H. opaca</i>	21-24,2 (22,5)	81	16,4-18,9 (17,6)	83	2,8-3,7 (3,3)	80	4,6-5,5 (5,0)	81
<i>H. rama</i>	18,5-21,9 (20,4)	183	14,1-16,5 (15,1)	193	2,5-3,3 (2,8)	180	3,2-4,6 (4,0)	186
<i>H. caligata</i>	17,5-21,3 (19,7)	189	12-14,5 (13,4)	220	2,4-3,3 (2,8)	197	3,2-4,3 (3,6)	209
<i>H. rama*</i>	21	1	16	1	2,8	1	3,8	1

* Íslenski fuglinn – *The Icelandic bird.*

4. tafla. Mælingar á fjórum tegundum söngvara af ættkvíslinni *Hippolais* (Svensson 2001). Öll mál eru í mm og meðaltöl í svigum. Mælingar þar sem íslenski fuglinn fellur inn í eru feitletraðar. P merkir handflugfjöður og eru þær númeraðar inn eftir væng. S merkir armflugfjöður (númeraðar inn eftir væng) og PC merkir handflugfjaðrapökur. – *Measurements of four species of Hippolais warblers from Svensson (2001). All measurements in mm, averages in parentheses and N denotes sample size. Bold figures refer to measurements that fit the Icelandic bird. Measurement techniques and wing terminology according to Svensson (1992).*

Tegund Species	P1>PC P1>PC	P2<vængendi P2<wingtip	P6<vængendi P6<wingtip	P10<vængendi P10<wingtip	S1<vængendi S1<wingtip	P1<P2 P1<P2
<i>H. p. elaeica</i>	1,5-7,5	2,5-7	2-6,5	11-15,5 (12,9)	13-18 (14,9)	26,5-33 (30,4)
<i>H. opaca</i>	4-9,5	5-8,0	1,5-4,5	11-16 (13,0)	13-18 (15,1)	25-31,5 (28,6)
<i>H. rama</i>	3,5-10	3,5-8	0,5-4	6,5-12 (9,4)	9-13,5 (11,1)	20-27 (24,1)
<i>H. caligata</i>	2-8,0	2-7,0	1-5,0	8-13,5 (10,4)	9-15 (11,9)	21-29 (25)
<i>H. rama*</i>	5,5	6	3	11,5	12	24

* Íslenski fuglinn – *The Icelandic bird.*

cephalus, sérstaklega elrisöngvara *A. dumetorum*, austrænum sefsöngvara *A. scirpaceus fuscus* og selju-söngvara *A. palustris*. Vegna þess hversu líkar tegundirnar eru í náttúrunni verður hér einungis farið yfir helstu greiningaratriði sem stuðst er við, þegar fuglar þessir eru í hendi.

Til að ákvarða hvort um söngvara af ættkvíslinni *Acrocephalus* eða *Hippolais* er að ræða, má kanna lengd 1. handflugfjaðrar (P1) á móti lengd handflugfjaðrapaka (PC). Á *Acrocephalus* söngvurum er P1 styttri en PC. Þessu er öfugt farið hjá *Hippolais* söngvurum sem auk þessa einkennis hafa þverstíðara stél, oft hvíta stéljaðra og ljósara yfirbragð (Svensson 1992).

Pau einkenni sem öruggast er að styðjast við eru nákvæmar mælingar á ýmsum líkamshlutum fuglanna. Þær tegundir sem líkastar eru trjásöngvaranum að stærð og lögun eru fölsöngvari, hrímsöngvari *H. opaca* og glapsöngvari (2.-4. tafla). Ljóst er eftir samanburð að mælingar á söngvaranum frá Jaðri passa best við trjásöngvara.

Umræða

Í ljósi varpútbreiðslu trjásöngvara og tíðni í Evrópu var koma tegundarinnar til Íslands mjög óvænt. Vegna þess hve sjaldgæf og torgreind tegundin er þykir rétt að ræða stuttlega um greiningu íslenska fuglsins. Hér að framan hefur verið sýnt fram á að mælingar á íslenska fuglinum passa best við mælingar á trjásöngvurum. Virðist samkvæmt töflunum sem mest hætta sé á að rugla saman trjásöngvara og fölsöngvara af deilitegundinni *elaeica*. Vil ég því sérstaklega benda á lengdarmuninn á P1 og P2, en hann er 24 mm á íslenska fuglinum. Svensson (2001) segir að útiloka megi fölsöngvara af deilitegundinni *elaeica* með 96% öryggi sé þessi munur 26 mm eða minni. Skerðing (e. *emargination*) á P6 á íslenska fuglinum var mjög lítil sem mun vera fremur sjaldgæft á trjásöngvurum (Svensson 2001). Þá hafði íslenski fuglinn fremur lítinn hvítan lit á innri fönum ystu stélfjaðra samanborið við marga trjásöngvara (Svensson 2003).

Hér ber þó að nefna að öðrum deilitegundum fölsöngvara hefur verið sleppt í samanburðinum hér að framan. Ein þeirra, *H. p. pallida*, getur verið svo lík trjásöngvara að hún verði ekki greind frá honum á útliti. Sem dæmi má nefna að í náttúrugripasafninu í Tring í Bretlandi fundust þrír hamir söngvara sem merktir voru fölsöngvarar af deilitegundinni *elaeica*, en mælingar bentu fremur til trjásöngvara. Einum þessara fugla hafði t.a.m. verið safnað í Eritreu í Afríku, en trjásöngvarar eru ekki þekktir þaðan. Vegna greiningarvandamála við *H. p. pallida* var erfðaeftni úr fjöðrum fuglanna magnað upp og raðgreint. Niðurstaðan var sú að allir fuglarnir voru trjásöngvarar og þar með fékkst fyrsta staðfesting fyrir veru trjásöngvara í Afríku (Pearson o.fl. 2004). Þá er einnig hamur af söngvara í safninu í Tring sem ekki er greinanlegur með vissu (Pearson o.fl. 2004).

Svensson (2001) rannsakaði þennan ham og taldi hann best greindan sem „hugsanlegan trjásöngvara“.

Áhugavert væri að rannsaka erfðafræðilegan skyldleika okkar fugls við aðra trjásöngvara sem rannsakaðir hafa verið í þessu tilliti. Slík rannsókn hefur m.a. farið fram á öðrum tveggja trjásöngvara sem fundist hafa í Svíþjóð (Svensson & Millington 2002).

ÞAKKIR

Ég vil sérstaklega þakka Lars Svensson fyrir að gefa sér tíma til að skoða myndir og mælingar af trjásöngvaranum frá Jaðri. Án hans umsagnar hefði fuglinn vart verið greindur af öryggi. Hann teiknaði einnig útbreiðslukortið á blaðsíðu 66 sérstaklega fyrir þessa grein. Þeir Vegard Bunes, Noregi; Christian Cederroth, Svíþjóð; Visa Rauste, Finnlandi; Colin Bradshaw, Bretlandi; Paul Milne, Írlandi; Peter H. Barthel, Þýskalandi; Roland van der Vliet, Hollandi; Laurent Raty, Belgíu; Patric Lorgé, Lúxembúrg; Bernard Volet, Sviss; Ricard Gutiérrez, Spáni; Goncalo Elias, Portúgal; Giancarlo Fracasso, Ítalíu; John Attard Montalto, Möltu og Tibor Hadarics, Ungverjalandi fá bestu þakkir fyrir upplýsingar um stöðu *Hippolais* söngvara í heimalöndum sínum. Þá vil ég þakka þeim Daníel Bergmann og Guðmundi A. Guðmundssyni fyrir yfirlestur og góðar ábendingar.

HEIMILDIR

- Helbig, A.J. & I. Seibold 1999. Molecular Phylogeny of Palearctic-African *Acrocephalus* and *Hippolais* Warblers (Aves: Sylviidae). – Molecular Phylogenetics and Evolution 11: 246-260.
- Pearson, D.J., J.S. Ash & S. Bensch 2004. The identity of some *Hippolais* specimens from Eritrea and the United Arab Emirates examined by mtDNA analyses: a record of Sykes's Warbler *H. rama* in Africa. – Ibis 146: 683-684.
- Svensson, L. 1992. Identification Guide to European Passerines. 4. útgáfa. – Stockholm.
- Svensson, L. 2001. Identification of Western & Eastern Olivaceous Warblers and Booted & Sykes's Warblers. – Birding World 14: 192-219.
- Svensson, L. 2003. *Hippolais* update: identification of Booted and Sykes's Warblers. – Birding World 16: 470-474.
- Svensson, L & R. Millington 2002. Field identification of Sykes's Warbler. – Birding World 15: 381-382.

SUMMARY

First record of Sykes's Warbler in Iceland

Sykes's Warbler *Hippolais rama* was found in Iceland for the first time on 14 September 2002, following a small influx of the species to NW-Europe. The bird was collected for identification and is preserved at the Icelandic Institute of Natural History. The identification of the bird is discussed in comparison with related species of the genus *Hippolais*. It should be noted that Lars Svensson gave a confirmation of the bird's identity that resulted in its acceptance by the Icelandic Rarities Committee.

Gunnar Þór Hallgrímsson, Líffræðistofnun Háskólans / Institute of Biology, University of Iceland, ASKJA, Sturlugata 7, 101 Reykjavík (gunnih@hi.is).

Tilvitnun:

Gunnar Þór Hallgrímsson 2005. Óvænt koma trjásöngvara til Íslands. – Blíki 26: 65-68.

Lensusöngvari fundinn á Íslandi

Þann 9. október 1983 náði Hálf dán Björnsson litlum söngvara á Kvískerjum í Örafum sem hann taldi vera engisöngvara. Tegundin var síðar samþykkt af Flækingsfuglanefndinni og birt í skýrslu um sjaldgæfa fugla. Á haustmánuðum 2004 kom hins vegar í ljós að fuglinn var rangt greindur og að um lensusöngvara var að ræða. Þetta er í fyrsta sinn sem lensusöngvara verður vart á Íslandi en tegundin verpur í Asíu.

Inngangur

Þann 9. október 1983 sá Hálf dán Björnsson lítinn og mjög felugjarnan fugl í brekkunni ofan við Kvísker í Örafum. Fuglinn var safnað til frekari greiningar og er varðveittur á Náttúrufræðistofnun Íslands (RM8280).

Mikil rigningaveður höfðu verið nokkrum dögum áður og líklegt að fuglinn hafi borist með þeim til landsins. Hálf dán taldi fuglinn vera engisöngvara *Locustella naevia* og var hann birtur sem slíkur í ársyfirliti um sjaldgæfa fugla í Blika 4 (Gunnlaugur Pétursson & Erling Ólafsson 1985). Engisöngvari hafði þá einungis fundist einu sinni áður á Íslandi, nánar til tekið 19. maí 1951 við Kvísker í Örafum (Gunnlaugur Pétursson & Gunnlaugur Þráinsson 1999).

Það var síðan í nóvember 2004 að Gunnar Þór Hallgrímsson var að grúska í hamasafni Náttúrufræðistofnunar og rak þá augun í ham söngvarans frá 1983. Lá hann við hliðina á engisöngvaranum sem fannst 1951 og var mikill munur á útliti þeirra. Við nánari skoðun varð ljóst að söngvarinn frá 1983 var ekki engisöngvari heldur lensusöngvari *Locustella lanceolata* og er þetta í fyrsta sinn sem tegundarinnar verður vart

hérlandis. Athugun þessi hefur fengið viðeigandi umfjöllun hjá Flækingsfuglanefndinni og hefur nú verið samþykkt.

Útbreiðsla og lýsing

Lensusöngvarar (1. mynd) eru mjög austrænir og ná varpheimkynnin frá Úralfjöllum austur til Aleutaeýja í N-Ameríku (Tobish 1985). Þá hafa þeir vetursetu í SA-Asíu (Svensson o.fl. 1999).

Lensusöngvarar eru litlir eða aðeins um 12 cm að lengd og að jafnaði um 12 g að þyngd. Þeir eru brúnrákóttir á lit og hafa á sumrin áberandi rákir eða doppel á framhálsi, bringu, síðum og undirstélþökum. Sumarbúningur engisöngvarans er nokkuð svipaður nema að hann er rákalaus að neðan, nema á undirstélþökum. Ungfuglar eru þó nokkuð torgreindari. Helstu atriði sem nota má við greiningu þeirra eru stærð, litamynstur á alnarfjöðrum, lögun ráka á baki, undirstélþökum og bringu auk fjarlægðar milli vængenda og enda alnarfjæðra á aðfelldum væng. Þá eru ýmsar aðrar mælingar á væng sem einnig má styðjast við (Svensson 1992, Svensson o.fl. 1999).



1. mynd. Lensusöngvari *Locustella lanceolata*, Fedje í Noregi, þann 15. október 2003. – Frode Falkenberg.

Umræða

Það vekur athygli að fugl sem náðist og var síðan samþykktur af Flækingsfuglanefnd skuli vera rangt ákvarðaður. Áðstæður þessa má m.a. rekja til starfsaðferða á fyrri árum Flækingsfuglanefndar (1980-1990) en þá þótti nægjanleg sönnun að hamur fugls væri til staðar og greining hans til tegundar byggði iðulega á athugun eins manns. Því fjallaði nefndin á þessum tíma yfirleitt ekki sérstaklega um greiningar á hömum sjaldgæfra fugla (Gunnlaugur Pétursson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson, munnl. uppl.). Fram til þessa hafa þó rangt ákvarðaðir hamir frá þessum árum reynst vera fáir og teljandi á fingrum annarrar handar.

ÞAKKIR

Við viljum þakka Frode Falkenberg fyrir afnot af ljósmynd. Þá þökkum við Gunnlaugi Péturssyni og Kristni Hauki Skarphéðinssyni fyrir yfirlestur og góðar ábendingar.

HEIMILDIR

Gunnlaugur Pétursson & Erling Ólafsson. 1985. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1983. – Bliki 4: 13-39.

Gunnlaugur Pétursson & Gunnlaugur Práinsson. 1999. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi fyrir 1981. – Fjölrít Náttúrufræðistofnunar 37. 246 bls.

Svensson, L. 1992. Identification Guide to European Passerines. – Stockholm.

Svensson, L., P.J. Grant, K. Mullarney & D. Zetterström. 1999. Collins Bird Guide. – HarperCollins Ltd. London.

Tobish T.G. 1985. The First Record of *Locustella lanceolata* for North America. – Auk 102: 645.

SUMMARY

First record of Lanceolated Warbler in Iceland

On 9 October 1983 a *Locustella* warbler was caught at Kvísker in Örafi, SE-Iceland. The specimen which is preserved at the Icelandic Institute of Natural History (RM8280) was identified as Grasshopper Warbler *L. naevia* and the record accepted by the Rarities Committee and published in *Bliki* 4:24. In autumn 2004 the specimen was reidentified and consequently re-evaluated and accepted by the Rarities Committee as the first Lanceolated Warbler *L. lanceolata* for Iceland.

Gunnar Þór Hallgrímsson, Líffræðistofnun Háskólans / Institute of Biology, University of Iceland, ASKJA, Sturlugata 7, 101 Reykjavík (gunnih@hi.is).

Hálfmán Björnsson, Kvískerjum, Örafum, 785 Fagurhólsmýri.

Tilvitnun:

Gunnar Þór Hallgrímsson & Hálfmán Björnsson 2005. Lensusöngvari fundinn á Íslandi. – Bliki 26: 69-70.

Kynblendingur grágæsar og helsingja kemst á legg

Í júlí 1999 var Hallgrímur Gunnarsson á siglingu um Meðalfellsvatn í Kjós þegar hann sá helsingja *Branta leucopsis* og grágæs *Anser anser* saman í hólma við vesturenda vatnsins. Við nánari athugun kom hann einnig auga á dúnunga með þeim en gat ekki skoðað fuglana nánar þar sem hann var kíkislaus. Þar sem helsingjar eru mjög sjaldgæfir varpfuglar á Íslandi og kynblöndun þessara tegunda hefur ekki verið staðfest hérlendis þótti undirrituðum áhugavert að athuga hvort möguleiki væri á að sjá hvort ungin bær einhver merki þess að vera blendingur.

Þann 5. ágúst fór ég að Meðalfellsvatni og skoðaði parið og ungann með fjarsjá frá bakkanum. Erfitt var að greina smáatriði en sá þó að ungin hafði ljósan vanga og ljósar undirstélpökur. Einnig þóttist ég merkja að ungin væri gráleitari en venjulegur grágæsarungi þó enginn samanburður hafi verið til staðar.

Ekkert spurðist til parsins né ungans þar til 18. október sama ár þegar undirritaður var á ferð um Hvalfjörð ásamt Yann Kolbeinssyni. Sáum við hóp af grágæsum við Laxárós í Laxárvogi og við nánari athugun var þar einnig helsingi og kynblendingur grágæsar og helsingja. Færið var langt en sammældumst athugendur um að ekki þyrfti mikið til að

misgreina fuglinn sem kanadagæs *Branta canadensis*. Þó var greinilegt að útbreiðsla hvíta litarins var meiri en gengur og gerist hjá kanadagæsum og var t.a.m. lítill ljós taumur ofan við auga.

Ekki er vitað til þess að grágæs og helsingi hafi áður komið upp unga hérlendis en helsingi hefur sést í slagtoppi með grágæsum (Benedikt Þorsteinsson o.fl. 1991) og setið vörð um grágæs á hreiðri (Bjartmar Guðmundsson 1936). Blendingar þessara tegunda eru þekktir úr dýragörðum erlendis frá. Fleiri afbrigði af kynblöndun gæsa af ættkvíslunum *Branta* og *Anser* eru þekkt og má þar helst nefna grágæs og kanadagæs, en villtir einstaklingar þessara tegunda blandast nokkuð títt sumsstaðar.

HEIMILDIR

Benedikt Þorsteinsson, Elínborg Páldóttir & Ævar Petersen 1991.

Helsingi í slagtoppi með grágæsum. – Bliki 10: 12-14.

Bjartmar Guðmundsson 1936. Stóra grágæs og helsingi í „hjúskaparstandi“. – Náttúrufræðingurinn 6: 154-156.

Gunnar Þór Hallgrímsson.

Íslenskur sílamáfur finnst á Puerto Rico

Ein þriggja skilgreindra deilitegunda sílamáfs *Larus fuscus graellsii* er varpfugl á Íslandi, Færeyjum, Bretlandseyjum, Hollandi, Frakklandi og á Íberíuskaga. Einnig verpur þessi deilitegund í litlum mæli á Grænlandi (Calladine 2004). Sílamáfar þessir eru farfuglar að töluverðum hluta og hafa merkingar sýnt að vetrarheimkynni farfuglanna eru aðallega á vestanverðum Íberíuskaga en einnig nokkuð í V-Frakklandi, S-Spáni og NV-Afríku (Rock 2002).

Árið 1995 hófst litmerkingaátak á íslenskum sílamáfum og hafa tæplega 1000 fuglar verið merktir fram til þessa. Álestrar af þessum litmerktu fuglum hafa skilað miklum upplýsingum um ferðir og vetrarstöðvar tegundarinnar og hafa flestir fuglanna komið fram á hefðbundnum vetrarstöðvum. Úrvinnsla þessara gagna stendur yfir og munu niðurstöðurnar birtast lesendum *Blika* innan tíðar. Einn álestur úr þessu verkefni sker sig frá hinum og þótti rétt að gera sérstaklega grein fyrir honum hér.

Þann 29. júlí 2002 merkti Hallgrímur V. Gunnarsson ófleygan sílamáfsunga á Garðaholti í Garðabæ. Fuglinn fékk hefðbundið stálmerki en einnig bláan plasthring með svörtum stöfum. Ekkert spurðist til fuglsins fyrr en Sergio A. Colon Lopez rakst á hann í Rio Grande de Areabo á Puerto Rico þann 16. nóvember sama ár. Ljósmynd náðist af fuglinum og sést þar glitta í bláan plasthringinn (1. mynd). Þetta mun vera í fyrsta skiptið sem íslenskur sílamáfur finnst vestan Atlantshafs.

Sílamáfa varð fyrst vart að vetri til í N-Ameríku árið 1934 og fjölgaði fuglum sem þar sáust fram á miðjan 8. áratuginn þegar sprenging varð í fjölda þeirra. Nú finnast sílamáfar í auknum mæli á veturna við austurstönd N-Ameríku frá Nýfundnalandi suður til Flórída. Þá hefur þeirra orðið vart suður til Texas, vestur til Kaliforníu, og norður til Alaska. Flestir fuglanna sem sjást í N-Ameríku eru af deilitegundinni *graellsii* en einnig hefur fugla af deilitegundinni *intermedius* orðið vart (Olsen 2002). Í Mið-Ameríku virðast sílamáfar vera reglulegir en ekki algengir (Focus on Nature Tours 2005). Það er því athyglisvert að fyrsti íslenski sílamáfurinn sem finnst vestanhafs skuli vera í Mið-Ameríku.

Fjölgun sílamáfa í N-Ameríku passar vel við fjölgun sílamáfa á Miðnesheiði en þar er lang stærsta sílamáfsvarp landsins. Á Miðnesheiði hófst varp árið 1958 og var stofninn

talinn vera kominn í 1-2 þúsund pör um 1975. Þá hófst mikil fjölgun og taldi stofninn tæplega 25 þúsund varppör um 1990 (Páll Hersteinsson 2000). Vegna landfræðilegrar staðsetningar Íslands auk fyrrnefnds samræmis í fjölgun máfanna má telja líklegt að töluverður hluti þeirra sílamáfa sem dvelur í N-Ameríku á veturna séu ættaðir frá Íslandi.

HEIMILDIR

Calladine, J. 2004. Lesser Black-backed Gull *Larus fuscus*. – Bls. 226-241 í: Mitchell, P.I., S.F. Newton, N. Ratcliffe, & T.E. Dunn (ritstj.): Seabird Populations of Britain and Ireland. T&A.D. Poyser, London.

Focus on Nature Tours 2005. <http://www.focusonnature.com/PuertoRicoTourHighlights.htm>. Skoðað 15. janúar 2005.

Olsen, K.M. & H. Larsson. 2002. Gulls of Europe, Asia and North America. – Helm, London, 608 bls.

Páll Hersteinsson. 2000. Varpstofn sílamáfs á Miðnesheiði árið 2000. – RITVERK sf, 9 bls.

Rock, P. 2002. Lesser Black-backed Gull. – Bls. 365-368 í: Wernham, C., M. Thomas, J. Marchant, J. Clark, G. Siriwardena & S. Baillie (ritstj.): The Migration Atlas – Movements of the Birds of Britain and Ireland. T&A.D. Poyser, London.

SUMMARY

Icelandic Lesser Black-backed Gull in Puerto Rico

The first record of an Icelandic ringed Lesser Black-backed Gull *Larus fuscus graellsii* in America is discussed. A colour-ringed juvenile from SW-Iceland in July 2002 was resighted in Puerto Rico in November the same year. The dramatic increase in numbers of Lesser Black-backed Gulls wintering in N-America in recent years corresponds well to the trend of the Icelandic breeding population.

Hallgrímur V. Gunnarsson, Víðihlíð 22, 105 Reykjavík (hallgrimur@glorborg.is).

Gunnar Þór Hallgrímsson, Líffræðistofnun Háskólans, ASKJA, Sturlugata 7, 101 Reykjavík (gunnih@hi.is).



1. mynd. Íslenskur sílamáfur *Larus fuscus graellsii* á Rio Grande de Areabo, Puerto Rico 16. nóvember 2002. Á vinstra fæti má sjá glitta í blátt plastmerki. – Rafael Joglar.

Drukknar sedrustoppur?

Sedrustoppur *Bombacilla cedrorum* eru amerískir spörfuglar skyldir silkitoppum *B. garrulus* sem eru íslenskum fuglaskoðurum vel kunnar. Á heimasíðu fugladeildar Cornell háskóla í Bandaríkjunum má finna áhugaverðar upplýsingar um sedrustoppur. Þar segir m.a. að á sjöunda ártug síðustu aldar hafi farið að bera á sedrustoppum með appelsínugula stélenda í stað gulra. Nú er ljóst að litur þessi stafar af berjum toppa *Lonicera* sem fuglarnir éta meðan stélfjaðrirnar vaxa. Þá er þess getið að sedrustoppur séu sérhæfðar berjaætur og geti lifað á þeim einum mánuðum saman. Hins vegar geta berin gerjast og orðið áfeng sem leiðir til þess að drukknar sedrustoppur sjást fljúga stefnulaust um og jafnvel detta niður úr trjám. Sumar ná að sofa vímunu úr sér en aðrar deyja.

Gunnar Þór Hallgrímsson.

Fuglagáta – Mystery photograph

14 Í síðustu fuglagátu (sjá Blika 25: 72) sést aftan á fugl, sem stendur í fjöru- eða vatnsborði. Við getum strax útilokað máfa, því þeir eru ýmist hvítir, gráir eða svartir á bakinu og yfirleitt alhvítir á höfði eða með svarta, brúna eða gráa hettu. Ungir máfar hafa reyndar baklit sem svipar til litarins á fuglinum, en enginn þeirra hefur fjaðrir með rauðum eða rauðgulum lit í. Þetta er því að öllum líkindum einhver vaðfugl. Við sjáum ekki hvort hann hefur langar lappir eða stuttar, þannig að við verðum að eingöngu að notast við lit fuglsins.

Lóur koma ekki til greina. Sandlóa er brúnleita og jafnlit á baki og heiðlóa hefur ekki svona rauðleita fjaðrajaðra. Stelkur eru heldur ekki svona grófrákóttur á baki og ekki svona rauðleitur heldur. Sama má segja um spóa og hann er líka langrákóttur hálsi. Jaðrakan er ryðrauðari á hálsinum svo ekki kemur hann til greina. Hrossagaukur og flækingsfuglar skyldir honum, s.s. dvergsnípa, hafa hvítar eða gulleitar langrákir á baki og skógarsnípa hefur þverrákir á höfði. Þessar tegundir eru auk þess ekki ljósar á kviði. Fuglinn er heldur ekki óðinshani, en hann hefur gulleitar langrákir á baki í sumarþúningi og rauða bletti á hálsinum. Þórshani kemur ekki til greina, m.a. vegna höfuðmynsturs. Ekki er fuglinn tildra, því hún eru mun dekkri á baki í vetrarþúningi og með rauðar og breiðar langrákir á baki í sumarþúningi.



Fuglagáta nr. 14. Sanderla *Calidris alba*. Sjá einnig Blika 25: 72. – Daníel Bergmann.



Sanderla *Calidris alba* í Sandgerði, 17. maí 2004. Sami fugl og hér að ofan. – Daníel Bergmann.

Þá er eiginlega ekkert eftir af vaðfuglum nema títur (tegundir af ættkvíslinni *Calidris* og skyldar tegundir). Hér getur verið úr vöndu að ráða, enda margar tíutegundir afar líkar hver annarri. Nú verðum við að grípa til einherrar sæmilegrar greiningarbókar um fugla, svo sem *Collins Bird Guide* eftir þá Mullarney, Svenson, Zetterstöm og Grant. Í þeirri bók eru sýndir mismunandi þúningar vaðfugla eftir árstímum, enda vitum við ekki á hvaða árstíma myndin af fuglinum var tekin.

Við byrjum á því að gera ráð fyrir að fuglinn sé íslenskur varpfugl eða algengur umferðarfugl hér. Þá er um að ræða rauðbrysting, sanderlu, sendling og lóupræl. Við getum strax útilokað sendling, enda eru þeir dekkri á baki og höfði en fuglinn á myndinni og hafa ekki svona rauða fjaðrajaðra á bakinu. Rauðbrystingur er rauður á kvið í sumarþúningi og jafngrár á baki í vetrarþúningi svo ekki er þetta hann. Lóupræll hefur skýrari langrákir á baki, er dekkri höfði og jafnlitari á baki og vængjum í öllum þúningum svo útiloka má þá tegund. Þá er ekkert eftir nema sanderla, enda er það tegundin sem við erum að leita að. Samkvæmt teikningum í ofangreindri bók lítur fuglinn á myndinni einna helst út fyrir að vera fugl að vori (apríl-maí), sem er að skipta yfir í sumarþúning. Takið eftir nokkrum algráum fjöðrum á vængþökunum.


Af erlendum flækingsfuglum sem rugla má saman við sanderlu kemur veimiltíta einna helst til greina, en ég læt lesendur um að útiloka þá tegund með hjálp títtnefndrar bókar. Takið eftir að það sjást engar langrákir á baki sanderlunnar, en veimiltítur hafa tvær nokkuð áberandi ljósar langrákir á baki. – Gunnlaugur Pétursson.

Að þessu sinni var fuglagátan líklega í léttari kantinum, þó mörgum finnst vaðfuglar fremur torgreindir. Ritstjórn Blika bárust samt einungis fimm úrlausnir. Þrír greindu fuglinn rétt og töldu hann vera sanderlu, einn taldi hann vera tildru og einn vera lóupræl. Dregið var úr réttum svörum og fær Jón G. Ásgeirsson, Reykjavík, þetta eintak af Blika sent án endurgjalds. Ritstjórn hvetur lesendur Blika til að taka þátt í leiknum með okkur og greina tegundina á myndinni hér að neðan. Skrifðu nafn tegundarinnar og nafn ykkar á blað og sendið til Blika, Náttúrufræðistofnun Íslands, pósthólf 5320, 125 Reykjavík, merkt „Fuglagáta 15“ eða skrifið okkur tölvupóst (bliki@ni.is). – Ritstjóri.



Fuglagáta nr. 15. Greinið tegundina. – Mystery photograph no. 15. Identify the species.





EFNI

Tómas G. Gunnarsson & Arnþór Garðarsson: Varpstaðaval álfta	1
Róbert Arnar Stefánsson & Sigrún Bjarnadóttir: Útbreiðsla glókolls á Vesturlandi	5
Daníel Bergmann: Að fanga augnablikið	11
Arnþór Garðarsson: Súlubygðir 1999 og framvinda þeirra	17
Yann Kolbeinsson, Gunnlaugur Práinsson & Gunnlaugur Pétursson: Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 2002	21
Daníel Bergmann: Eyrugla verpur á Íslandi	47
Gunnar Þór Hallgrímsson, Ron W. Summers & Brian Etheridge: Sendlingar merktir á Íslandi finnast í V-Evrópu	51
Gunnar Þór Hallgrímsson: Fyrsti fundur auðnalóu á Íslandi	54
Yann Kolbeinsson: Tvær nýjar andategundir á íslenska listann	57
Gunnar Þór Hallgrímsson: Nýr fugl – húmgali	61
Gunnar Þór Hallgrímsson: Óvænt koma trjásongvara til Íslands	65
Gunnar Þór Hallgrímsson & Hálf dán Björnsson: Lensuöngvari fundinn á Íslandi	69
Kúftittlingar með Lagarfossi	56
Þórshani verður skúmi að bráð	64
Kynblendingur grágæsar og helsingja kemst á legg ...	70
Íslenskur sílamáfur finnst á Puerto Rico	71
Drukknar sedrustoppur?	71
Fuglagáta	72

CONTENTS

Tómas G. Gunnarsson & Arnþór Garðarsson: Nest site selection of Whooper Swans <i>Cygnus cygnus</i>	1
Róbert Arnar Stefánsson & Sigrún Bjarnadóttir: The distribution of Goldcrest in W-Iceland	5
Daníel Bergmann: Capturing the decisive moment	11
Arnþór Garðarsson: Numbers of Northern Gannet <i>Morus bassanus</i> in Iceland 1999	17
Yann Kolbeinsson, Gunnlaugur Práinsson & Gunnlaugur Pétursson: Rare birds in Iceland in 2002	21
Daníel Bergmann: First confirmed breeding of Long-eared Owl in Iceland	47
Gunnar Þór Hallgrímsson, Ron W. Summers & Brian Etheridge: Icelandic colour-ringed Purple Sandpipers resighted on wintering grounds in Western-Europe	51
Gunnar Þór Hallgrímsson: First record of Greater Sand Plover in Iceland	54
Yann Kolbeinsson: First observations of Redhead and Lesser Scaup in Iceland	57
Gunnar Þór Hallgrímsson: First record of Thrush Nightingale in Iceland	61
Gunnar Þór Hallgrímsson: First record of Sykes's Warbler in Iceland	65
Gunnar Þór Hallgrímsson & Hálf dán Björnsson: First record of Lanceolated Warbler in Iceland	69
Miscellaneous	56, 64, 70, 71
Icelandic Lesser Black-backed Gull in Puerto Rico	71
Mystery photograph	72